

30–31
Huldufreyjur Dalrúnar



42–44
Grænni framtíð með grasagarðinum í Kew



54–55
Prufuakstur á Claas Arion 470

Bændablaðið
17. tölublað 2022 • Fimmtudagur 22. september • Blað nr. 618 • 28. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Fallegt fé dregið í dilka í Hauksstaðarétt í Vopnafirði. Rjómablíða var réttardaginn og létt yfir bændum og búaliði þrátt fyrir að staðkunnugir væru sammála um að heldur færra væri af fé þetta ár en undanfarin ár.
Mynd / ehg

Heimsmarkaðsverð hátt:

Endalaus tækifæri í kornrækt

Mikil bjartsýni ríkir um framtíð kornræktar hér á landi og segja þeir sem til þekkja ekkert því til fyrirstöðu að tvöfalda ræktunina á næstu árum, bæði til fóðurframleiðslu og manneldis. Auk þess sem hálmur er vannýttur.

„Uppskera á korni lítur mjög vel út," segir Björgvin Þór Harðarson, iðntæknifræðingur og bóndi, sem ræktar tveggja- og sexraða bygg, hveiti og nepju við Gunnarsholt á Rangárvöllum. „Ég er með bygg á um 80 hekturum og hveiti og nepju á um 40 hekturum hvora tegund."

Á von á góðri uppskeru

„Uppskeran var sein til í ár og ekki alveg tilbúin og stafar það líklega af köldum júlí. Vorið var gott og spírun og vorvöxtur góður og öxin fín og þéttleiki þeirra ágætur.

Ég geri ráð fyrir að byrja að þreskja í síðustu vikunni í september ef veður leyfir og ég á von á að fá milli 800 og 900 tonna uppskeru sem er mjög gott."

Björgvin segir að til að ná árangri í kornrækt hér á landi sé nauðsynlegt að vanda vel til verka í upphafi og fylgjast vel með vextinum og vera með réttu tækin. „Ég fylgist vel með ökrunum og úða plönturnar til að koma í veg fyrir sjúkdóma og illgresi því annars nær maður ekki árangri."

Að sögn Björgvins er ekki spurning um hvort auka eigi kornrækt í landinu. „Allt korn sem ég rækta er notað í eldi á grísum undan 200 gyltum og ef við gefum okkur að það séu ríflega 2.000 gyltur í landinu þá er ekki spurning um hvort það megi auka ræktunina.

Það eru einnig ónýttir möguleikar til ræktunar korns til manneldis en óvíst hvernig það yrði unnið og sett á markað og varla á færi einstakra bænda að standa fyrir því. Til að byrja með væri hægt að búa til viskí og bjór úr íslensku byggi og vinna sig áfram út frá því.

Heimsmarkaðsverð á korni byrjaði að hækka um síðustu aldamót þegar þrengja tók að ræktunarlandi í heiminum og það hefur margfaldast síðan þá. Innrás Rússa í Úkraínu olli áframhaldandi hækkun og ég á ekki von á að korn eigi eftir að lækka um meira en 15% þrátt fyrir að stríðið taki enda."

Björgvin segir að hann stefni að því að auka við kornræktina hjá sér um 150 til 200 hektara á komandi árum.

Hækkun verðs skapar tækifæri

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Ásafls, segir að hér á landi eftir áratugi þar sem kornrækt hefur verið í kringum 4.000 á hektara hafi með stórhækkuðu kornverði skapast tækifæri til að hefja nýja sókn og setja okkur markmið um að tvöfalda ræktunina á næstu fimm árum í að lágmarki 8.000 á hektara

„Verð á byggi er núna á bilinu 55 til 65 krónur fyrir kílóið í stað 35 til 40 krónur eins og það hefur verið og það gerbreytir afkomu ræktunarinnar og þar sem fátt bendir til annars en að hækkað verð á matvælum og hráefnum sé komið til að vera ætti að vera mjög áhugavert fyrir landeigendur að skoða möguleika á stóraukinni kornrækt hérlendis.

Yfirfært á hektara þá erum við að tala um tekjur af bygginu á bilinu 150 til 250 þúsund krónur á hektara á meðan kostnaðurinn við ræktunina og þurrkun gæti legið á bilinu 100 til 150 þúsund krónur. Ef jarðræktarstyrknum er bætt við á tekjuhliðina þá bætast við þar 30 til 35 þúsund krónur á hektara."

Finnbogi segir að miðað við þessar forsendur virðist vel mögulegt í meðalári að eiga 80 til 100 þúsund krónur á hektara í afgang og þá eru ótaldar tekjur af hálmi, sem er að hans mati stórlega vannýtt auðlind.

„Mín skoðun er að tvöföldun ræktunar sé fyllilega raunhæft markmið." */VH*

FRÉTTIR



Nýja Bændahöllin í Borgartúni. Mynd / VH

Bændasamtök Íslands:

BÍ og Bbl. flutt í Borgartún 25

Bændasamtök Íslands og Bændablaðið hafa flutt alla starfsemi sína í nýtt húsnæði að Borgartúni í Reykjavík. Þar með er hætt allri starfsemi samtakanna í Bændahöllinni við Hagatorg.

Nýja húsnæðið er í glæsilegu rúmlega 300 fermetra skrifstofuhúsnæði á fjórðu hæð að Borgartúni 25, 105 í Reykjavík.

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að flutningarnir marki ákveðin tímamót í sögu samtakanna enda hafa þau haft aðsetur á sama stað frá árinu 1965. „Með sameiningu aðildarfélaganna og Bændasamtakanna á síðasta ári, höfum við náð að efla samtökin til muna og ná meiri samvinnu og slagkrafti í starfsmannahópnum um verkefnin.“

Undanfarið hefur starfsfólk samtakanna og Bændablaðsins unnið að flutningum úr Bændahöllinni á nýja staðinn og að koma sér fyrir. Flutningarnir gengu vel og er starfsemi samtakanna komin í eðlilegt horf og vinnsla Bændablaðsins á fullt undir nýju þaki.

Með flutningunum lýkur um sextíu ára starfsemi Bændasamtakanna í Bændahöllinni og þrátt fyrir að margir munu sakna gamla vinnustaðarins eru starfsmenn jákvæðir út af breytingunum og hlakka til að takast á við ný verkefni í nýju húsnæði.

/VH

Alifuglaeldi:


Starfsleyfi Reykjagarðs framlengt

Umhverfisstofnun hefur framlengt starfsleyfi Reykjagarðs hf., Ásmundarstöðum, Ásahreppi.

Gildir það fyrir þéttbæru eldi alifugla, allt að 156.000 fuglastæðum holdakjúklinga og 23.000 fuglastæðum stofnhæna.

Umhverfisstofnun er heimilt að framlengja starfsleyfi rekstraraðila í samræmi við 4. mgr. 6. gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framlengingin á starfsleyfi er heimil til eins árs og mun gilda til 23. september 2023, eða þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

/VH



Yfirlit verkefna, styrkhafa og styrkupphæðir

Garðyrkja Umsækjandi	Verkefni	Styrkupphæð	Landshluti
BÍ	Erlendir garðyrkjuráðunautar	21.400.000	Allt landið
RML	Mygluspá fyrir garðyrkjubændur	4.810.080	Allt landið
RML	Kynnisferð til Danmerkur. Lífræn ræktun	1.359.750	Allt landið
Syðra Holt ehf.	Nýting lífr. áburðarefna úr nærsamfél. í lífr. garðyrkju	2.500.000	Norðurl.eystra
Landb.háskóli Ísl.	Áhrif lýsingar og CO2 á vöxt gróðurhúsatómata	6.000.000	Suðurland
		Samtals 36.069.830	
Nautgriparækt			
Landb.háskóli Ísl	Erfðastuðlar og erfðaþr. júgur- og spenaeiginl. ísl. kúastofnsins	2.900.000	Allt landið
RML	Rekstur kúabúa	4.783.000	Allt landið
RML	NorFor 2022	1.678.906	Allt landið
RML	Kyngreining á sæði	1.017.000	Allt landið
Landb.háskóli Ísl.	Beit mjólkurkúa í mjaltaþjónahúsi	3.372.500	Vesturland
Hvanneyrarbúið ehf.	Kúabelgir- uppskera og fóðurgildi einærra belgjurta	3.769.500	Vesturland
Sigríður Guðbj.d.	Heygæði við notkun sjálfbærra áburðargjafa	4.711.000	Vesturland
RML	Hjarðheilbrigði	4.348.800	Allt landið
RML	Áhrif mism.kjarnfóðurgjafar á vöxt holdablendinga	5.680.500	Allt landið
		Samtals 32.261.206	
Sauðfjárrækt			
RML Fjárvís.is,	Innlestur á riðuarfgerðum og arfgerðarspálíkan	6.000.000	Allt landið
Matís ehf.	Lambastress 2022 3.000.000	Höfuðb.sv, V-land, N-land eystra, S-land	
Landb.háskóli Ísl	Staðalþungi íslenskra áa	3.000.000	Allt landið
RML	Arfgerðargrein. fyrir sameiginlegt rækt.starf 2022-2023	400.000	Allt landið
Matís ohf.	Aukin afköst og bætt hagkvæmni í greiningum á riðugeni	5.000.000	Allt landið
RML	Arfgerðarrannsókn á íslenska sauðfjárstofninum	8.000.000	Allt landið
RML	Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2022	650.000	Allt landið
RML	Afkvæmarannsóknir bænda á hrútum 2022	3.500.000	Allt landið
Charl. Oddsd. - Keldur	Greining E. Coli stofna sem valda slefsýki og lambaskitu	3.000.000	Allt landið
RML	PMCA rannsóknir á næmi mism.PrP, arfgerða fyrir riðusmiti í ísl.sauðfé	3.800.000	Allt landið
Þórdís Þórarinsdóttir	Ræktun gegn riðu – hermirannsókn	3.000.000	Allt landið
Kynbótastöð ehf.	Styrkur til kaupa á hrútum með arfgerð gegn riðu	2.500.000	Allt landið
Kynbótastöð ehf.	Mismunandi sæðingatími með frystu hrútasæði	400.000	Allt landið
		Samtals 42.250.000	

Matvælaráðuneytið:

Úthlutun þróunarfjár búvörusamninga

Matvælaráðuneytið hefur gengið frá fyrri úthlutun þróunarfjár búvörusamninga á árinu 2022. Alls var úthlutað tæpum 111 milljónum króna til 27 verkefna.

Þrettán verkefni í sauðfjárrækt fengu styrki að upphæð 42,5 milljónir, níu í nautgriparækt að upphæð 32,3 milljónir, og fimm í garðyrkju að upphæð 36,1 milljón.

Þróunarfjármunum búgreina er úthlutað af matvælaráðuneytinu í samræmi við ákvæði búvörusamninga hverrar greinar og reglugerða um stuðning við viðkomandi grein.

Þeim er ætlað að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greinunum.

Fagráð búgreina sem starfa samkvæmt búnaðarlögum leggja mat á umsóknir og eru meðmæli þeirra forsenda styrkveitinga ráðuneytisins.

/VH

Dýrasjúkdómar:

Fuglaflensa greind í helsingjum

Fuglaflensu hefur verið vart í helsingjum á Suðausturlandi frá komu þeirra í vor. Flensan virðist hafa ágerst þegar líða tók á sumar og nokkur fjöldi tilkynninga um sjúka og dauða fugla á svæðinu.

Rannsókn á fugladauða fór fram dagana 22. og 23. ágúst 2022 og 5. og 6. september síðastliðinn. Gengið var um þéttbýl helsingjasvæði og einnig var notast við flygildi. Talningar voru framkvæmdar á fjölda lifandi fugla, sjúkra fugla og dauðra. Bráðabirgðaniðurstöður frá Náttúrustofu Suðausturlands staðfesta að flensan geisar enn á svæðinu. Í heildina hafi fundist 45 dauðir helsingjar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Náttúrustofan bendir á að það beri að túlka niðurstöðurnar varlega þar sem sveitarfélagið sé víðfeðmt og takmarkaður tími hafi verið fyrir hendi og ekki hafi tekist að meta umfangið nákvæmlega en verið er að rýna niðurstöðurnar, meðal annars út frá fjölda dauðra merktra helsingja.

Veiðitímabil helsingja hafið

Þann 10. september hófst veiðitímabil á helsingja í A- og V-Skaftafellssýslum. Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til veiðimanna að vera á varðbergi varðandi sjúka og dauða fugla. Í því sambandi bendir Umhverfisstofnun á síðu Matvælastofnunar þar sem finna má upplýsingar um fuglaflensu. Á síðunni má finna leiðbeiningar um hvað skal gera ef villtur fugl finnst dauður eða veikur og grunur er um fuglaflensu.



Helsingi. Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til veiðimanna að vera á varðbergi varðandi sjúka og dauða fugla. Mynd / wikipedia.org

Veiðimenn með veiðihunda og aðrir hundaeigendur eru hvattir til að hafa hunda sína í taumi svo þeir komist síður í snertingu við dauða fugla.

Vetursetur á Bretlandseyjum

Á Bretlandseyjum, vetrarstöðvum íslenska og grænlenska helsingjastofnsins, varð vart við töluverðan fugladauða vegna fuglaflensu veturinn 2021 til 2022.

Grænlenski farstofninn hefur viðkomu á Íslandi og við talningar á honum í vor á Norðvesturlandi benti ekki til þess að fuglaflensa hafi herjað illa á stofninn.

Hins vegar gáfu ábendingar frá almenningi og vísindamönnum um fjölda dauðra helsingja síðari part sumars 2022 vísbendingu um að íslenski varpstofninn á Suðausturlandi væri að fara illa út úr fuglaflensunni.

/VH

Birkifræ

@birkifræ #birkifræ

LANDSÁTAK Í SÖFNUN OG SÁNINGU BIRKIFRÆS



Klæðum landið birki!

Tökum Bonn-áskoruninni og breiðum út birki á

5% **landsins fyrir 2030**

(er nú 1,5%)

PAPPAÖSKJUR FYRIR FRÆIÐ FÆRÐU HJÁ:

BÓNUS & olís

Landgræðslan

skógræktin

LANDGRÆÐSLAN OG SKÓGRÆKTIN VINNA SAMAN AÐ ÁTAKI UM SÖFNUN OG SÁNINGU BIRKIFRÆS.
Bakhjarlar samstarfsins: BÓNUS, PRENTMET ODDI, OLÍS.
Samstarfsaðilar: Lions, Kvenfélagasamband Íslands, Landvernd, Skógræktarfélag Íslands, Kópavogsbær, Skógræktarfélag Kópavogs

Nánar á birkiskogur.is

FRÉTTIR



Frá athöfninni í skógarlundinum á Kirkjubæjarklaustri. Hafberg Þórisson, sem kenndur er við Lambhaga, Fanney Lárusdóttir, fulltrúi eigenda skógarins, Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands. Myndir / Pétur Halldórsson

Tré ársins:

Sitkagreni er hæsta tré landsins

Skógræktarfélag Íslands hefur tilnefnt hæsta tré landsins til heiðurstitilsins Tré ársins hjá félaginu árið 2022.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var viðstödd í skóginum á Kirkjubæjarklaustri þegar tréð var formlega útnefnt. Í fyrsta sinn frá því fyrir ísöld stendur nú þrjátíu metra hátt tré á Íslandi. Mæling sýnir tréð vera 30,15 metrar á hæð. Tréð sem um ræðir er sitkagreni sem var gróðursett árið 1949. Niðurstaða mælingarinnar er sú að tréð er fyrsta tréð sem hefur náð þrjátíu metra hæð á Íslandi frá því fyrir ísöld þegar hér uxu stórvaxnar trjátegundir sem náð gátu margra tuga metra hæð.

Ávarp forsætisráðherra

Í ávarpi sínu við tréð á Klaustri talaði Katrín Jakobsdóttir um mikilvægi skóga og skógræktar. Hún nefndi nýsamþykkta landsáætlun um landgræðslu og skógrækt, Land og líf, og þann mikilvæga þátt sem áætlunin væri í markmiðum Íslendinga í loftslagsmálum.

Skógurinn á Kirkjubæjarklastri

Upphaf skógarins á Kirkjubæjarklaustri má rekja til þess að heimafólk á Klaustri girti af brekkuna fyrir ofan bæinn og gróðursetti þar 60 þúsund birkiplöntur. Hjónin Helgi Lárusson og Sigurlaug Helgadóttir áttu stóran þátt í því að hefja þar skógrækt.

Með árunum var bætt við sitkagreni, lerki og furu og snemma á sjöunda áratug síðustu aldar var samið við Skógræktina um viðhald girðinga og umsjón með skóginum.

Skógræktin hefur undanfarin ár bætt aðgengi almennings að skóginum og gróðursett þar ýmsar sjaldgæfar trjátegundir.

Fjölmenni viðstatt

Auk forsætisráðherra fluttu ávörp Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri og Hafberg Þórisson í Lambhaga, sem var bakhjarl viðburðarins. */VH*



Sitkagrenið á Kirkjubæjarklaustri knúsað.



Viðskipti:

„Hugur fylgdi ekki máli“

– segir Hafberg Þórisson garðyrkjumaður

Fyrir nokkrum vikum var greint frá því að fasteignafélagið Eik ætlaði að kaupa garðyrkjustöðvarnar Lambhaga í Úlfarsárdal og Lund í Mosfellsdal.

Kaupverð var áætlað 4,2 milljarðar króna. Nýverið var sagt frá því að Eik væri hætt við kaupin.

„Mín tilfinning er að þar hafi hugur ekki fylgt máli,“ segir Hafberg Þórisson, garðyrkjumaður og eigandi Lambhaga og Lundar. „Í upphafi stóð til að Eik keypti alla eignina og ég var tilbúinn í það en svo kom í ljós að sá áhugi var ekki til staðar þegar á reyndi og ég hef á tilfinningunni að það hafi eitthvað bjátað á í þeirra uppleggi og samningar gengu ekki upp.

Það er meira en að segja það að gerast bóndi og reka svona stóra stöð.“



Loftmynd af Lambhaga. Myndir / Einkasafn



Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar.



Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga og Lundar.

Heldur mínu striki

Hafberg segir að eftir að slitnaði upp úr viðræðunum hafi hann ákveðið að halda sínu striki og stækka stöðina í Mosfellsdal. „Það er nóg að gera í garðyrkjunni.“

Aðspurður segir Hafberg að það hafi aðrir áhugasamir um kaupin haft samband við hann en að ekkert sé fast í hendi. „Það eru margir fiskar í sjónum en satt best að segja er ég ekki tilbúinn að láta þetta frá mér strax.“

Báðar eignir lögbýli

Lambhagavegur 23 á 11.944 fermetra gróðurhús í Úlfarsárdal í Reykjavík auk íbúðarhúsnæðis og Laufskálar eiga lóð og fasteign í Lundi í Mosfellsdal, sem er 6.821 fermetri auk 14.300 fermetra byggingarheimildar. Í atvinnuhúsnæði félaganna fer fram grænmetisrækt Lambhaga ehf.

Bæði Lundur og Lambhagi eru lögbýli. Munurinn á lögbýli og annars konar býlum felst meðal annars í því að lögbýlum fylgir lagaleg festa og ekki er hægt að brjóta þau upp með eignarnámi nema eftir lögformlegum leiðum.

Staða lögbýla er sterk í Evrópu og litið á þau sem fæðuframleiðslusvæði sem ekki má taka undir byggingarland nema við mjög sérstakar aðstæður og langt og strangt ferli.

Einkakaupréttur rann út

Eik hafði um tíma einkarétt á kaupunum en sá rann út í lok ágúst og fljótlega eftir það slitnaði upp úr viðræðunum.

Ekki náðist í Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóra fasteignafélagsins Eikar, við vinnslu fréttarinnar en þegar greint var frá kaupunum sagði hann í samtali við Bændablaðið að hugmyndin væri að báðar garðyrkjustöðvarnar yrðu leigðar áfram til rekstraraðila sem héldi áfram rekstri í þeim. Samhliða kaupum Eikar á fasteignunum myndi því annar aðili sjá um reksturinn.

„Fjárfestingin býður upp á vænlega arðsemi auk stuðnings við íslenska matvælaframleiðslu. Það er mat okkar að matvælaframleiðsla sé vaxandi atvinnugrein á Íslandi sökum fjölgunar íbúa og ferðamanna, auk þess sem viðskiptin falla vel að yfirlýstum markmiðum stjórnvalda, um að auka sjálfbærni og efla.“*/VH*

Matvælaráðuneytið:

Aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra undirritaði fyrir skömmu samning við ráðgjafarfyrirtækið Environice um gerð tillagna að aðgerðaáætlun fyrir eflingu lífrænnar framleiðslu.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu vegna samningsins segir að áætlunin sé unnin í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem áhersla er lögð á öfluga íslenska matvælaframleiðslu.

Meðal verkefna sem þar eru tilgreind er tímasett áætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu sem er lykilþáttur í að auka sjálfbærni íslensks landbúnaðar. Lífræn framleiðsla getur varðveitt líffræðilegan fjölbreytileika, auk þess sem eftirspurn eftir vottaðri lífrænni framleiðslu fer vaxandi.

Í aðgerðaáætlun verða skilgreindir hvatar til aukinnar lífrænnar ræktunar. Áhersla verður lögð á fræðslu til framleiðenda og neytenda og eflingu rannsókna á áhrifum lífrænnar framleiðslu. Aðgerðaáætlunin verður unnin í samráði við helstu haghafa og jafnframt verður leitað hentugra fyrirmynda í nágrannalöndum.



Stefán Gíslason frá Environice og Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra við undirritum samnings um eflingu á lífrænni framleiðslu. Mynd / Matvælaráðuneytið

Meðal markmiða er að í áætluninni komi fram tillögur sem geti aukið lífræna framleiðslu og taki mið af þeim áskorunum sem framleiðslan glímir við í dag.

Tillögum að aðgerðaáætlun verður skilað til matvælaráðherra í ársbyrjun 2023. */VH*



BRP
ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Landbúnaður og umhverfisvernd

Rannsóknir og vísindi skipta miklu fyrir nútímalandbúnað og umhverfisvernd enda mikilvægt að þessir tveir þættir fari saman.

Matvælaframleiðsla er grunnþáttur í tilveru nútímafólks þrátt fyrir að sífellt færri taki þátt í framleiðsluferlinu og margir vita jafnvel ekki hvernig maturinn verður til.

Í heimi sem þegar telur um átta milljarða manna, og það bætast við um 200 þúsund munnar á hverjum degi, er óhjákvæmilegt annað en að matvælaframleiðsla gangi á náttúruna. Það sem meira er að nú þegar eru flest bestu ræktunarsvæði heimsins notuð undir ræktun eða eldi. Samkvæmt FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, eru 35% af landi í heiminum nýtt undir landbúnað, ⅓ af því er nýtt til ræktunnar og ⅔ til beitar.

Til samanburðar eru 14,6% af landi í heiminum flokkað sem friðland og talsvert af því á undir högg að sækja. Borgir stækka, námuvinnsla eykst, lítið sem ekkert dregur úr losun skaðlegra lofttegunda og drykkjarvatn og jarðvegur er víða mengað og slíkt ógnar lífríki svæðanna og líffræðilegri fjölbreytni.

Stundum heyrist að nóg sé framleitt af mat í heiminum en að vandamálið sé að honum sé ekki rétt úthlutað, sumir fái of mikið en aðrir allt of lítið. Þetta kann að vera rétt en það breytir ekki þeirri staðreynd að fólki er að fjölga og náttúran er á undanhaldi.

Rannsóknir í landbúnaði miða að því að auka framleiðni á þeim svæðum sem þegar eru nýtt undir matvælaframleiðslu því bætt gæði hennar er nauðsynlegt til að fæða allt þetta fólk. Áskoranir í landbúnaði sem rannsóknir og vísindi þurfa að takast á við eru fjölmargar og felast meðal annars í hlýnun jarðar, breytingar á veðurfari og meiri ofsa í veðri, auknum þurrkum á stórum svæðum, sjúkdómum og meindýrum, að draga úr notkun tilbúins áburðar og eiturefna og á sama tíma auka vægi lífrænar ræktunar.

Erfðatæknin og beiting hennar lofar góðu, hvort sem er fyrir minni eða stærri framleiðendur, ekki síst þegar kemur að því að auka uppskeru og aðlaga nytjaplöntur að hlýnun jarðar og breyttum vaxtarskilyrðum. Auknar rannsóknir á gömlum ræktunaryrkjum hafa aukist og mörg þeirra sýna seiglu við sjúkdómum sem nýta má með erfðatækni til að auka þol uppskerumeiri yrkja.

Aukin umhverfisvernd og umhverfisvitund eru hugtök sem við heyrum nánast á hverjum degi en á sama tíma heyrast fréttir um að ekki sé nóg að gert. Sífellt er gengið á regnskóga heimsins til að auka ræktar- og beitiland til matvælaframleiðslu og er kjötframleiðsla á slíkum svæðum sögð ein helsta ástæðan fyrir glötun á líffræðilegum fjölbreytileika í heiminum.

Umhverfismál skipta allt mannkyn máli því samspil landbúnaðar og umhverfis hafa ekki einungis áhrif á náttúruna og vistkerfið. Samspilið er ekki síður samfélagslegt og án efa eiga þau áhrif eftir að aukast og hafa enn meiri félagsleg áhrif í framtíðinni.

Rannsóknir, nýsköpun, tækni og fræðsla, sem leiða til þess að bændur geti nýtt ræktarland betur og aukið magn, gæði og hollustu framleiðslunnar, eru örugglega helsta von okkar um að hægt verði fæða þá tíu milljarða munna sem stefnir í að verði á jörðinni skömmu eftir miðja þessa öld. Á sama tíma munu rannsóknir og vísindi vernda viðkvæm náttúrverndarsvæði og líffræðilegan fjölbreytileika fyrir framtíðina og komandi kynslóðir.

/VH

Haustið í allri sinni dýrð



Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

Haustið er nú komið í allri sinni dýrð. Bændur eru margir hverjir búnir eða að fara að ljúka réttum og lífið er að fara í sitt eðlilega horf.

Þingsetning var í síðustu viku og ráðherrar hafa lagt fram þingmálaskrár vetrarins. Á þingmálaskrá matvælaráðherra fyrir 153. löggjafarþing Alþingis er nú að finna hvort tveggja tillögu til þingsályktunar um Matvælastefnu og tillögu til þingsályktunar um Landbúnaðarstefnu Íslands, en grundvöllur hennar er skýrsla Hlédísar Sveinsdóttur og Björns Bjarnasonar, Ræktum Ísland! sem kom út í ágúst á síðasta ári. Með Landbúnaðarstefnu fyrir Ísland er ætlunin að huga að umgjörð landbúnaðar í heild og er stefnunni ætlað að liggja til grundvallar við endurskoðun búvörusamninga árið 2023. Ég hvet því alla bændur til þess að kynna sér stefnuna þegar hún birtist í samráðsgátt stjórnvalda í febrúar.

Viðhorf neytenda

Í umræðuskjalinu Ræktum Ísland! var talsvert fjallað um tengsl bænda og neytenda, þ.e. þau gagnvirku tengsl bænda og neytenda sem þyrftu að vera til staðar og væru áhrifaþáttur í að stuðla að aukinni veruþróun og nýsköpun innan atvinnugreinarinnar. Einnig var tæpt á því í stefnunni að neytendur ættu skýlausan rétt á upplýsingum um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif matvæla sem þeir kaupa í verslunum, neyta á veitingahúsum eða í mötuneytum. En viðhorf neytenda birtast matvælaframleiðendum með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða þann hóp neytenda sem kýs að láta verð hafa ráðandi áhrif við kaup á matvælum og þá vegur minna hvort um sé að ræða íslenska eða innflutta landbúnaðarafurð því þar skiptir höfuðmáli hvor varan er ódýrari. Síðan er það hinn hópurinn sem mótast fyrst og fremst af kröfum þeirra til gæða og þjónustu og þessi hópur er reiðubúinn að greiða hærra verð fyrir meiri gæði, umhverfisvænni vöru með skýrar upprunamerkingar. En byggir kauphegðun neytenda alfarið á verði eða gæðum landbúnaðarafurða, eða jafnvel sambland af hvoru tveggja? Nú loga öll ljós rauð á meginlandinu og þar undirbýr fólk sig undir harðan vetur. Framundan eru gríðarlegar hækkanir á gasi, olíu og rafmagni sem mun gera fyrirtækjum og heimilum afar erfitt fyrir og enginn mun sjá fyrir endann á eins og staðan horfir við núna. Tækifæri okkar er því núna, að hefja stórsókn í aukinni framleiðslu allra landbúnaðarvara hér á Íslandi.

Áhrif höfrungahlaupsins

Kjaraviðræður haustsins eru á næsta leiti og síðustu vikur hafa forkólfar verkalýðshreyfinganna farið mikinn í fjölmiðlum. Hafa menn lagt drög að hinum ýmsum kröfum í aðdraganda viðræðna og ber þar helst á góma enn frekari stytting vinnuvikunnar. Því er ágætt að tæpa á því hér að matur á Íslandi er ekki framleiddur fjóra daga í viku. Framleiðsla matvæla getur verið ansi langt ferli, allt frá nokkrum vikum í tilfelli grænmetis yfir í nokkra mánuði í tilfelli lambakjöts í nokkur ár í tilfelli nautgripakjöts. Vinnuumhverfi bænda er þar af leiðandi erfitt og krefjandi. Bændur þekkja ekki styttingu vinnuvikunnar eða helgarfrí. Lífsstíll og heimilislíf bænda er samtvinnað vinnu þeirra með löngum og óreglulegum vinnustundum. Það sætir því ákveðinni furðu það höfrungahlaup sem kjarasamningar á Íslandi virðast fastir í þar sem alltaf þarf að semja um örlítið meira en síðasti samningur hljóðaði upp á. Þá sætir jafnframt furðu málflutningur hagsmunasamtaka um að neytendur vilji og stýrist alfarið af verði við kaup á matvælum. Það er nefnilega svo að einhver verður að taka á sig komandi launahækkanir og þrátt fyrir að matarkarfan sé búin að lækka um 6,4% frá 2019 miðað við laun í landinu, þá er ekki endilega útséð með það hver áhrif kjarasamningshækkana verða. Það sé aftur á móti fastlega hægt að gera ráð fyrir því að það verði skrið á launahækkunum og eftir stendur nafnlaunahækkun sem minnkar óðum í meiri verðbólgu.



Við þurfum að spýta í

Landbúnaður líkt og aðrar atvinnugreinar hafa þróast og tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum og er það að miklu leyti tæknivæðingunni að þakka, sem og dýravelferð og kröfur um bættan aðbúnað búfjár. En þessi þróun hefur leitt til samþjöppunar innan atvinnugreinarinnar, þar sem bú hafa stækkað og framleiðsla aukist. En stækkun búa hefur einnig í för með sér nýjar áskoranir á borð við auknar áherslur á umhverfismál og umsvifameiri rekstur búa sem kallar á auknar fjárfestingar og stækkun húsa. Það eru atriði sem við sem bændur og hagsmunasamtök bænda þurfum að horfa til þegar við nálgumst neytendur. En við þurfum að spýta í og hefja stórsókn í aukinni framleiðslu en þá má regluverkið ekki hefta og er það Alþingis að laga svo mögulegt sé að auka framleiðslu óháð búvörusamningum.

GAMLA MYNDIN



Kennsla í matargerð á Landbúnaðarsýningunni 1968. Sýningin var haldin í Laugardalshöllinni og á útisvæði við hana. Um 94 þúsund manns sóttu sýninguna og var hún langmest sótta sýning landsins til þess tíma. Sýnendur voru um 80 og á sýningunni mátti skoða allt það nýjasta í landbúnaðartækni á þeim tíma auk búfjár og blóma. Kjörorð sýningarinnar voru: Gróður er gulli betri. Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands.

LÍF & STARF

Augnablik í lífi þeirra yngstu þetta sumarið

Ungviðið leikur við hvern sinn fingur yfir sumartímann enda svo margt skemmtilegt hægt að gera úti í náttúrunni þegar sólin skín. Hér má sjá nokkur kríli, á öllum aldri, njóta þess að vera til. /SP



Elías Dagur þeysist um á rugguhesti.



Ísak Rökkvi nýtur lífsins við sápukúlublástur.



Systkinin Auður Sjöfn og Snorri skoða hér Kolugljúfur í Vestur-Húnavatnssýslu, með ömmu Pálu.



Blómarósin hún Margrét Rós æfir sig í að róla svolítið.



Eftir langan dag getur verið gott að kúra inni með hundunum sínum, eins og Brynhildur gerir.



Ungfrú Sigríður Kristín hjólar um miðborg Reykjavíkur eins og enginn sé morgundagurinn.



Þeir bræður Jakob Bjarni og Gunnar Nói við skipið fyrir utan Sjóminjasafnið á Grandanum í Reykjavík.



Bræðurnir Tómas Eldur og Kristján Eldur eru hér í essinu sínu í Miðfjarðarrétt Miðfjarðar, Húnaþingi vestra.



Frændsystkinin Brynjar Freyr, Elsa Dís, Gunnar Kári, Camilla Von, Freyja Rún og Íris Katla skemmtu sér konunglega í Fjölskyldugarðinum.

MÆLT AF MUNNI FRAM

305

Látinn er langt um aldur fram, **Jón Ingvar Jónsson**, einhver skærasta stjarna meðal hagyrðinga allt til dánardags. Jón var fæddur á Akureyri á árinu 1957, en lést í ágúst sl. Jón Ingvar hafði fullkomið vald á bragháttum og orti fágætar gamanvísur sem lærðust fljótt og fóru víða. Óvæginn gat hann verið í kveðskap sínum, en leiðst svo margt fyrir sakir fádæma leikni og fyndni. Hugmyndaauðgi í kveðskaparefnum var alveg með ólíkindum. Meðan vísnavefurinn Leir.is lifði, var Jón sjálfvalinn sem yfirdómari þegar þurfti að meta hagyrðinga til inngöngu á vefinn. Næstu vísnaþættir verða helgaðir minningu Jóns Ingvars Jónssonar. Það efni sem hér fer eftir, hefur kær vinkona Jóns, **Sigrún Haraldsdóttir** búið til birtingar.

Afar kær vinátta var með þeim Jóni Ingvari og sr. **Hjálmari Jónssyni**, fyrrv. Dómkirkjupresti, og ortu þeir mikið hvor til annars. Líkt og margir muna, þá fékk Hjálmar hastarlega fyrir hjartað fyrir nokkrum árum. Jón Ingvar sendi honum þessa hjartastyrkjandi vísu:

Hjálmar má þola hremmingu stranga
og heilsufarsbresti.
Drottinn minn láttu nú dæluna ganga
í Dómkirkjupresti.

En nokkru seinna fékk séra Hjálmar svo blóðtappa. Jón vitjaði vinar í stað:

Hjálmar er traustur og heiðurskarl mesti
og hefur það sannað.
Drottinn minn taktu nú tappann úr presti
og trodd' onum annað.

Fullkomlega gat hann verið óvæginn í sjálfslýsingum. Þess sér stað í næstu þremur kviðlingum er hann nefndi „Sjálfa“ 1, 2, 3:

Ég hef alveg afleit gen,
enda fól og glanni,
rætinn, þver og illgjarn en
annars gull af manni.

Æ, mig langar inn á Vog,
er það nokkur vegur?
Vera gegn og góður og
Guði þóknanlegur.

Jón er enn á röngu róli,
ranglátur og svikull drjóli,
á sitt fé í skattaskjóli,
skömm er að því ljóta fóli
þó að á hann hlaði hóli
hefðarkonur upp í bóli.

Jón orti svo á Iðunnarfundi:

Góða vísu ósköp auðvelt er að skapa,
sérstaklega ef ég apa
eftir honum Jóa í Stapa.

Næst fer eftir efni sem Jón Ingvar nefnir einu nafni „Spakhendur“ (Bauernregeln):

Snjói niðrí hálfar hlíðar
hækkar krónan fyrr en síðar.

Spóli Ford í Fischersundi
fellur krónan gagnvart pundi.

Sjáist lamb af laufi þefa
lækkar gengi hlutabréfa.

Jóðli ófædd önd í bítið
er það meir en lítið skrýtið.

Bólgni illa efri vörin
óðar skána vaxtakjörin.

Þegar galar hani' á haugi
hlutur Glitnis eykst í Baugi.

Messa í Dómkirkjunni:

Til að forðast fjörbrot stór
og freistingarnar ljótar
ég til messu í morgun fór
mér til sálubótar.

Séra Hjálmar sagði frá
og siðu góða kenndi.
Þó að flygi Fokker hjá
fórst það vel úr hendi.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra veitir Ómari Ragnarssyni Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti árið 2022. Mynd / Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti:

Ómar Ragnarsson heiðraður

Ómar Ragnarsson umhverfisverndarsinni hlaut Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti árið 2022.

Ómar er landsmönnum vel kunnur og var í störfum sínum á fjölmiðlum iðinn við að vekja athygli á hinum ýmsu náttúruperlum landsins, áður en hann hóf baráttu sína fyrir náttúruvernd.

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra afhenti viðurkenninguna á degi íslenskrar náttúru, 16. september síðastliðinn.

Færði þjóðinni náttúruundur heim í stofu

Í máli ráðherra við athöfnina kom fram að Ómari væri í lófa lagið að vekja athygli á málefnum og að hann hafi fært þjóðinni hvert náttúruundrið á fætur öðru, alla leið heim í stofu. Jafnt með Stikluþáttum sínum og öðrum myndum um náttúruvernd, sem og fréttaefni. Þannig hafi Ómar myndað Holuhraun áður en þar fór að gjósa og komið að Grímsvatnagosinu áður en nokkur annar kom þar að.

Eins hafi Ómar verið ötull við að vekja athygli á rafknúnum farartækjum hin síðari ár og hafi til að mynda ferðast árið 2015 á rafhjóli frá Reykjavík til Akureyrar, í ferðalagi sem hann nefndi „Aðgerð orkuskipti“, þá orðinn 75 ára. „Þá er Ómar brautryðjandi í notkun rafbíla á Íslandi, kynnti ef minnið svíkur ekki rafbíl hér fyrir nokkrum áratugum síðan, og hefur undanfarin ár keyrt um á rafmagnsbílum.

Hann sagði einmitt í viðtali fyrir nokkrum árum, og var því á undan okkur stjórnvöldum sem nú erum að takast á við málið, að það væri ekki nóg að rafmagnsbílar væru bara fyrir þá efnameiri. Huga þyrfti að „rafbíl litla mannsins“.

Eldhugi sem lagði allt í sölurnar

„Íslensk náttúra væri svo miklu fátækari ef ekki væri fyrir eldhuga sem eru tilbúnir að leggja allt í sölurnar fyrir hana. Ég eins og margir Íslendingar erum svo heppin að hafa átt Ómar sem glugga inn í hluti sem eru svo ótrúlega mikilvægir en fáir sinntu. Einstaklingar skipta máli og skýrt dæmi um það er Ómar Ragnarsson. Það verður aldrei hægt að mæla það hvað hann hefur gert, með sínum einstaka hætti, fyrir íslenska náttúru. Mín kynslóð og margar fleiri fengum að kynnast náttúru Íslands vegna áhuga og atorku Ómars Ragnarssonar.
Fyrir það er ég þakklátur,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í rökstuðningi sínum. */VH*

Leiðrétting

Í frétt sem birtist í Bændablaðinu 9. september síðastliðinn um reglugerð sem heimilar aukið innihald kadmíum í tilbúnum áburði var farið með rangt mál. Þar kom fram að reglugerðin gilti til þriggja ára. Rétt er að gildistími hennar er til ársloka 2023.

Einnig var tekið fram að ESB hefði lækkað leyfilegt hámark kadmíum í 60 mg pr. kg. fosfórs. Hið rétta er að hámarkið var lækkað niður í 60 mg pr. kg þrífosfats (P2O5), sem er sambærilegt gildandi hámarki hér á landi. */ÁL*

ÞAÐ ER BARA SOLIS



SOLIS 50 StageV

Ný og endurbætt vél með vendigír við stýri.
Túrbína og intercooler
Endurhannað stjórnrými
Verð: 4.980.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.180.000+vsk

www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is S-4540050



Gripagreiðslur í nautgriparækt voru greiddar í þessari viku, samtals 235 milljónir. Mynd / Myndasafn Bbl

Spretthópurinn:

Fyrstu greiðslur

Samkvæmt tillögum spretthóps sem Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra setti á laggirnar vegna alvarlegrar stöðu landbúnaðar voru fyrstu greiðslur greiddar út fyrir helgi.

Greitt var álag á gæðastýringu í sauðfjárrækt ásamt álagi á framlög til geitfjárræktar, samtals 894,5 milljónir króna. Greiddar voru gripagreiðslur í nautgriparækt nú í vikunni, samtals 235 milljónir. Spretthópurinn lagði m.a. til að greitt yrði álag á ákveðnar greiðslur samkvæmt gildandi búvörusamningum sem og sérstakar greiðslur til stuðnings svína-, alifugla- og eggjaframleiðslu, samtals 2.460 milljónir króna.

Áætlað er að aðrar álagsgreiðslur verði greiddar samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun.

September 2022
- 20% álag á gripagreiðslur, holdakýr – 36 milljónir, greitt 21. september
- 12 % álag á gripagreiðslur – mjólkurkýr – 199 milljónir, greitt 21. september
- Aðlögun að lífrænni framleiðslu í garðyrkju – 5 milljónir

Október 2022
- 65% álag á jarðræktarstyrki og landgreiðslur – 517 milljónir
- 65% álag vegna útiræktaðs grænmetis – 34 milljónir

Nóvember 2022
- 75% álag á nautakjötsframleiðslu, önnur álagsgreiðsla vegna framleiðslu júlí-september – 41 milljón

Febrúar 2023
- 25% álag á beingreiðslur í garðyrkju – 101 milljón
- 75% álag á nautakjötsframleiðslu, þriðja álagsgreiðsla vegna framleiðslu október-desember – 41 milljón.

Uppgjör álags á gæðastýringu fer jafnframt fram í febrúar samhliða uppgjöri almennu gæðastýringargreiðslunnar.

Spretthópurinn lagði einnig til að 450 milljónum króna yrði varið til að mæta hækkun fóðurverðs hjá svína-, alifugla- og eggjaframleiðendum.

Ráðuneytið vinnur að undirbúningi umsóknarferils vegna framangreindra stuðningsgreiðslna sem áætlað er að fari fram snemma árs 2023. */VH*



Hér er listakonan Sigríður Jóna Kristjánsdóttir ásamt Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, sem var mjög áhugasamur um verk hennar á sýningunni í Tré og list. Myndir / MHH

Tré og list í Flóahreppi:

Forsetinn heiðraði Siggu á Grund

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heimsótti bæinn Forsæti í Flóahreppi nýlega, þar sem hjónin og ábúendurnir Bergþóra Guðbergsdóttir og Ólafur Sigurjónsson kynna sýninguna Tré og list í gamla fjósinu.

Tilgangur heimsóknarinnar var meðal annars að heiðra listakonuna Siggu á Grund, eins og Sigríður Jóna Kristjánsdóttir útskurðarmeistari er jafnan kölluð.

Einn allra færasti útskurðarmeistarinn

Sigga er einn allra færasti útskurðarmeistari landsins en mikið af verkum hennar er til sýnis í Tré og list. Sigga gekk um salinn með Guðna Th. og sýndi honum verkin sín og svaraði spurningum forsetans.

Greinilegt var á viðbrögðum Guðna að hann var yfir sig hrifinn af verkum Siggu og safninu í Forsæti, sem rekið er af miklum myndarskap.

Sigga fékk riddarakross frá forsetanum 2010 fyrir framlag sitt til þjóðlegrar listar. */MHH*

ENNEMM / SÍA / NM-005159

Þjónusta alla leið heim á hlað

Sýningin Íslenskur landbúnaður 2022 verður haldin í Laugardalshöll 14.–16. október











Við hlökkum til að sjá þig í bás B-16

Komdu og kynntu þér þjónustu N1 við bændur, úrval af landbúnaðarvörum og vinnufatnaði í verslunum og vefverslun, afhendingu á olíu, vildarkjör og fleira.

Við tökum vel á móti þér!

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

FRÉTTIR

Mjólká í Arnarfirði:

Eldislaxar greindir

Bráðabirgðaniðurstöður DNA greininga Mast á 32 löxum sem Fiskistofa veiddi í Mjólká í Arnarfirði í ágúst síðastliðnum sýna að 16 laxar af þessum 32 reyndust eldislaxar. Hinir 16 reyndust villtir.

Vísbendingar eru um að eldislaxarnir séu frá Haganesi í Arnarfirði en gat kom á kví á því eldissvæði í ágúst 2021.

Endurkeyra þarf DNA greininguna til að geta staðfest bráðabirgðaniðurstöðurnar og í framhaldi af því verður hægt að rekja uppruna eldislaxanna nánar.



Vísbendingar eru um að eldislaxarnir séu frá Haganesi í Arnarfirði en gat kom á kví á því eldissvæði í ágúst 2021. Mynd / Arnarlax.

Tilkynnt um gat í sjókví

Matvælastofnun barst tilkynning frá Arnarlax mánudaginn 30. ágúst um gat á nótarpoka einnar sjókvíar Arnarlax við Haganes í Arnarfirði.

Gatið uppgötvaðist við neðansjávareftirlit og er viðgerð lokið.

Samkvæmt upplýsingum Arnarlax var gatið á um tveggja metra dýpi og reyndist vera um það bil 2 x 2 metrar að stærð. Í þessari tilteknu kví voru um 120.000 laxar með meðalþyngd 0,8 kg.

Neðansjávareftirlit var áður framkvæmt 31. júlí síðastliðinn og var nótarpoki þá heill. */VH*

Skýrsla Hafró um laxeldi:

Laxeldi á landi

Í nýrri skýrslu Hafrannsóknastofnunar segir að eldi á laxi á heimsvísu hafi aukist mikið á undanförnum áratugum og að laxeldi sé nær eingöngu stundað í sjókvíum en slíkt er víða umdeilt vegna umhverfisáhrifa.

Í sumum löndum hefur hægt á vexti í framleiðslu vegna umhverfisþátta og stöðugt unnið að umhverfisvænni lausnum í laxeldi.

Landeldi hefur verið kynnt sem möguleg lausn við helstu umhverfisvandamálum laxeldis en skoðanir hafa verið skiptar um framtíðarmöguleika þeirrar aðferðar.



Landeldi á laxi. Mynd / innovationnewsnetwork.com

Eldi í endurnýtingarkerfum

Í skýrslunni, sem er unnin af Leó Alexander Guðmundssyni, er fjallað um landeldi á laxi sem einkum fer fram í endurnýtingarkerfum. Eiginleikum endurnýtingarkerfa er lýst, auk þess sem saga tveggja frumkvöðlafyrirtækja í landeldi á laxi er rakin. Einnig er fjallað um greiningar á kostnaði við landeldi á laxi með hliðsjón af kostnaði í sjókvíaeldi. Loks er sjónum beint bæði til Íslands og út í heim og m.a. fjallað um áætlanir fyrirtækja í uppbyggingu landeldis á laxi, kolefnisspor og stóraukinn áhuga á landeldi.

Breytt viðhorf

Í umræðum undir lok skýrslunnar segir höfundur meðal annars: „Á tiltölulega fáum árum hefur sýn manna á möguleika laxeldis á landi breyst. Fyrir um 10 árum var algengt viðhorf að um væri að ræða vonlausa iðju ævintýramanna. Með aukinni þekkingu og reynslu, ásamt sögulega háum framleiðslukostnaði í sjókvíaeldi, hefur það viðhorf almennt breyst. [. . .] Nú eru mörg stórfyrirtæki komin inn í greinina ásamt öflugum fjárfestum og víða er til staðar pólitískur og efnahagslegur stuðningur ríkja. [. . .]

Á næstu árum verður áhugavert að fylgjast með þróuninni í greininni, einkum hvernig ganga muni að fjármagna verkefni, manna eldisstöðvar, framleiða á markað og þróa tæknina enn frekar. Til skemmri tíma verður áhugavert að sjá hver þróunin í áætluðu framleiðslumagni úr landeldi verður en tölurnar hafa rokið upp á skömmum tíma. Að sama skapi verður áhugavert að fylgjast með þróun í sjókvíaeldi varðandi umhverfismál, dýravelferð og framleiðslukostnað. */VH*





Grasprótеinverksmiðja BioRefine. Myndir / VH

BioRefine A/S:

Próteinvinnsla úr grasi, smára og alfalfa

Eitt af þeim fyrirtækjum sem blaðamaður Bændablaðsins heimsótti í sumar í tengslum við alþjóðaráðstefnu landbúnaðarblaðamanna kallast BioRefine A/S á Jótlandi og sérhæfir sig í framleiðslu á próteini úr grasi, smára og alfalfa.

Hráefnið í vinnsluna, gras, smári og alfalfa, er fengið frá bændum af um 3.000 hekturum af graslendi í 30 kílómetra radíus umhverfis verksmiðjuna. Grasið er sérræktað og slegið tvisvar til þrisvar á sumrin og haustin frá því í maí og fram í nóvember og flutt nýslegið í verksmiðjuna. Túnin eru hvíld þriðja til fjórða hvert ár til að auka kolefnisbindingu þeirra.

Árleg framleiðsla er um sjö þúsund tonn af því sem kallað er grænt prótein.



Nýslegnu grasi mokað í skilvindu.



Afgangstrefjar sem nýttar eru í textíliðnaði og í umbúðir.

Samkeppni við innflutt soja

Vagn Hundebøll, forstjóri BioRefine, sagði í samtalið við Bændablaðið að forgangsverkefni fyrirtækisins í dag væri að mæta fóðurpróteinþörf danskra bænda og neytenda á vistvænan hátt.

„Danir flytja inn um 50 þúsund tonn af lífrænu og 1,7 milljón tonn af ólífrænu soja á ári, við viljum draga úr þeim innflutningi.“

Grænt prótein til manneldis

„Enn fremur leggjum við áherslu á að þróa grænt prótein til notkunar í matvæli til manneldis og að það geti orðið um fjórðungur af því próteini sem notað er til matvælaframleiðslu í Danmörku.

Á sama tíma höfum við áhuga á að deila þekkingu okkar á framleiðslu græns próteins enda tæknin sem við notum nothæf hvar sem er í heiminum.“

Fóður fyrir hænur og gæludýr



Grasprótein, afgangstrefjar og umbúðir úr þeim.

Eftir að safinn er pressaður úr grasinu fer það í skilvindu og þurrkara sem skilur próteinið úr því og eftir það líkist próteinið helst kaffikorgi. Afgangsgrasið er notað í textíliðnaði og í umbúðir og safann má nota til framleiðslu á lífgasi og sem áburð.

Próteinið má meðal annars nota sem fóður fyrir hænur og gæludýr og getur hún komið í staðinn fyrir sojamjöl.

Í kynningu Biorefine á framleiðslunni segir að prótein sé eitt af undirstöðuefnum fæðunnar, hvort sem það er fyrir menn eða skepnur. Grasprótein meltist vel hjá húsdýrum með einn maga eins og svín og alifugla en hentar síður fyrir jórturdýr þar sem það er of auðmelt.

Samvinnuverkefni þriggja landbúnaðarfyrirtækja

BioRefine er samstarfsverkefni þriggja danskra landbúnaðarfyrirtækja, DLG, Danish Agro og DLF, með það að markmiði að framleiða umhverfisvænt prótein sem fóður fyrir búfé.

Grasvinnsla Biorefine byggir á 50 ára reynslu fyrirtækis sem kallaðist Nybro sem var keypt árið 2020 og starfsemi þess breytt til að framleiða prótein.

/VH


© Inter IKEA Systems B.V. 2022
Draumaeldhúsið er innan seilingar
Reynslumiklir teiknarar okkar aðstoða þig við að hanna draumaeldhúsið – og þjónustan er ókeypis
ENKÖPING hurðir, B40×H80 cm
Hnúðar eru seldir sér
3.250,-/stk.
MATTRADITION veggháfur með barka
Kolasía er seld sér
46.900,-
ENKÖPING skúffuframhliðar, B60×H20 cm
Höldur eru seldar sér
2.150,-/stk.
Skoðaðu nýja eldhúsbæklinginn!
Skannaðu
Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is
IKEA

FRÉTTIR



Plymouth Rock hænsnfuglar. Mynd / localharvest.org/

Plymouth Rock:

Nýr hænsnastofn

Verkefnið Hringrásarhænur í bakgörðum fékk styrk frá Matvælasjóði í flokki verkefna á hugmyndastigi. Styrkurinn verður nýttur til að standa straum af uppsetningu aðstöðu og innflutningi á eggjum hæna af kyni sem kallast Plymouth Rock.

„Í lok apríl sótti ég um leyfi til innflutnings hjá MAST," segir Alfreð Schiöth en afgreiðslan hefur dregist og leyfið ekki enn komið.

Styrkur úr Matvælasjóði

Schiöth hlaut nýlega 2,6 milljóna króna styrk úr Matvælasjóði fyrir verkefni sem hann kallar Hringrásarhænur í bakgörðum. Alfreð, sem er alinn upp í sveit, auk þess að vera dýralæknir, þekkir mjög vel til hænsnahalds.

„Ég er búinn að koma mér upp útungaraðstöðu, sem bíður tilbúin eftir frjóvguðum eggjum þegar leyfi liggur fyrir. Hér er ekki um landnámshænur að ræða, heldur þyngri stofn sem gefur af sér bæði kjöt og egg og kallast Plymouth Rock. Einn af kostum stofnsins er að þær flögra ekki úr görðum sökum stærðar sinnar og eru rólegar," segir Alfreð, sem er búsettur á Akureyri. Þar hefur hann breytt gömlu hesthúsi í aðstöðu til útungunar og uppeldis.

Rólegar bakgarðshænur

Alfreð segir hænurnar lifa að miklu leyti á völdum lífrænum úrgangi, sem annars færi til spillis. „Það er þannig að hægt er að tala um hringrásarhænsn. Dýr sem eru hluti af hringrás heimilisins, gefa af sér egg og kjöt, samhliða því að auka fæðuöryggi og bæta hag heimilanna, sérstaklega núna með hækkuðu matvælaverði.

Ef allt gengur upp mun það verða aðgengilegra fyrir leikmenn að koma sér upp bakgarðshænum, sem eru rólegar og trufla ekki nágrannana, ásamt góðum leiðbeiningum og ráðum ræktanda," segir Alfreð, bjartsýnn á framhald verkefnisins. */ MHH*

Sveitarfélagið Norðurþing:

Uppsetning myndavéla og veðurstöðvar

Vegagerðin hefur óskað eftir því við sveitarfélagið Norðurþing að samþykkt verði uppsetning tveggja myndavéla og veðurstöðvar við Dettifossveg.

Myndavélarnar yrðu settar upp á 6 til 12 metra há möstur og í 20 til 30 metra fjarlægð frá vegi.

Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings hefur fallist á uppsetningu myndavéla og veðurstöðvar, en minnir á að þjóðgarðsyfirvöld þurfa einnig að samþykkja erindið áður en búnaður er settur upp.

Ráðið skorar á Vegagerðina um leið og það samþykkir erindið að tryggja fulla vetrarþjónustu á Dettifossvegi númer 862. „Full vetrarþjónusta á Dettifossvegi myndi styðja við stefnu stjórnvalda um að jafna árstíðarsveiflu í ferðaþjónustu og einnig er aukin vetrarþjónusta afar mikilvæg fyrir þá miklu uppbyggingu sem á sér stað í Kelduhverfi og Öxarfirði, tengir saman svæði og nýtir fjárfestingu sem ríkið hefur þegar byggt upp," segir í bókun ráðsins. */MÞÞ*





Kara Nótt gerði tilraunir með framleiðslu á sápu úr hreindýrafitu. Samkvæmt henni er þetta gott hráefni sem fer nær alfarið til spillis. Myndir / Aðsendar

Hvanneyri:

Sápur úr hreindýrafitu

Kara Nótt Möller hefur stundað sápugerð um árabil. Þegar kom að því að velja viðfangsefni fyrir lokaverkefni sitt úr búfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands ákvað hún að rannsaka möguleikann á að gera sápur úr hreindýrafitu, sem er ónýtt afurð í dag.

Kara Nótt hafði aldrei velt því fyrir sér að mögulegt væri að framleiða sápur heima hjá sér. Hún sá hins vegar fólk gera þetta á Youtube.com fyrir nokkrum árum og ákvað því að láta slag standa. „Ég keypti 25 kíló af vítissóda því það eru minnstu pakkningarnar sem þú getur fengið. Eftir að hafa gert mjög mikið af sápum, þá á ég enn þá eftir helminginn af því," segir hún. Eftir að hafa gert sínar eigin sápur hefur Kara Nótt líka tekið eftir því að ofnæmisviðbrögð og þurrkur í húð hefur dregist saman. „Það virðist vera sem þessar sápur mýki og næri húðina frekar en þær sápur sem þú kaupir úti í búð."

Þrjú uppistöðuefni í sápu

„Uppistöðuefnin í sápu eru fita, vatn og vítissódi. Svo er hægt að blanda út í þetta ýmislegu og breyta hlutföllum. Það þarf hins vegar að passa upp á að hafa næga fitu til að hlutleysa allan vítissódann, annars getur hann skaðað húðina. Það er því svolítil efnafræði við að setja saman uppskriftina, en þegar uppskriftin er komin þá er þetta eins og að baka," segir Kara. Þessu er svo öllu blandað saman og hellt í form. Við það fara af stað efnahvörf sem nefnast sápun – blandan nær upp hita og harðnar að lokum.

Kara Nótt ákvað að taka vísindalega nálgun í verkefninu og bar saman þrjár tegundir af dýrafitu, þ.e. nauta-, kinda- og hreindýrafitu. Hún kannaði líka mismunandi magn dýrafitu á móti jurtafitu í þremur mismunandi hlutföllum, allt frá því að vera með mjög litlu hlutfalli af jurtafitu yfir í að vera einungis með dýrafitu. Samtals voru þetta því níu uppskriftir og voru helstu niðurstöðurnar að með auknu hlutfalli af jurtafitu freyðir sápan meira. Á móti varð sápan harðari eftir því sem hún innihélt meiri dýrafitu. Ekki var merkjanlegur munur á eiginleikum sápunnar eftir því hvernig dýrafita var notuð.

Mest allri hreindýrafitu fargað

Hreindýrafitan sem Kara Nótt fékk er aðallega innyflafita og fitan sem er í kringum læri og rass. Hráefnið fellur til í verkunarstöðvum sem verka hreindýr fyrir veiðimenn. Eins og staðan er í dag er fitan notuð í litlu magni til heimabrúks, en fer annars alfarið í urðun. Til að fá samanburð kannaði hún hvernig staðan er hjá tveimur stórum sláturhúsum og fékk þær upplýsingar að nýtingarhlutfall sauðfjár- og nautafitu er almennt mjög gott.



Sápur úr hreindýrafitu hafa sambærilega eiginleika og aðrar sápur gerðar úr dýrafitu.

Umhverfisvænni kostur

Fitan sem Kara Nótt notaði í sína sápugerð áður en hún fór í þetta verkefni voru ólífuolía, kókosolía og pálmaolía. „Hugsunin með því að nota dýrafituna er að þá get ég tekið út pálmafituna," sem Kara Nótt segir að sé jákvætt í ljósi þess að framleiðslan á pálmafitu hefur mjög neikvæð umhverfisáhrif. Þar sem að hreindýrafitunni er annars fargað má segja að hreindýrasápan sé mjög umhverfisvæn.

Þrátt fyrir fjölmarga kosti og sérstöðu hreindýrasápunnar gerir Kara Nótt ekki ráð fyrir að koma henni á markað. Kröfurnar til að fá leyfi fyrir sölu á handverkssápu með nýju hráefni séu einfaldlega of miklar. */ÁL*

Flóahreppur:

Mikil eftirspurn eftir lóðum

Töluverð eftirspurn er eftir húsnæði, byggingarlóðum og lóðum undir atvinnunúsnæði í Flóahreppi. Unnið er að deiliskipulagstillögu fyrir ný hverfi.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, segir að um þessar mundir viti hún ekki um neitt leiguhúsnæði eða íbúðir til sölu í hreppnum og þær jarðir sem fara á sölu seljist líka fljótt.

„Það er verið að vinna að deiliskipulagstillögu fyrir ný hverfi í hreppnum og í farvatninu eru búgarða- og íbúðabyggðir á fleiri stöðum í sveitarfélaginu og mjög spennandi að sjá hvað verður. Fólk er að sjá mikil tækifæri í nýju brúarstæði yfir Ölfusá og bættum samgöngum í Ölfusinu á milli Hveragerðis og Selfoss.

Með þessum bættu samgöngum er Flóahreppur enn eftirsóknarverðara sveitarfélag til búsetu og fólk horfir til þeirra búsetuskilyrða sem fylgja því að setjast að rétt fyrir utan þéttbýlið þ.e friðsældar, fámennis, náttúru, umferðaröryggis, góðra skóla og fleiri þátta," segir Hulda alsæl með mikinn áhuga fólks að flytja í sveitarfélagið. */ MHH*



Margir vilja flytja og eiga heima í Flóahreppi en þar er ekkert af lausu húsnæði eins og staðan er í dag en það stendur allt til bóta. Mynd / MHH

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR



Tilgangur sýningarinnar er að vekja áhuga fólks á saumaskap og mikilvægi þessa hluta menningararfsins. Mynd / Aðsend

Kvenfélagið Eining í Hvolhreppi:

Saumaskapur unninn með nál hafinn til vegs og virðingar

Margt verður til í kvenna höndum er nafn á sýningu í félagsheimilinu Goðalandi í Fljótshlíð sem kvenfélagið Eining stendur fyrir.

Mikið af munum hafa safnast á sýningu með alls konar saumaskap, eins og dúkar, púðar, myndir, fatnaður, skólahandavinna og margt, margt fleira. „Við í Kvenfélaginu Einingu ákváðum á vorfundinum okkar að nú skyldi hefja saumaskap til vegs og virðingar og halda veglega sýningu á saumi," segir Margrét Tryggvadóttir, formaður kvenfélagsins, „og við ákváðum að einskorða sýninguna við handavinnu, sem unnin er með nál."

Prjónaðar nærbuxur ekki þægilegar

Margrét segir að þegar kvenfélagskonurnar fóru að vinna með hugmyndina sáu þær strax hversu víða nálin kemur við sögu í lífi okkar allra. „Án nálar væru til dæmis fötin okkar sennilega öll ýmist hekluð eða prjónuð, sem er ágætt í sumum tilvikum, en prjónaðar nærbuxur væru kannski ekki svo þægilegar. Hvernig hefðu formæður okkar getað stoppað í sokka án nálar eða bara saumað sláturkeppi?" segir Margrét hlæjandi.

„Tilgangur sýningarinnar er fyrst og fremst að reyna að vekja áhuga fólks á saumaskap og mikilvægi þess að halda í þennan hluta menningararfs okkar," bætir Margrét við.

Félagsheimilið Goðalandi

Sýningin verður í félagsheimilinu Goðalandi í Fljótshlíð og stendur frá 24. september til 9. október. Hún er opin frá 12 til 18 laugardaga og sunnudaga. Auk þess sem tekið verður á móti hópum á virkum dögum. Aðgangur er ókeypis./MÞÞ

Þingeyrarkirkjugarður:

Lagfæring steingirðingar

Fyrirhugað er að lagfæra steingirðingu kringum kirkjugarð Þingeyrarklausturskirkju.

Verkið felst í hreinsun á mosa, fjarlægja gróður við steinvegg, lagfæra steypuskemmdir með múrviðgerðum og sementskústun.

Fram kemur í bókun byggðaráðs Húnabyggðar að framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs hefði lofað styrk til framkvæmdanna á þessu ári, einni milljón króna. Óskað er eftir að sveitarstjórn Húnabyggðar styrki verkefnið með fjárframlögum og er þá vísað til samnings milli kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2007. Formaður sóknarnefndar Þingeyrarsóknar, Björn Magnússon, hefur sótt um framlag frá Húnabyggð til framkvæmda á þessu ári, allt að einni milljón króna.

Tók byggðarráð Húnaþings vel í erindið og vísaði kostnaði til fjárhagsáætlunar. Ráðið óskaði jafnframt eftir því að fá kostnaðar- og verkáætlun fyrir verkið.

/MÞÞ





Grænmeti ræktað í ull og án hennar. Myndir / Aðsendar

Snoðbreiðan:

Fræ látin spíra í ull og útigrænmeti ræktað í ull

María Dís Ólafsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir vinna saman að skemmtilegu nýsköpunarverkefni sem kallast Snoðbreiðan. Verkefnið var fyrst þróað í tengslum við Ullarþon vorið 2021 og vann það í þeim flokki sem það var tilnefnt í.

Fyrir skömmu hlutu þær þær stöllur þriggja milljóna króna styrk út Matvælasjóði fyrir verkefnið, sem kallast Ræktunarlausnir með snoði.

Ræktunarrenningar úr snoði

María segir að hugmyndin með snoðinu sé meðal annars að útbúa ræktunarrenninga fyrir garðyrkjubændur sem eru með útiræktað grænmeti.

„Við þekkjum öll að íslensk veðurfar er erfitt. Vorhret geta verið slæm fyrir ræktun og erfitt er fyrir bændur að spá fyrir um hvenær óhætt sé að sá úti. Sumrin eru eins misjöfn og þau eru mörg og svo kemur haustið stundum óþarflega snemma. Því er óhætt að segja að grænmetisræktun utandyra á Íslandi getur verið eins og að spila í lottóinu. Með því að bjóða upp á ræktunarrenninga væri hægt að gefa greininni hjálparhönd og vonandi smá stöðugleika," segir María.

Atvinnuskapandi verkefni

Ræktunarrenningarnir eru búnir til úr snoði, en það er ull sem ekki er nýtt á Íslandi eins og staðan er í dag. Því er verkefnið að loka þeirri hringrás og nýta þessa hliðarafurð sem í dag er seld óunnin úr landi. Einnig er verkefnið atvinnuskapandi, sérstaklega á landsbyggðinni, og styður það við fjölbreytt störf í landbúnaði.



María Dís Ólafsdóttir lífverkfræðingur er eigandi og framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins AMC ehf., sem er meðal annars að þróa nýjar sútunarlausnir fyrir roð.



Ull sem jarðvegsþekja til að athuga hvort illgresi vaxi upp í gegnum ullina.

Til mikils að vinna

Verkefni Kristínar og Maríu tengist nýsköpun á matvælasviði á tvennan hátt. Bæði er verið að nýta snoð, sem er hliðarafurð sauðfjárræktar og einnig er varan forræktunarlausn fyrir grænmetisbændur.

Verðmætasköpunin felst í atvinnusköpun og einnig að skapa meiri verðmæti fyrir grænmetisbændur með aukinni uppskeru og hífa upp verð á snoði til sauðfjárbænda. „Því miður á íslenskt grænmeti stundum undir högg að sækja vegna hærra verðs og sveiflna í uppskeru, miðað við erlent grænmeti. Því er til mikils að vinna að leita hagkvæmnilausna í íslenskri grænmetisræktun," segir María.


Fræ spíra í ull

Meðal tilrauna sem Snoðbreiðan hefur gert eða er að vinna í er að láta fræ spíra í ull og rækta útigrænmeti í ull. Einnig hefur ull verið lögð í nokkur brött og grýtt svæði til að kanna hvernig hægt sé að nýta ullina í landgræðslu. Einnig er búið að grafa niður ull, sem verður grafin upp einu sinni á ári næstu fimm árin til að meta hraða a niðurbroti hennar. Áætlað er að verkefninu Ræktunarlausnir með snoði ljúki haustið 2023.

/MHH



Ull klippt í búta og grafin. Einn bútur verður grafinn upp árlega og vigtaður. Með þessu má reikna hversu hratt ullin brotnar niður í íslenskri náttúru.



Kristín Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur og sauðfjárbóndi, við nálarþæfingarvél.

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Margrét Ágústsdóttir

Margrét Ágústsdóttir er ótrúleg ofurkona þegar kemur að hreyfingu. Hún stundar þríþraut af kappi og lætur það ekki á sig fá að hún verður 65 ára í haust. Til að verja liði tekur hún **Active JOINTS** frá Eylíf.

Margrét segist vera búin að stunda þríþraut í ellefu ár en því fylgir mikið álag á líkamann. „Á þessum aldri og eftir miklar líkamlegar æfingar í gegnum árin þurfti ég að finna eitthvað sem héldi liðamótunum góðum. Ég var búin að prófa ýmislegt þegar ég rambaði á **Active JOINTS** frá Eylíf fyrir svona tveimur árum. Síðan hef ég ekki fundið fyrir neinu í liðunum. **Active JOINTS** virkar svona vel fyrir mig. Þess vegna finnst mér í góðu lagi að mæla með því fyrir aðra.

Ég vil að fólk viti af þessu fæðubótarefni" segir Margrét.

„Ég var farin að finna fyrir eymslum í liðunum eftir strangar æfingar, sérstaklega á morgnana þegar ég fór fram úr. Ég finn ekki fyrir því lengur. Að keppa og æfa mikið fylgir meiðslahætta. Ef það gerist þarf að slaka aðeins á, ég fer til sjúkraþjálfara og passa upp á mig," heldur Margrét áfram. „Fyrir tveimur árum náði ég mér í beinmar í hné og þarf stundum að nota spelku frá Össuri ef ég finn mikið fyrir því. Liðirnir eru fínir og það þakka ég **Active JOINTS**."

Margrét tekur þrjú hylki af **Active JOINTS** frá Eylíf á morgnana eins og mælt er með. „Ég fann mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að taka **Active JOINTS** að liðleikinn var allt annar. Ég er því ákveðinn í að halda áfram að taka **Active JOINTS**. Mér finnst mikill plús að **Active JOINTS** er íslenskt fæðubótarefni með hreinum efnum úr okkar náttúruauðlindum."

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæða-hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.
„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.
„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**" segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Guðrún Jónsdóttir

Guðrún segist hafa fundið fyrir ýmsum óþægindum árum saman.

„Þrátt fyrir að ég hafi farið í vel heppnaða hnéaðgerð hef ég veriðgjörsamlega ónýt í líkamanum og gat varla gengið vegna mikils sársauka. Ég hafði farið til læknis og prófað að taka inn ýmis konar náttúruefni sem áttu að hjálpa og sömuleiðis hef ég farið í endurhæfingu. Það hjálpaði mér talsvert, en óþægindin héldu áfram að hrjá mig," bætir hún við.

Guðrún sá umfjöllun og ummæli um **Active JOINTS** frá Eylíf heilsuvörum

„Ég las innihaldslýsingar og þær hvöttu mig til að prófa. Einnig hafði vinkona mín mælt með **Actice JOINTS**, svo það var ekkert annað í stöðunni en að prófa. Vá, hvað ég er þakklát, því eftir einungis tvær vikur var eins og ég væri leyst úr fjötrum, eða bönd hefðu verið skorin utan af mér. Allar mínar hreyfingar urðu auðveldari og án óþæginda," segir hún.

Guðrún segist finna örlítið fyrir öðru hnénu, en að öðru leyti sé þetta nýtt og betra líf. Undanfarið hef ég ekki getað stundað æfingar vegna COVID-19. „Það eru tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn **Active JOINTS** og ég get gengið um í dag, sem ég gat ekki áður með góðu móti. Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útbrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með **Active JOINTS** frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreytist því ekki á að dásama þessa vöru."



Þórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera".

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.



EYLÍF

NYTJAR HAFSINS

Gulllax, góður matfiskur sem áður fyrr var hent útbyrðis:

Með öllu óætur og jafnvel eitraður!



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Gulllaxinn skilaði hálfum milljarði króna í útflutningstekjur á síðasta ári. Helsta markaðslandið var Úkraína. Gulllax er fluttur út hausaður eða heilfrystur en auka mætti verðmætin með vinnslu á marningi.

Miðað við nafnið mætti ætla að gulllax sé með verðmætari nytjafiskum á Íslandsmiðum en það er langt í frá. Engu að síður er þessi glitrandi fagri fiskur ágæt búbót hjá þeim útgerðum sem hafa tækifæri til að nýta hann.

Fjarskyldur loðnunni

Gulllax tilheyrir ættbálki glitfiska og er fjarskyldur ættingi loðnunnar. Tvær tegundir af ættkvísl gulllaxa finnast við Ísland, þ.e. stóri gulllax og litli gulllax. Það er sá stóri sem er hér til umfjöllunar. Gulllax er langvaxinn og hausstór fiskur. Hann getur náð allt að 70 sentímetra lengd en algeng stærð er 40 til 50 sentímetrar.

Gulllax er þanggrænn á lit að ofan en gull- eða silfurlitur á hliðum og hvítgulur að neðan. Heimkynni eru í Norður-Atlantshafi. Hér við land er hann algengastur frá Rósagarðinum svonefnda undan Suðausturlandi, suður með ströndinni og vestur um land til móts við Halamið. Einkum finnst hann þó út af Suðvesturlandi.

Gulllax er miðsævis- og botnfiskur, stærstu fiskarnir halda sig dýpra. Hann verður kynþroska 8 til 9 ára gamall á Íslandsmiðum. Hann getur orðið meira en 30 ára gamall.

Lýsing á gulllaxinum hér að ofan er fengin úr þeirri gagnmerku bók Íslenskir fiskar eftir Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson.

Með öllu óætur og jafnvel eitraður!

Gulllax veiddist hér við land um langt árabil einkum sem meðafli við karfaveiðar og var lengst af kastað fyrir borð. Hann þvældist einnig í fleiri veiðarfæri eins og humartroll. Í skemmtilegu viðtali í Tímanum frá 1954 við skipstjóra á humarveiðum segir hann að stundum hafi þeir fengið feiknin öll af fiski sem heitir gulllax. „Eftir útlitinu að dæma skyldi maður ætla að gulllaxinn væri hinn ljúffengasti matur en það er haft fyrir satt að hann sé alveg óætur, og jafnvel eitraður, og við fleygðum honum öllum," sagði skipstjórinn.



Gulllaxvinnsla um borð í frystitogaranum Þerney RE fyrir margt löngu. Mynd / Hjalti Gunnarsson

Fyrsta flokks í fiskfars

Það var að sjálfsögðu alger misskilningur að gulllaxinn væri óætur. Þvert á móti. Norðmenn og Færeyingar höfðu til dæmis lag á því að nýta gulllaxinn. Norskir fræðimenn fundu meira að segja út í rannsóknum að fáir fiskar hentuðu betur í fiskfars en gulllax. Hann hafði mikla samloðun, enda ríkur af gelatíni. Drifhvítt holdið gerði hann líka eftirsóknarverðan.

Af og til voru gerðar tilraunir til að veiða þennan fisk sérstaklega hér við land. Það var í frásögu fært þegar skuttogarinn Runólfur hélt til tilraunaveiða á gulllaxi sumarið 1976. Veiðarnar lofuðu góðu en lítið framhald varð þó á þeim.

Um áratug síðar var Hilmir II á ferðinni að veiða gulllax. Fiskurinn var flakaður um borð, unninn í marning og frystur. Fáein skip fylgdu í kjölfarið og næstu árin var skráður afli frá nokkrum tonnum á ári og allt upp í 1.255 tonn árið 1993.

Sóknin hefst fyrir alvöru

Það var þó ekki fyrr en árið 1997 sem sókn í gulllax hófst fyrir alvöru. Það ár fór aflinn úr rúmum 800 tonnum árið 1996 í í tæp 3.400 tonn, að því er fram kemur í gögnum Hafrannsóknastofnunar. Aflinn rauk upp í 13 þúsund tonn 1998.

Árið 1997 lönduðu 26 togarar gulllaxi. Á árunum 2000 til 2007 var aflinn á bilinu 2.500 til 4.800 tonn en fór í rúm 16 þúsund tonn árið 2010. Vegna stýringar stjórnvalda dróst aflinn saman og var 7.200 tonn árið 2013.

Lengi vel utankvótafiskur

Sókn í gulllax var í fyrstu frjáls. Hann var utankvótafiskur og engin opinber takmörk voru á heildarveiði né á veiðum einstakra skipa. Það var þó vitað að allar veiðar yrðu stöðvaðar færi heildaraflinn verulega fram úr ráðleggingu Hafrannsóknastofnunar.

Þetta fyrirkomulag við stjórn veiðanna þótti óhagkvæmt. Það leiddi til þess að skipin kepptust um að veiða sem mest áður en kæmi hugsanlega til stöðvunar, bæði til að fá örugglega sína sneið af kökunni hverju sinni og ekki síst til að safna veiðireynslu ef og þegar kæmi til kvótasetningar.

Fiskveiðiárið 2013/2014 var svo úthlutað kvóta í gulllaxi í fyrsta sinn. Heildaraflamarkið var 8.000 tonn og var kvótanum skipt á skip samkvæmt veiðireynslu eins og lög segja til um. Stærstu kvótahafarnir voru Brim og HB Grandi.

Árlegur afli síðustu ár hefur dregist nokkuð saman og sum árin var veiðin töluvert undir leyfilegum hámarksafla.

Mest unnið í sjófrystingu

Gulllaxinn er nú aðallega og nær eingöngu unninn um borð í frystiskipum. Hann er hausaður og slógdreginn og frystur þannig eða heilfrystur. Einnig eru fáein dæmi um marningsvinnslu hér á landi í gegnum tíðina. Árið 2020 var öllum afla landað sjófrystum, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Árið 2021 námu útflutningsverðmæti gulllax um 555 milljónum króna. Heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða var 296 milljarðar það árið þannig að gulllax vegur ekki þungt á heildina litið. Stærsti kaupandinn á gulllaxi var Úkraína.

Vigri RE veiddi mest

Á nýliðnu fiskveiðiári, þ.e. frá 1. september 2021 til 30. ágúst 2022, veiddust um 6.500 tonn af gulllaxi, þar af fengu 10 efstu skipin um 6.200 tonn. Og fimm aflahæstu skipin veiddu um 4.700 tonn, eða 72% aflans.

Aflahæsta skipið er Vigri RE með um 1.500 tonn, næst kemur Örfirisey RE með rúm 1.100 tonn. Brim hf. gerir bæði skipin út.

Kvótinn á fárra höndum

Ekkert þak er á kvóta í gulllaxi eins og er í nokkrum mikilvægustu nytjategundum sem íslensk skip veiða.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. (áður Brim) er með um 39% kvótans fyrir kvótaárið 2021/2022, Brim hf. (áður HB Grandi) kemur næst með um 25% og Þorbjörn hf. er í þriðja sæti með tæp 11%. Ögurvík hf., sem er í eigu Brims, er með rétt rúm 4% gulllaxkvótans.

Þess má geta að Útgerðarfélag Reykjavíkur er stærsti hluthafi í Brimi með tæplega 34% hlut samkvæmt hluthafaskrá í lok ágúst síðastliðnum. Þessi þrjú skyldu félög, þ.e. Brim, Útgerðarfélag Reykjavíkur og Ögurvík, fengu samtals úthlutað rúmum 67% af gulllaxkvótanum í upphafi nýliðins fiskveiðiárs.

Prýðilegur matfiskur

Eins og fram er komið fer lítið fyrir marningsvinnslu úr gulllaxi hér á landi. Hann er eingöngu frystur um borð, hausaður og slógdreginn að langstærstum hluta, að því er Sólveig Arna Jóhannesdóttir, markaðs- og sölustjóri sjófrystra afurða hjá Brim hf., sagði í samtali við Bændablaðið. Eftirspurn eftir heilfrystum fiski með haus er takmörkuð og bundin við fáein lönd svo sem Egyptaland.

Sólveig sagði að vonandi sæju einhverjir tækifæri í því að vinna gulllaxinn áfram hér á landi, skapa þar með aukin verðmæti úr honum og koma honum jafnvel á diska landans.

Markaður fyrir gulllaxinn er aðallega í Austur-Evrópu og sagði Sólveig að neytendur þar hefðu lag á því að flaka og matreiða gulllaxinn þrátt fyrir að bein í honum gætu þótt til trafala. Fram kom hjá Sólveigu að eftirspurn eftir gulllaxi væri jöfn og söluhorfur ágætar. Úkraína væri ekki dottin út þrátt fyrir stríðið sem geisar þar.

Sólveig sagði að gulllax væri prýðilegur matfiskur sem gjarnan mætti vera á borðum íslenskra neytenda. Sjálf kvaðst hún hafa nýlega prófað að elda gulllaxflök. Hún reyndi nokkrar aðferðir með mismunandi kryddi og eldun. Hún sagði að þessi fiskur væri mjög bragðgóður, gott bit og holdið hvítt. Beinhreinsun hefði hins vegar tekið tímann sinn.

Hrygningarstofninn stækkað

Ráðgjöf Hafró fyrir gulllax hefur verið lengst af um 8.000 tonn á fiskveiðiári, en var hækkuð upp í rúm 9.200 tonn fiskveiðiárið 2021/2022 og í 11.520 tonn fyrir fiskveiðiárið 2022/2023. Ráðgjöfin var hækkuð vegna þess að veiðidánartalan hefur verið lág undanfarin ár og hrygningarstofninn stækkað.

Markaðssettur sem „hvítur lax" í Noregi

Þrátt fyrir töluverða útbreiðslu gulllax í Norðurhöfum er hann ekki mikið veiddur. Beinar veiðar eru helst stundaðar í Noregi, Færeyjum og á Íslandi.

Á síðasta ári veiddu Færeyingar 8.470 tonn af gulllaxi. Þeir vinna gulllaxinn aðallega í marning til útflutnings.

Norðmenn veiða bæði stóra gulllax og litla gulllax í einhverjum mæli. Heildarkvótinn er í kringum 9.000 til 10.000 tonn.

Marningur af gulllaxi er notaður í fiskkökur og fiskbollur í Noregi. Norska nafnið yfir gulllax er „vassild" en fiskbollurnar eru seldar undir nafninu „hvitlax" til að gera vöruna meira aðlaðandi.

Gulllaxi er einnig blandað með öðrum fisktegundum í bollur og kökur. Í neyslukönnun í Noregi sögðust sárafáir hafa borðað gulllax en þegar niðurstöður voru kynntar var fullyrt að fjöldi Norðmanna hefði örugglega borðað gulllax í fiskbollum án þess að vita af því!



Hausttilboð

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Innifalið: Gráir steinar úr granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Ledljós fylgir með lugt
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi
Frí sending um allt land
Geymum steina ef óskað er

Tilboð 1



Sett eins og á mynd : 580.000
Sett án blómaramma : 480.000

Tilboð 2



Sett eins og á mynd : 580.000
Sett án blómaramma : 460.000

Tilboð 3



Hægt að setja 2 nöfn
Sett eins og á mynd : 460.000
Sett án blómaramma : 350.000

Tilboð 4



Sett eins og á mynd : 660.000
Sett án blómaramma : 540.000

Tilboð 5



Sett eins og á mynd : 225.000
Steinn án luktar : 175.000

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is


HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



Innflutningur á plöntum og plöntuafurðum

Innflutningur á vörum í kafla sex í tollskránni, Lifandi tré og aðrar plöntur, hefur aukist ár frá ári undanfarin 10 ár og var innflutt magn ársins 2021 72% meira en það hafði verið 2012. Á sama tíma hefur framleiðslu- og flutningsverð þessara vara (verð til innflutningsaðila) hækkað um 61% þrátt fyrir að hafa lækkað töluvert frá 2013 til 2017. Er það þrátt fyrir að verð á jólatrjám, stærsti innflutningsliðurinn í kílóum talið, hafi ekki hækkað mikið á þessu tímabili.

Árlegur innflutningur í tonnum	2020	2021	2022*
601 Blómlaukar	184	201	45
602 Lifandi plöntur	570	563	398
603 Afskorin blóm	91	129	89
604 Lauf, greinar og plöntuhl.	338	314	50
Alls	**1.183**	**1.207**	**582**



Árlegur innflutningur í tonnum	2020	2021	2022*
06042030-Lifandi jólatré án rótar	247	209	15
06029099-Aðrar inniplöntur	127	122	57
06011030-Túlipanar (Tulipa)-Blómlaukar	83	92	0
06029059-Aðrar útiplöntur	88	91	62
06029049-Aðrir runnar og tré	95	63	53
06042090-Lifandi greinar, lauf ...	42	53	33
06029070-Græðlingar með rót ...	42	52	28
06029051-Fjölærar jurtkenndar útiplöntur	46	49	13
06042040-Lifandi jólatrésgreinar	44	48	0
06011090-Blómlaukar o.þ.h., í dvala	49	46	18
Annað	321	383	304
Alls	**1.183**	**1.207**	**582**

Listi yfir mest innfluttu plönturnar breytist ár frá ári, að því undanskildu að jólatré eru alltaf í efsta sæti. Á þessari mynd sést skiptingin á mest innfluttu plöntunum 2020-2021. Það skekkir hins vegar notagildi þessara mælinga að einu hagstærðirnar sem gefnar eru út um innflutt tré og aðrar plöntur eru eftir þyngd en ekki einingum. Tollgjöld á þessar vörur eru reiknuð á fjölda eininga og tollkvótar eru það einnig. Erfitt er því að fylgjast með nýtingu tollkvóta eða reikna greidd gjöld af þessum vörum út frá opinberum tölum.

Árlegur innflutningur í tonnum	2020	2021	2022*
Holland	2,37	4,28	3,85
Kenya	2,52	2,20	2,90
Ekvador	0,12	0,79	0,43
Eþíópía	0,20	0,30	0,58
Kólumbía	0,02	0,17	0,03
Annað	0,21	0,16	0,14
Alls	**5,43**	**7,90**	**7,94**

*** Innflutningur 2022 er fyrir janúar til og með júlí**

Innflutningur á rósum stefnir á að aukast mikið á þessu ári. Um mitt árið 2022 hafði þegar verið flutt inn jafn mikið magn af rósum og allt árið á undan. Mestur hluti rósa sem fluttur er til landsins kemur frá Hollandi en næstu lönd þar á eftir eru öll utan Evrópu. Löndin í öðru til fimmta sæti þess lista eru annars vegar í Afríku og hins vegar S-Ameríku.







Allt mögulegt fyrir öryggið



Við sérhæfum okkur í öryggisvörum svo sem heyrnarhlífum og samskiptabúnaði, fallvörnum, hjálmum, vinnu- og öryggisfatnaði, gasmælum, öryggisgleraugum og höfuðljósum.

Auk þess erum við með úrval af háþrýstidælum, rafstöðvum, loftpressum, o.fl.

Kíkkaðu í vefversun okkar og hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.















DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

FRÉTTASKÝRING

Bókhald gróðurhúsalofttegunda 2020:

Landbúnaður uppspretta 14% af losun Íslands

Í síðustu skilum Umhverfisstofnunar á bókhaldi gróðurhúsalofttegunda til Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var landbúnaður uppspretta 14% af losun Íslands árið 2020, eða 618 þúsund tonn CO_2 ígilda. Losunin hefur dregist saman um 7% milli áranna 1990 og 2020.



Valur Klemenssson
valur@bondi.is

Til að einfalda alla útreikninga og umfjöllun um losun gróðurhúsalofttegunda er notast við mælikvarða sem kallaður er kolefnisspor, sem gefið er upp í tonnum eða kílóum koltvísýringsígilda, skammstafað tonn CO_2 ígildi eða kg CO_2 ígildi. Er þá búið að umreikna allar gróðurhúsalofttegundir sem losna vegna athafna mannsins yfir í koltvísýringsígildi.

Metan og glaðloft

Gróðurhúsalofttegundirnar frá landbúnaði eru aðallega metan (CH_4) vegna iðragerjunar og glaðloft (N_2O) vegna nytjajarðvegs. Meginþorri losunar frá landbúnaði, eða um 59%, árið 2020 kemur frá búfé, iðragerjun og meðhöndlun húsdýraáburðar, og 40% frá nytjajarðvegi.

Losunin hefur haldist nokkuð stöðug og verið á bilinu 600 þúsund til 700 þúsund tonn CO_2 ígilda undanfarna áratugi. Helstu breytingar frá 2005 hafa verið vegna aukinnar losunar frá búfé, aðallega vegna aukins fjölda nautgripa 2013 og frá nytjajarðvegi, vegna breytinga á áburðarnotkun sem og breytinga á fjölda búfjár á beit.


Skógrækt á lögbýlum/ bændaskógrækt

Fjöldi samninga um skógrækt á lögbýlum er 669 talsins. Samtals ná samningarnir yfir 53.930 hektara. Í ár voru áætlaðar rúmlega 3 milljónir plantna í skógrækt á lögbýlum en gera má ráð fyrir einhverjum afföllum og þar með er rauntalan eitthvað undir 3 milljónum. Árið 2021 var gróðursett í skógrækt á lögbýlum rúmlega 2,4 milljónir plantna árin 2020 og 2019 voru þær rétt rúmlega 2 milljónir og árið 2018, rétt um 1,9 milljónir.

Samkvæmt útreikningum sem unnir voru árið 2015 var hlutur bændaskógræktar frá og með 1990 um 38% af allri bindingu ræktaðra skóga á Íslandi. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall hafi hækkað eitthvað síðan þá. Í síðustu skilum á bókhaldi gróðurhúsalofttegunda til Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var binding ræktaðra skóga metin 381 þúsund tonn CO_2. Miðað við að hlutfall bændaskóga í heildarbindingu skóga á Íslandi sé 38% er bindingin a.m.k. 145 þúsund tonn CO_2 miðað við árið 2020.



Meginþorri losunar frá landbúnaði, eða um 59%, árið 2020 kemur frá búfé, iðragerjun og meðhöndlun húsdýraáburðar.
Myndir / Myndasafn Bændablaðsins





Um 40% af losun frá íslenskum landbúnaði kemur frá nytjajarðvegi.

Miðað við þessar forsendur má áætla að nettó losun CO_2 ígilda frá landbúnaði sé um 473 þúsund tonn CO_2 ígilda miðað við árið 2020.

Heimild:Skógræktin, Umhverfisstofnun



Loftslagsbreytingar:

Alþjóðlegur loftslagsskattur

Fátækari þjóðir heims vinna að tillögu um sérstakan alþjóðlegan loftslagsskatt sem leggja á fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna (SÞ).

Skattlagningin myndi nýtast til að niðurgreiða kostnað sem hlýst af náttúruhamförum af völdum loftslagsbreytinga. Guardian greinir frá. Tillagan, sem lekið var í fjölmiðla, verður flutt á allsherjarþingi SÞ í þessari viku. Þróunarríki vilji leggja á ríkari þjóðir heims kröfur sem eru „loftslagstengdar og sanngirnis-tengdar," eins og kemur fram í tillögunni.

Lagt er til að skatturinn verði lagður á flug, svartolíu notaða í siglingum, olíuvinnslu og iðnað sem losar kolefni. Tillagan leggur einnig til álögur á fjármálaviðskipti.

Þetta er gert þar sem fátækari ríki heimsins eru mun viðkvæmari fyrir áhrifum loftslagsbreytinga og öfga í veðri sem af þeim hlotnast. Þó svo að samþykkt hafi verið á 26. loftslagsráðstefnu SÞ, sem haldin var í Glasgow fyrir tæpu ári síðan, að ríkari þjóðir heims þyrftu að koma til móts við þær fátækari vegna þess skaða sem hlotnast hefur af iðnaðarframleiðslu, er ólíklegt að samkomulag náist um framkvæmd skattaálaganna.

Karabíska eyríkið Antígva og Barbúda leggur fram sérstaka ályktun fyrir allsherjarþingið þar sem tekið er fram að aukinn sjávar- og lofthiti gæti leitt til ofurfellibyls sem skelli á landið. Talið er að skaðinn af þeim fellibyl geti verið sexföld landsframleiðsla eyríkisins. Ályktunin segir að þjóðir Karíbahafsins hafi lagt hvað minnst til loftslagsbreytinga en verða fyrir mestum áhrifum.

Þess vegna sé í fyrsta lagi nauðsynlegt að takmarka hlýnun jarðar við 1,5° Celsíus, í öðru lagi þurfi að gera fjármagn til aðlögunar að loftslagsbreytingum aðgengilegt og í þriðja lagi verði hægt að ná í stuðning vegna loftslagstengds skaða. */ÁL*



Fátækari þjóðir hafa lagt minnst til loftslagsbreytinga en verða fyrir mestum neikvæðum áhrifum.
Mynd / Unsplash



Græn Framtíð

Dagur Landbúnaðarins

Hótel Nordica föstudaginn 14.október 2022 klukkan 10-12

Bændasamtök Íslands standa fyrir **Degi landbúnaðarins** – málþingi um áskoranirnar og framtíðarverkefnin í landbúnaði á Íslandi.

Pallborðsumræður munu fara fram að loknum erindum.

Skráning og nánari upplýsingar á **www.bondi.is**



Fundarstjóri
Vigdís Häsler
Framkvæmdastjóri BÍ



Umræðustjóri
Guðmundur Gunnarsson
Fréttastjóri Markaðarins

Fylgstu með samtölunum á **bondi.is og bbl.is** **Facebook** **Instagram**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

LÍF & STARF



Hörður Jóhannsson, rafvirki og vélstjóri, ætlar að gera elsta skráða þilfarsbát hér á landi upp og hefur þegar hafist handa norður á Akureyri. Mynd / MÞÞ



Hörður reisti létt skýli yfir Bryndísi sunnarlega í Sandgerðisbótinni og má ætla að þar verji hann mörgum vinnustundum á komandi vetri við að bjarga bátnum frá glötun.



Bryndís ÍS, elsti skráði þilfarsbátur á Íslandi, var sjósett á Ísafirði 28. desember 1939. Myndir / Úr einkasafni.

Gerir upp elsta skráða þilfarsbátinn hér á landi, Bryndísi ÍS:

Gömul skip verða ekki minjar sé þeim eytt

„Þetta er gríðarmikið verkefni," segir Hörður G. Jóhannsson, sem hafist hefur handa við að gera upp elsta skráða þilfarsbát hér á landi, Bryndísi ÍS, sem smíðuð var á Ísafirði og sjósett 28. desember 1939.

Lauslega áætlað gerir hann ráð fyrir að 10 og upp í 20 þúsund vinnustundir þurfi til að gera bátinn upp. Hörður hefur fengið 2,7 milljónir króna í styrk frá Minjastofnun en að öðru leyti sjálfur staðið straum af kostnaði.

Hörður segir að líta megi svo á að Bryndís ÍS sé undanfari Guðbjargar ÍS sem um árabil var gerð út frá Ísafirði, en fyrstu skipstjórar voru þeir Guðmundur Guðmundsson og Ásgeir Guðbjartsson, sem síðar stofnuðu saman útgerðarfélagið Hrönn á Ísafirði sem gerði Gugguna út. Hörður keypti bátinn árið 2001, en þá hafði honum borist til eyrna að lægi fyrir að farga honum fyrir vestan og á þeim tíma var ekki mikill áhugi á að varðveita bátinn.

„Það hafa margir bátar farið forgörðum hjá okkur Íslendingum í tímans rás, það er mikið talað um að vernda báta og skip og forða þeim frá glötun, en stundum verður minna úr því," segir hann.

Nefnir hann t.d. kútter Sigurfara frá Akranesi í því sambandi og Maríu Júlíu, frægt varðskip á sinni tíð sem liggur undir skemmdum fyrir vestan.

Hver á að sinna þessu verkefni?

„Þetta er líka spurning um hver á að vernda þessa gömlu báta, einstaklingar eða hið opinbera," segir Hörður og nefnir að því sé gjarnan borið við hjá hinum opinberu aðilum að peninga skorti, mannskap og pláss til að taka gamla báta og gera upp. Örlög þeirra verði því of oft að grotna niður fyrir augum okkar og á árum áður var vinsælt að farga þeim á áramótabrennum.

Hörður er rafvirki og vélstjóri og starfaði mikið á sinni starfsævi við gamla báta, m.a. var hann mikið hjá Norðursiglingu á Húsavík. Hann gjörþekkir til um borð í eldri bátum og um tíðina safnaði hann alls kyns hlutum sem skipt var um. „Þeir koma sér vel núna, ég á mikið safn sem ég vonast til að geta nýtt eitthvað við þetta verkefni. Annars útvega ég mér efni héðan og þaðan, mest kemur frá útlöndum því það er búið að farga flestum bátum af þessu tagi hér á landi og ekki um auðugan garð að gresja þar," segir hann.

Bryndís ÍS hafði ekki haffærniskírteini þegar Hörður keypti bátinn fyrir ríflega tveimur áratugum en fékk leyfi til að sigla honum frá Ísafirði til Akureyrar sem hann gerði. Upp frá því hefur báturinn verið fyrir norðan, á ýmsum stöðum á Akureyri, en var fluttur í Sandgerðisbót nú síðast. Þar hefur Hörður reist létt skýli yfir bátinn sem hlífir honum fyrir úrkomu. „Ég ætlaði að byrja á fullu í þessu verkefni þegar ég hætti að vinna, en þá tóku veikindi við og ekkert varð úr mínum góðu áformum fyrr en núna í haust."

Margbúið að reyna að hafa vit fyrir mér

Gerir hann ráð fyrir að vera mestmegnis einn við verkið en nýtur einnig aðstoðar frá fjölskyldu sinni og vinum. Einnig er skipasmiður með honum í liði, sem veitir stuðning og hjálp við verkið. Hvað kostnaðinn varðar segir hann að ljóst sé að svo umfangsmikið verkefni kosti stórfé, samanber allan þann efnivið sem keyptur hefur verið. Hann hefur fengið styrk frá Minjastofnun og stefnir Hörður á að sækja fleiri styrki til verksins eftir því sem fram vindur.

„Heimska," svarar Hörður galvaskur, spurður um af hverju hann sé að vasast í þessu verkefni. Hann gæti sem best spókað sig á Tenerife yfir vetrarmánuðina í stað þess að vinna baki brotnu við að gera upp gamlan bát í köldu skýli. „Það er margbúið að reyna að hafa vit fyrir mér, en án árangurs. Fólk er boðið og búið að segja mér hvað þetta sé vitlaust, kostnaðarsamt og mikil vinna. En ég hef alla mína ævi haft áhuga á gömlum bátum og veit að ég er með mikil verðmæti í höndunum," segir hann. /MÞÞ



Búið að koma bátnum fyrir áður en skýlið var reist.



Skagafjörður:

Sjö umhverfisviðurkenningar

Alls voru sjö umhverfisviðurkenningar afhentar við athöfn í Húsi Frítímans á Sauðárkróki á dögunum.

Soroptimistaklúbbur Skagafjarðar hefur veg og vanda af tilnefningum og afhendingu umhverfisviðurkenningar fyrir hönd sveitarfélagsins.

Félagskonur fóru um allan Skagafjörð, en að þeirra mati er umgengni í sveitarfélaginu stöðugt að batna og metnaður íbúa til að hafa umhverfið snyrtilegt hefur aukist. Alls hafa Soroptimistakonur afhent 100 viðurkenningar um árin, en þetta var átjánda árið sem klúbburinn veitir slíkar viðurkenningar.

Sjö viðurkenningar

Í ár voru veittar sjö viðurkenningar í fimm flokkum. Flugumýrarhvammur hlaut viðurkenningu í flokknum sveitabýli með hefðbundinn búskap en eigendur eru þau Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Snyrtilegasta lóð við fyrirtæki var valið Dalasetur þar sem þau Jakobína Helga Hjálmarsdóttir, Þórarinn Þórðarson, Daníel Þórarinsson og Stefán Óskar Hólmarsson hafa byggt upp einstaklega snyrtilegt og fallegt svæði í landi Helgustaða í Unadal. Snyrtilegasta lóð við opinbera stofnun var valin Byggðastofnun.

Einstakt framtak

Hjónunum Maríu Guðmundsdóttur og Sigurði Hansen á Kringlumýri var veitt viðurkenning fyrir einstakt framtak með uppsetningu Grjóthers Hauganesbardaga ásamt uppbyggingu og starfsemi í Kakalaskála. Fram kom í umsögn að þetta framtak Kringlumýrarhjóna væri ávinningur fyrir samfélagið allt.

Þá hlutu þrjár lóðir viðurkenningu en allar eiga það sameiginlegt að verkja athygli fyrir snyrtimennsku og góða umhirðu.

Lóðirnar eru við Furulund 4 í Varmahlíð, eigandi Helga Bjarnadóttir, Kirkjugata 7 Hofsósi, eigendur Dagmar Ásdís Þorvaldsdóttir og Ragnar Þór Jónsson og Raftahlíð 44 á Sauðárkróki, eigendur Eva Óskarsdóttir og Svavar Sigurðsson. */MÞÞ*



Soroptimistaklúbbur Skagafjarðar hefur veg og vanda af tilnefningum og afhendingu umhverfisviðurkenningar fyrir hönd sveitarfélagsins.
Mynd / Sveitafélagið Skagafjörður



Í stað pósthúsa verður lögð áhersla á þjónustulausnir.

Landsbyggðin:

Þremur pósthúsum lokað eftir áramót

Þremur pósthúsum á jafnmörgum stöðum verður lokað um miðjan janúar á næsta ári, 2023. Þetta eru pósthúsin í Grindavík, á Skagaströnd og Kópaskeri.

Í stað pósthúsa verður í framhaldinu lagður meiri þungi í aðrar þjónustulausnir.

Póstþjónusta á Íslandi hefur tekið stórfelldum breytingum en frá árinu 2010 hefur fjöldi bréfasendinga dregist saman um 74% samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Póstsins. Pakkasendingar hafa á sama tíma margfaldast að magni. Verulega hefur dregið úr eftirspurn eftir afgreiðsluþjónustu pósthúsa en notkun annarra þjónustulausna vex. */MÞÞ*



Körfubíll prófaður.

Slökkviliðið:

Fá nýrri og öflugri bíl í Fjallabyggð

Slökkvilið Fjallabyggðar hefur fengið körfubíl frá Slökkviliði Akureyrar til geymslu og notkunar.

Fengu Akureyringar fyrr á þessu ári nýjan öflugan körfubíl í sína þjónustu. Slökkvilið Fjallabyggðar hafði áður bíl frá árinu 1969, 53 ára gamlan, í sinni þjónustu þannig að verulega er verið að yngja upp hjá liðinu, því körfubíllinn frá Akureyri er árgerð 1987. Hann hefur að auki verið endurnýjaður og verið vel við haldið um árin.

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri í Fjallabyggð, segir á vefsíðu sveitarfélagsins að bíllinn sé mun öflugri á allan hátt og muni eiginleikar hans gjörbreyta vinnu í þeim verkefnum sem slökkviliðið þarf að takast á við. */MÞÞ*



ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

Frumsýning 24. sept.!

Benedikt Búálfur

√ Þann 24. september frumsýnir áhugaleikhús Hveragerðis verkið um hann Benedikt búálf – í tilefni þess að nú í ár átti leikfélagið 75 ára afmæli.

Ákveðið var semsé að setja upp ævintýrið um búálfinn geðþekka og ævintýri hans, hann Benedikt. Leikritið er unnið upp úr fyrstu bókinni um Benedikt, en höfundur er Ólafur Gunnar Guðlaugsson.

Tónlistina samdi Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson en söngtextana sömdu þau Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson.


Verkið hefst á því að Dídí mannabarn rekur augun í Benedikt, þar sem hann stendur með handklæði um sig miðjan, á baðherberginu hennar nýkominn úr baði. En búálfar eru aðeins sýnilegir mannabörnum þegar þeir eru blautir!

Örlög búálfa eru með þeim ósköpum að þegar þeir lenda í þeim hremmingum að verða mannabörnum sýnilegir, þá ráða mannabörnin hvað verður um þá. Benedikt og Dídí verða góðir vinir og lenda í miklum ævintýrum og mikilli hættu í Álfheimum, en allt fer þó vel að lokum.

Leikstjóri sýningarinnar er Gunnar Gunnsteinsson.
Danshöfundar eru Maria Araceli og Baldvin Alan Torarensen.
Frumsýning verður laugardaginn 24. september.
MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS
Sýningar eru svo áætlaðar í október og nóvember.
Nánari upplýsingar á Facebooksíðu Leikfélagsins.
Sýnt er í Leikhúsinu Í Hveragerði að Austurmörk 23.









Töfrar Tjarnarbíós:

Að finna óvænta gleði við Tjarnarbakkann

Tjarnarbíó sem stendur við Tjarnargötu 10D var upphaflega byggt sem íshús* árið 1913 og síðar nýtt sem frjálsíþróttahús borgarbúa.


Árið 1942 var svo unnið ötullega að því að breyta húsinu í kvikmyndahús. Var þeirri breytingu lokið strax í ágústmánuði, og hófust fljótlega sýningar við mikinn fögnuð borgarbúa. Þótti mikið sport að spássera niður í bæ í þetta þriðja og nýjasta kvikmyndahús Reykvíkinga, en fyrstu sýningar hófust í kringum 8. ágúst. Samkvæmt Alþýðublaðinu þann 7. ágúst 1942 kemur fram að forsvarsmenn bíóhússins sáu fyrir sér að í nýja biósalnum yrðu sýndar „fréttamyndir á daginn en aðrar myndir á kvöldin“.

Var þetta þriggja manna nefnd, tilnefnd af Háskólaráði – þeir Niels Dungal prófessor, formaður, Gunnar Thoroddsen prófessor og Jón Hjaltalín prófessor.

Framkvæmdastjóri var ekki settur, en Pétur Sigurðsson háskólaritari sá um daglegan rekstur þess, gegndi bókhalds- og gjaldkerastörfum. Í Alþýðublaðinu kom enn fremur fram að:

„Niels Dungal skýrði Alþýðublaðinu einnig svo frá í gærkveldi, að ætlunin væri að reka kvikmyndahúsið stöðugt, það er að segja mikinn hluta dagsins. Verða fréttamyndir sýndar um miðjan daginn eða fram til kl. 7, en á kvöldin verða sýndar aðrar kvikmyndir til skemmtunar og fróðleiks. Hefir stjórn kvikmyndahússins fullan hug á að vanda mjög til kvikmyndanna sem það leigir, enda hefir það þegar tryggt sér góð sambönd.

Annars mun Tjarnarbíóið leggja alla áherzlu á að fá sem mest af góðum fræðslumyndum og væri full þörf á því að meira yrði gert af því að sýna slíkar myndir en gert hefir verið til þessa.“



Tjarnarbíó í allri sinni dýrð. Mynd / Wikipedia



Leikkonan Gríma Kristjánsdóttir á sviðinu, en leiksýningin „Hið stórfenglega ævintýri um missi“ er hennar eigið hugarfóstur.

Hannes á Horninu ósáttur

Í sama dagblaði, þann 18. ágúst, birtist í annars spaugsömum dálki *„Hannesar á Horninu“* aðfinnslur í garð brussulegrar framkomu sætavísunarstúlku, svo og hegðun bíógesta að sýningu lokinni.

„En þá hrukkum við upp við það, að harkalegt fótatak glumdi við, og sætavísunarstúlka skeiðaði þvert yfir gólfið, og reif opna fremri útidyrahurðina. Ef það er endilega nauðsynlegt, að stúlkurnar ösli svona þvert yfir gólfið, áður en myndin er búin, vildum við a.m.k. leggja til, að bíóið sæi þeim fyrir gúmmíbotnum í skósólana.“ „Annað er það líka sem okkur langar til að minnast á í sambandi við bíóin, — það er, að þegar myndinni er rétt að ljúka, þá ryðjast allflestir á fætur, eins og þeir búizt við, að húsið muni hrynja á því augnabliki, sem myndin endar, og eyðileggja gjörsamlega endirinn fyrir hinum, sem kunna þó dálítið meiri mannasiði.“

Bíóferðir voru semsé ekki endilega teknar út með sældinni. En áfram liðu árin.

Uppgerð hússins

Eftir margra áratuga gleði í salnum var kominn tími á að gera húsnæðið upp. Árið 2005 voru vangaveltur þess efnis að loka þyrfti dyrum Tjarnarbíós vegna afar lélegs ástands og sífelldum undanþágum er kom að öryggismálum. Tveimur árum síðar samþykkti svo borgarráð að ráðast skyldi í endurgerð hússins með bætta aðstöðu fyrir augum og lögð var áhersla á að varðveita skyldi að innan yfirbragð kvikmyndahússins frá 1943. Er framkvæmdir hófust árið 2008, kom í ljós hversu illa húsið var farið. Endurnýja þurfti allar fráveitulagnir, klæðning fjarlægð inn af veggjum og úr lofti auk þess sem rifið var timburgólf, leiksvið og burðarveggir. Í raun var öllu kollsteypt, rifið í sundur og endurbyggt.

Húsið í dag er því í afskaplega fínu standi, ytra sem innra og gleður gesti og gangandi bæði með leik og kvikmyndum.

Hið stórfenglega ævintýri ...

Akkúrat í dag stendur hæst sýningin „Hið stórfenglega ævintýri um missi“, en að missa ástvin er einhver sú erfiðasta, fallegasta og flóknasta lífsreynsla sem við göngum í gegnum. Í lýsingu á bandalagssíðunni, www.leiklist.is, kemur fram að um ræðir einleik, hugarfóstur Grímu Kristjánsdóttur úr leikhópnum Sjáumst, og byggir verkið á hennar eigin reynslu.

Hið stórfenglega ævintýri um missi er grátbrosleg, einlæg og drepfyndin sýning um það hvað það er sem við söknum þegar við missum ástvin. Við förum ósjálfrátt að líta til baka og gera upp fortíðina. Hverju viljum við muna eftir? Viljum við tala um hið sára og ljóta eða ætlum við bara að halda uppi fullkominni mynd af manneskjunni sem við misstum? Um það ótrúlega augnablik þegar maður áttar sig á því að ekkert skiptir meira máli en fólk, tengsl og ást.

Hægt er að kaupa miða á tix.is og um að gera að næla sér í einn slíkan sem fyrst, enda um afbragðs tengingu við sjálfið að ræða. */SP*

**(bygging notuð sem geymsla undir ís áður en ísskápar komu til sögunnar. Ís þá m.a. skorinn úr stöðuvötnum að vetrarlagi, pakkað í hálm til einangrunar og nýttur að sumarlagi til að halda matvælum köldum.)*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

vfs.is

NÝ SENDING!

TJ TJAKKAR

Allt í bílaviðgerðirnar og viðhaldið, í skúrinn eða á verkstæðið

Hjólatjakkar
Flöskutjakkar
Legubretti
Loftpressur
Legupressur
Búkkar
Dekkjatjakkar
Sandblásturskassar
o.m.fl.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli

MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | **Sími** 544 4656 | **www.**mhg.is

LÍF & STARF



Fimm ár voru fyrr í sumar frá því Bjórböðin voru opnuð á Árskógssandi.



Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar, við heitu pottana á útisvæðinu við Bjórböðin. Myndir /Bruggsmiðjan

Eigendur Bruggsmiðjunnar og Bjórbaðanna á Árskógssandi færa út kvíar:

Fyrstu fimm herbergin á Hótel Kalda opnuð í ágúst

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Þetta er heilmikið ævintýri sem við erum nú að leggja út í," segir Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar á Árskógssandi.

Í byrjun apríl síðastliðnum keypti félagið fiskvinnsluhús sem staðið hafði ónotað í 23 ár og hófst handa við að gera það upp sem hótel. Það fær nafnið Hótel Kaldi. Bruggsmiðjan byggði upp Bjórböðin sem fögnuðu 5 ára afmæli í byrjun sumars, en gestir þar hafa mikið spurt um gistingu í tengslum við heimsókn sína þangað.

„Það má segja að með þessum framkvæmdum, að kaupa gamalt fiskvinnsluhús og breyta því í hótel, séum við að bregðast við fjölda fyrirspurna frá okkar gestum. Bjórböðin hafa átt vinsældum að fagna líkt og aðrir baðstaðir en fólk vill gjarnan gera meira úr ferðinni og auðvitað keyrir enginn heim sem hefur fengið sér bjór í baðinu," segir Agnes.

Agnes og Ólafur Þröstur Ólafsson stofnuðu Bruggsmiðjuna sem var í hópi fyrstu handverksbrugghúsa landsins, fyrsta framleiðslan kom á markað í lok september árið 2006. Starfsemin hefur vaxið og dafnað síðan, búið að byggja við, bæta við tækjum og auka framleiðslugetuna umtalsvert. Fyrir fimm árum opnuðu þau Bjórböðin til viðbótar við starfsemi brugghússins og segir Agnes að vel hafi gengið í heildina, þó því sé ekki að leyna að heimsfaraldur af völdum kórónuveirunnar hafi sett mark sitt á reksturinn.

Góðar viðtökur

„Faraldurinn hefur gert okkur grikk eins og öðrum rekstri, við þurftum að hafa lokað langtímum saman þau ár sem hann stóð yfir, enda starfsemin skilgreind í flokki baðstaða. En ég kvarta ekki, það gekk mjög vel í fyrrasumar, Íslendingar voru mikið á ferðinni hér um slóðir.

Þeir elta gjarnan veðrið sem er skiljanlegt og það var gott norðan heiða bróðurpart sumars," segir hún.

Bjórböðin eru annars konar en hefðbundnir baðstaðir, tveir og tveir deila stóru baðkari og hafa aðgang að framleiðsluveigum fyrirtækisins á meðan þeir slaka á í baðinu. Alls er hægt að taka 50 böð á dag þannig að gestir eru um 100 talsins þegar fullt er. „Almennt er ég mjög ánægð með hvernig til hefur tekist, viðtökur hafa verið góðar og við erum komin inn á kortið hjá bæði íbúum hér um slóðir og ferðamönnum," segir hún.

Keyptu húsið í apríl og hófust handa

Agnes segir að allt frá því Bjórböðin voru opnuð sumarið 2017, hafi gestir spurt mikið um gistingu í tengslum við heimsókn sína. Fátt hafi verið í boði á nærsvæðinu. „Þessi hugmynd hefur verið að gerjast hjá okkur nokkuð lengi, við höfum verið að skoða möguleika og hvernig best væri að koma til móts við þessar óskir," segir Agnes. Fiskvinnsluhúsið, sem er steinsnar frá Bruggsmiðjunni og Bjórböðunum, var í eina tíð með umfangsmikla starfsemi á Árskógssandi, en vinnsla hefur ekki verið þar í ríflega tvo áratugi. „Þetta hús var beint fyrir framan okkur, ónotað. Þannig að það lá einhvern veginn beint við að kaupa það, setja í nýjan búning og bjóða þar upp á gistiaðstöðu," segir Agnes.

2000 fermetra hús

Húsið var keypt í byrjun apríl og strax hafist handa. Iðnaðarmenn hafa verið þar að störfum í vor og sumar við breytingar og fjölskyldan leggur hönd á plóg og tekur til hendinni á kvöldin eftir vinnudaginn.

„Það er allt á fleygiferð og mikið að gera, en þetta er mjög skemmtilegt og við hlökkum til að taka þessa viðbót við okkar starfsemi í notkun," segir Agnes. Til að byrja með verða fimm herbergi í boði fyrir tíu gesti. „Við höldum svo áfram verkinu, tökum eitt og eitt skref í einu, það hefur alltaf reynst okkur vel að fara á okkar hraða í þetta."

Húsið er allt um 2.000 fermetrar að stærð, þar af eru um 800 fermetrar á efri hæð þess þar sem hótelstarfsemin verður. Auk herbergjanna verður matsalur á hæðinni, kaffihús og anddyri. Um 50 manna salur er þar einnig og verður hann leigður til viðburða af ýmsu tagi. Agnes segir að stefnan sé að klára verkefnið á tveimur árum.

Góð viðbót við ferðaþjónustuna

„Ég er bjartsýn fyrir hönd ferðaþjónustunnar hér á svæðinu, það hefur orðið stöðug aukning undanfarin ár og útlitið gott," segir Agnes. Þar vísar hún m.a. til þess að Niceair muni fljúga ferðalöngum inn á svæðið á næstu árum auk þess sem fleiri flugfélög fljúgi beint eða ætli sér að hefja áætlunarflug til Akureyrar. „Staðsetning okkar er mjög góð, við erum í miðjum Eyjafirði, stutt að fara bæði til Akureyrar og Siglufjarðar sem eru vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Við höfum mikla trú á því að hótelrekstur hér verði góð viðbót við ferðaþjónustuna á svæðinu."

NÝ VÉL FRÁ VALTRA

VALTRA Q-LÍNAN
230-305 hestöfl
NORRÆN HÖNNUN Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

MADE IN FINLAND

AFLVÉL
AGCO Power, unnið með Valtra frá 1951 lengst allra

SKROKKUR
Allar Q-línu dráttarvélar eru smíðaðar í Finnlandi í háum gæðum

ÖKUMANNSHÚS
Háþróuð tækni, frábært jafnvægi næst með loftfjaðrandi framás og húsi

GÍRKASSI
CVT stiglaus gírskipting sérsniðin að Valtra, hönnuð og þróuð af AGCO í Þýskalandi



AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, Garðabæ, sími 480-0000
Gagnheiði 35, Selfossi, sími 480-0400
www.aflvelar.is



Á sýningunni eru allar gerðir af fyrirtækjum sem þjóna íslenskum og erlendum sjávarútvegi. Mynd / Aðsend

Sjávarútvegssýningin 2022:
Fiskvinnsla framtíðarinnar

Sjávarútvegssýningin SJÁVARÚTVEGUR / ICELAND FISHING EXPO 2022 verður haldin dagana 21. til 23. september í Laugardalshöll. Þar sýna um 150 innlend og erlend fyrirtæki.

Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri þess segir að sýningin veki alltaf miklum áhuga bæði hér innanlands og víða um heim.

„Sýningin er einstaklega fjölbreytt og áhugaverð og við finnum fyrir aukunum áhuga erlendra aðila enda íslensk sjávartæknifyrirtæki í fremstu röð. Á sýningunni eru allar gerðir af fyrirtækjum sem þjóna íslenskum og erlendum sjávarútvegi og þar koma gestir til með að sjá það nýjasta í hátækniútbúnaði er tengist fiskvinnslu og útgerð.

Þar eru meðal annars kynnt tæki og búnaður sem mun án efa hafa mikil áhrif á hina alþjóðlegu fiskvinnslu í framtíðinni. Þá er mikið af nýjum fyrirtækjum með sýningarbása og ber þar að nefna fyrirtæki sem þjóna fiskeldinu bæði á sjó og landi."

Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra, opnaði sýninguna formlega og afhend viðurkenningar til fjögurra aðila innan sjávarútvegsins og krýnir „Trillukarl ársins". Sendinefnd frá Möltu mætir sérstaklega á sýninguna undir forystu dr. Alicia Bugeja Said matvælaráðherra

Sjávarútvegssýningin er opin frá klukka. 10 til 18 á fimmtudag og föstudag. Að sýningunni stendur sýningarfyrirtækið Ritsýn sf. */VH*

HAUSTTILBOÐ

Rýmingarsala · Allt á að seljast!

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast.

Takmarkað magn · Ekki missa af þessu · Fyrstur kemur fyrstur fær

VH/22-03



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

volundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán · VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

www.volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

Kæru björgunaraðilar um allt land!

Af eigin reynslu af björgunarstörfum og skorti á úrræðum með léttan búnað í leitum á hálendi. Hannaði ég samanbrjótanlegar sjúkrabörur til að bera á baki í leitum og flýta fyrir björgun slasaðra á fjöllum. Markmiðið var að gera björgunarstörf léttari fyrir okkur og auka öryggi slasaðra á fjöllum, með því draga úr hættunni á vindkælingu með meira skjóli.

Eiginleikar: Aðeins 4,9kg, 30cm hlífðarkantar, áföst hitahlíf til fóta, mjúk lega, einangrandi stífur botn og mjúk handföng. Í heimsókn til Landhelgisgæslunnar, kom í ljós; að sjúkrabörurnar passa í þyrlukörfur, sjúkrabílakerrur og beint á gólf lítilla flugvéla án þess að flugsæti þurfi að fjarlægja.
***Fyrstu verðlaun á Ítalíu 2018, fyrir besta hugvitið!**

„Hallas Rescue Stretchers" hafa verið til sölu hérlendis seinustu fimm ár. Keyptar af björgunarsveitum um allt land, ferðafélögum í fjallaskála, ýmsum leiðsögufélögum, skíðaskálum o.fl. Nú er Hallas ehf. að stofna fyrirtæki erlendis fyrir alheimsmarkað og mun hætta sölu hérlendis í lok þessa árs. Enn eru til nokkrar sjúkrabörur á lager. **www.hallas.is**

Takk fyrir mig frábæra fólk, sem lætur líf og öryggi ferðamanna skipta máli. **Halla Eysteins**



Til eru margar gerðir af sjúkrabörum um allan heim





En engar eru hannaðar eins og Hallas Rescue Stretchers



LÍF & STARF



Serghii Kish fer fyrir hönd Sherp til Grænlands til þess að kenna nýjum eigendum á notkun tækisins. Á bílnum er límmiði (sjá innfellda mynd) þar sem tekið er sérstaklega fram að hann hafi verið framleiddur í Kænugarði á stríðstímum.



Tveir úkraínskir Sherp torfærubílar komu við í Reykjavíkurhöfn á leið sinni lengst norður í Grænland. Þar verða þeir notaðir við jarðfræðirannsóknir vegna vísbendinga um miklar birgðir af kopar. Til þess að verjast ágangi ísbjarna, hafa þessir bílar verið útbúnir með sérstökum grindum fyrir öllum gluggum.

Öflugir bílar framleiddir í skugga stríðs:

Úkraínsk torfærutæki með viðkomu á Íslandi

Tveir Sherp N 1200 torfærubílar sem framleiddir eru í Kiev komu við í Reykjavíkurhöfn á dögunum.

Þetta eru bílar sem eru hannaðir til notkunar við erfiðustu aðstæður, hvort sem er við heimskautin, í frumskógum eða eyðimörk. Bílarnir sem komu hingað verða notaðir við leit að koparríku málmgrýti við 82. breiddargráðu á austurströnd Grænlands. Sherp bílarnir hafa verið framleiddir síðan 2012 af úkraínsku fyrirtæki.

Fram að innrás Rússa í Úkraínu voru þeir framleiddir í tveimur verksmiðjum, þ.e. einni í Úkraínu og annarri í Rússlandi. Eftir innrásina fluttist öll framleiðslan til Kænugarðs. Flestir íhlutirnir eru framleiddir af Sherp, en gírkassinn er framleiddur af Renault í Frakklandi og vélin af Doosan í Suður-Kóreu. Samkvæmt Serhii Kish, starfsmanni Sherp, hafa þeir framleitt yfir 1.000 stykki frá því að bíllinn kom fyrst á markað árið 2012. Stærsti markaður Sherp er í Kanada, en þangað hafa verið seldir 300 bílar. Serhii hefur fylgt mörgum Sherp bílum á áfangastaði sína til þess að kenna nýjum kaupendum á notkun þeirra. Meðal annars hefur hann farið til Suður-Súdan, Brasilíu og Indlands í sínum störfum.

Kanye West og SÞ meðal kaupenda

Þrátt fyrir að útlit Sherp minni á herjeppa þá eru þeir ekki notaðir sem slíkir. Þeir eru markaðssettir sem tæki fyrir björgunarsveitir, slökkvilið, hjálparstofnanir, rannsóknarteymi o.fl. Sameinuðu þjóðirnar nota til að mynda 15 Sherp við friðargæslu og matvælaaðstoð í Suður-Súdan.

Rapparinn Kanye West er mikill aðdáandi og hefur hann verslað sér tíu stykki af Sherp Pro 1000, sem er aðeins minni en N 1200 bíllinn. Í tónlistarmyndbandinu við lagið Closed on Sunday eftir West má sjá bílalest af Sherp trukkum flytja nokkra broddborgara yfir óblítt landslag.

Styttri en Polo – breiðari en vörubíll

Á myndum lítur bíllinn út fyrir að vera stærri en hann sannarlega er – reyndin er samt sú að hann er ákaflega stuttur á meðan hann er mjög hár og breiður. Lengdin er t.a.m. ekki nema 4.002 mm, sem þýðir að hann er 70 mm styttri en Volkswagen Polo. Hæðin er 2.825, sem er einum metra hærra en Toyota Land Cruiser. Breiddin er svo 2.520 mm sem er aðeins breiðara en flestir vörubílar.

Dekkin á bílnum eru svo engin smásmíði, en þau eru 180 sentímetrar eða 71 tomma í þvermál. Í hverri felgu er svo 58 lítra eldsneytistankur sem er beintengdir við aðaltankinn sem er 95 lítrar. Samtals er því rými fyrir 327 lítra af dísil. Ökumaðurinn getur auðveldlega hleypt úr dekkjunum innan úr ökumannshúsinu. Þegar nauðsynlegt er að auka þrýstinginn aftur er pústið tengt við dekkin.

Skriðstýrður

Sherp er ekki með beygjubúnað eins og flestir bílar, heldur er akstursstefnunni stjórnað með því að bremsa hjólum á annarri hvorri hliðinni. Inni í bílnum er því ekki hefðbundið stýrishjól, heldur er haldið í tvær stangir sem stjórna bremsunum á sinni hliðinni hver. Í gólfinu er svo kúpling og inngjöf, og gírstöngin er á milli sætanna. Hámarkshraði á landi er 40 km/klst. og 6 km/klst. á vatni.

Mikill kopar í jörðu

Eigandi bílanna tveggja er ástralska námufyrirtækið GreenX Metal, sem eru að hefja leit að kopar í Independence Fjord, við norð-austurhorn Grænlands. Þeir verða með 15 starfsmenn á svæðinu til að byrja með. Það eru m.a. jarðfræðingar, vélvirkjar, veiðimenn og einn snjósérfræðingur.

Ekki hefur verið unninn kopar úr jörðu á þessu svæði áður, en jarðfræðirannsóknir hafa bent til mikilla birgða. Independence Fjord er fjarri allri mannabyggð, en næsta fólk er að finna á örlítilli herstöð, Station Nord (íbúafjöldi: 5), sem er í 155 km fjarlægð í beinni loftlínu til suðausturs.

Þarnæsta byggð er svo veðurstöðin Danmarkshavn (íbúafjöldi: 8), sem er í 600 km fjarlægð suður af Independence Fjord.

Innflutningur til Íslands í burðarliðnum

Steingrímur Matthíasson hjá Skutli ehf., sem hefur flutt inn Tinger Armor torfærutækin frá Rússlandi, ætlar að hefja innflutning á Sherp. „Eftir að stríðið hófst þá lokaðist á þann möguleika að flytja inn fleiri Tinger. Hins vegar virðast þeir hjá Sherp hafa heyrt af mér og athuguðu hvort ég hefði áhuga á að flytja inn þeirra vörur í staðinn. Ég vonast til þess að það gangi eftir á næstu mánuðum," segir Steingrímur. */ÁL*



BÆKUR & MENNING

Í skugga Gaulverjabæjar:

Tunguliprir svikarar

Fyrir um 100 árum síðan fluttust þrír menn að Gaulverjabæ í Flóa sem kunnugir telja þá verstu sendingu sem komið hefur í þá friðsælu sveit.



Mennirnir stunduðu þá fjáröflunaraðferð að heimsækja vel stæða bændur í héraðinu, gefa þeim vel af koníaki og fá þá til að skrifa nafnið sitt á pappíra, víxla og skuldabréf. Jón M. Ívarsson, sagnfræðingur frá Vorsabæjarhóli, hefur tekið saman bók um málið og þar segir hann frá hvernig undirferli, svik og prettir óvandaðra manna léku bændur í hans heimasveit og víða um Suðurland.

Svikararnir stóðu afhjúpaðir fyrir alþjóð

„Atburðir urðu landsfrægir á sínum tíma og var um fátt meira talað þegar tjöldin féllu og fjársvikararnir stóðu afhjúpaðir frammi fyrir alþjóð," segir Jón, „og í munni almennings kallaðist þetta Gaulverjabæjarmálin."

Í kynningu um bókina segir að háttalag mannanna þriggja, Jóns Magnússonar, Björns Gíslasonar og Erasmusar Gíslasonar, hafi allt verið löglegt en að fláttskapur hafi búið undir. Þegar víxlarnir og skuldabréfin féllu í gjalddaga komu innheimtulögfræðingar á staðinn og hirtu eignir þeirra sem skrifað höfðu undir.

Margir létu ginnast

Að sögn Jóns létu margir hrekklausir bændur ginnast af fagurgala þessara manna og hlutu fjárhagslegt skipbrot fyrir bragðið. „Dæmi eru um menn sem misstu jarðir sínar og eignir og urðu gjaldþrota og í bókinni er sagt frá mönnum sem bundu enda á líf sitt þegar bófarnir voru búnir að koma þeim á kaldan klaka. Þó langt sé um liðið lifa enn í munnmælum ýmsar sagnir um mennina og þeirra tiltektir og margt er um þá að finna í dómsmálabókum sýslunnar."

Frá þessu og mörgu öðru er sagt í þessari áhugaverðu bók sem sannar það enn og aftur að raunveruleikinn er stundum ótrúlegri en nokkur skáldsaga. Jón gefur sjálfur út bókina og verður hún eingöngu til sölu hjá honum. Þeir sem hafa áhuga á að eignast bókina geta haft samband við höfundinn gegnum netfangið jonmivars@gmail.com eða í síma 861 6678. */VH*

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2022/23

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	832-1557	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Biggi Upp ehf	691-4995	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Þingeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Flateyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Ísafjarðardjúp	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson, Ketilseyri	849-8364
Hólmavík	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Bitrufjörður	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Borðeyri	Strandafrakt	892-4646	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarþvottastöð	483-4290	Lífland Blönduósi	540-1155
Sauðárkrókur	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag Skagf., Verslunin Eyri	455-4610
Akureyri	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Bústólpi-Húsavík	664-0581
Mývatn	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Bústólpi-Húsavík	664-0581
Kópasker	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Jón R. Gíslason, Fjarðarvegur 25	892-0632
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Landstólpi	480-5610
Höfn	Biggi Upp ehf	691-4995	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Biggi Upp ehf	691-4995	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Biggi Upp ehf	691-4995	Verslunin Aldan	696-6810
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840

Ullarverð 2023 - kr/kg

Haustull	Verð frá Ístex kr/kg	
Lambsull	H-Lamb 1 flokkur hvít	600
	H-2 Lamb (lítið gölluð) hvít	450
	M-2 Lamb	425
Hvít haustull		
	H-1 Flokkur	425
	H-2 Flokkur	125
	H-3 Gróft Flokkur	100
Sauðalitir		
	M-Svart	425
	M-Svart-2 flokkur	160
	M-Mórautt	425
	M-Mórautt-2 flokkur	160
	M-Grátt	425
	M-2 Flokkur	80

Vetrarull	Verð frá Ístex kr/kg	
Hvít ull		
	Hvít heilsársull	80
	Hvítt snoð	100
Sauðalitir		
	M-Svart	80
	M-Grátt	80
	M-Mórautt	80
	M-2 Flokkur	80

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.



LÍF & STARF

Ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar:

Huldufreyjur Dalrúnar



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Sagnfræðingurinn Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir útskrifaðist með doktorspróf í sagnfræði nú í sumar, en doktorsrannsókn hennar fjallar um ráðskonur sem störfuðu á íslenskum sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar. Rannsóknin byggði á viðtölum sem hún tók við fyrrum ráðskonur, er miðluðu upplifun sinni af ráðskonustarfinu, alls 41 talsins.

Dalrún er sérfræðingur í munnlegri sögu en slík söguleg nálgun felur í sér að taka viðtöl, greina þau og miðla niðurstöðunum í rituðu máli. Aðspurð bendir hún á að saga kvenna hafi í gegnum tíðina ekki fengið hljómgrunn til jafns við sögu karlmanna og því mikilvægt að sagnfræðingar ljái konum þá rödd sem eðlilegt er að þessi helmingur mannkyns hafi í sögunni. Í þeirri vegferð er mikilvægt að nýta viðtalsformið eftir mætti í rannsóknum á sögu kvenna enda þeim hvað þýðastur tjáningarmáti

„Konur sem gegndu ráðskonustarfinu í sveitum landsins á seinni hluta 20. aldar eru nú komnar á aldur og því nauðsynlegt að bregðast við og skrásetja sögu þeirra kvenna áður en þær hverfa af sjónarsviðinu – forða ráðskonusögunni frá glötun.“

Dalrún segir það vera mikil forréttindi fyrir hana sem sagnfræðing að hafa fengið tækifæri til að ræða við fyrrum ráðskonur Íslands og heyra merkilegar lífssögur þeirra. Áður en hún hóf rannsóknina var saga ráðskvenna lítt þekkt og heimildirnar mjög takmarkaðar, jafnvel þó svo að ráðskonustéttin sé ein elsta kvennastarfsstétt hérlendis.

Þess ber að geta að Dalrún rannsakaði einnig forsögu ráðskonu - starfsins allt aftur til 1850 til þess að fá mynd af þróun þess, allt frá tímum gamla bændasamfélagsins



Dalrún fyrir utan heimili sitt í Mosfellsdalnum. Mynd / SP

Doktorsrannsóknin miðlar þannig ekki aðeins fróðleik um ráðskonustarfið heldur gefur einnig þýðingarmikla innsýn í uppbyggingu samfélagsins á síðari hluta 20. aldar.

Ekki síst innsýn í stöðu einstæðra mæðra á síðari hluta 20. aldar – því langflestar konur sem sinntu ráðskonustörfum á því tímabili voru ungar einstæðar mæður sem fóru í slíka vist með börn sín með sér.

Í rannsóknninni skoðaði Dalrún félagslega stöðu kvenna sem voru ráðskonur, bæði áður en þær réðu sig í vistina og á meðan vistinni stóð. Hún lagði einnig mikla áherslu á að skilgreina ráðskonustarfið með hliðsjón af starfsskyldum og stjórnunartengdum þáttum er í starfinu fólust.

Rótgróin kynjaskipting

„Áhugi minn á viðfangsefninu, kviknaði vegna föðurömmu minnar – hún starfaði sem ráðskona á nokkrum sveitabæjum með börn sín með sér – pabbi minn var sem sagt ráðskonubarn,“ segir Dalrún og bætir við að hana hafi langað að vita hvers vegna konur, á síðari hluta 20. aldar, sóttust í að flytja úr þéttbýli í dreifbýli til að sækja sér vinnu. Á tímum þegar atvinnumöguleikar þeirra í þéttbýlinu höfðu aldrei verið meiri. Spurningin var; Hvað stóð að baki þessum flutningum?

Eftirspurn eftir ráðskonum segir Dalrún að megi útskýra á fleiri en einn veg. Vinnuveitendur ráðskvenna voru langoftast einhleypir miðaldra bændur, sumir voru piparkarlar, aðrir fráskildir, einstæðir feður og ekklar. Reyndar var ekki óalgengt að ráðskonur störfuðu á bæjum þar sem í heimili voru bræður, feðgar eða bændur og oft aldraðar mæður þeirra. Brotthvarf kvenna úr sveitum í þéttbýlið á 20. öld skapaði þörf fyrir ódýrt kvenkyns vinnuafl til að sinna heimilishaldi í sveitum og í slíkum tilfellum gat heimilishjúið ráðskonan bjargað málunum. Á þessum tíma var enn rótgróin kynjaskipting á íslenskum sveitaheimilum sem mótaðist meðal annars af viðteknum hugmyndum um að heimilisstörf væru kvennastörf.

„Víst er að karlarnir höfðu iðulega lítinn metnað fyrir því að sinna heimilisstörfum á bæjunum en það má samt ekki gleyma því að þeir höfðu oft og tíðum litla eða enga kunnáttu á því sviði, enda vanist því frá unga aldri að slík þjónusta væri reidd fram af mæðrum, systrum eða öðru kvenfólki. Það þýðir þó ekki að þær konur sem sinntu ráðskonustörfum hafi endilega búið að reynslu af heimilishaldi sem eitthvað kvað að.

> „Að vera ráðskona þýddi svolítil völd, bæði í þeirra huga og annarra, ekki síst vegna þess að þetta var staða konu sem „bjargaði heimilinu“ ef svo má segja.“

Áhugavert var að sumar þeirra höfðu enga reynslu af hússtörfum og flestar kvennanna höfðu lítinn áhuga á þrifum og matartilbúningi. Forsenda þess að vera ráðin sem ráðskona var því öðru fremur að vera kona, enda konur taldar búa yfir eðlislægri þekkingu á heimilisstörfum.“

Helmingur viðmælenda Dalrúnar sinnti útiverkum samhliða störfum sínum inni við, en þó fólst meginábyrgð þeirra í hússtjórn. Viðtölin leiddu hins vegar í ljós að margir bændur þörfnuðust félagsskapar ráðskvennanna, ekki síður en starfsins sem þær voru ráðnar til að sinna. „Þeir voru margir einmana og óskuðu eftir selskap. Þetta fannst mér merkilegt að heyra,“ segir Dalrún, en nokkur hluti viðmælenda hennar sagði hreint út að þær álitu meginstarf sitt á bænum hafa verið fólgið í því að halda bændunum selskap, enda hluti þeirra er réðu sér ráðskonur með lítil félagsleg tengsl og þótti vænt um að fá líf í húsið. Oft gat myndast góður kunningsskapur með ráðskonunum og bændunum, sem entist gjarnan eftir að ráðskonuvistinni lauk.

Viðtölin sýndu að konurnar voru stoltar af því að hafa sinnt stjórnunarstöðu á sveitabæjum enda báru þær mikla virðingu fyrir sveitalífinu, líkt og reyndin var með flesta Íslendinga á þeim tíma.

Víst er að vinnuframlag ráðskvenna á íslenskum sveitabæjum skipti miklu máli fyrir samfélög sveitanna á sínum tíma. Heimilisstörfin sem þær sinntu voru nauðsynlegur þáttur í gangverki búnaðarstarfa sem unnið var að á sveitabæjunum,“ segir Dalrún.

Félagslegt úrræði

Launuð heimilisstörf á síðari hluta 20. aldar, þar með talið ráðskonustarfið, var ekki eingöngu kynbundið heldur líka stéttbundið. „Það voru yfirleitt fátækar, ungar einstæðar mæður úr þéttbýlinu sem tóku að sér þetta láglaunastarf. Félagsleg staða einstæðra mæðra á þessum tíma var líkt og áður mjög bágborin því samfélagið gerði á margan hátt ekki ráð fyrir þeim konum og börnum þeirra. Einstæðum mæðrum var ætlað að bera þungan af uppeldis- og framfærslumálum barna sinna en á sama tíma skorti félagsleg úrræði til að styðja þær í þeirri erfiðu vegferð. Afskiptaleysi barnsfeðra á þessum tíma gagnvart börnum sínum þótti sumsé ekkert tiltökumál. Einstæðar mæður sinntu því gjarnan fleiri en einu starfi til að ná endum saman. Það er ótrúlegt að einstæðar mæður, þessar kvenhetjur Íslands, sem alla tíð hafa þurft að leggja ótrúlega mikið á sig til að tryggja velferð barna



sinna hafi aldrei hlotið þá virðingu sem þær eiga skilið," segir Dalrún. Rannsóknin sýndi að lélegt bakland, húsnæðisvandi, fjárhagsörðugleikar og skortur á dagvistunarúrræðum framan af 20. öldinni voru helstu ástæðurnar að baki því hve margar einstæðar mæður réðu sig til ráðskonustarfa.

„Ráðskonustarfið bauð upp á sæmileg kjör fyrir einstæða móður í barningi lífsins, nefnilega húsnæði og fæði fyrir þær og börn sín, sem var ígildi launa. Sumar ráðskonur fengu líka eiginleg laun en ráðskonulaunin voru nær alltaf mjög lág. Konurnar voru fyrst og fremst að hugsa um öruggt húsaskjól fyrir sig og börn sín. Þannig kemur ráðskonustarfið að vissu leyti fyrir sjónir sem félagslegt úrræði fyrir einstæðar mæður sem þráðu að vera sjálfstæðar mæður." En það voru ekki eingöngu einstæðar mæður sem réðu sig sem ráðskonur því mörg dæmi voru um að ungar einhleypar barnlausar konur færu í ráðskonuvist til sveita til að öðlast nýja reynslu og slík dæmi fundust einnig á meðal eldri ráðskvenna sem voru minnihluti þessarar starfsstéttar. Ráðskonustarfið var oftast tímabundið atvinnuúrræði þó dæmi séu um að ráðskonur hafi starfað í mörg ár og jafnvel heilu áratugina á sama sveitabænum.

Sumar ráðskonur giftust bændunum og þá var jafnan sagt að þær ílentust á bænum, yrðu húsmæður, segir Dalrún, „hjónaböndin byggðu gjarnan á hagkvæmnisástæðum þó svo eldheit rómantík hafi sannarlega stundum komið við sögu."

#MeToo og láglaunastéttir

MeToo-byltingin (vitundarvakning um hvers kyns kynbundið ofbeldi/áreitni) hafði nýlega verið hleypt af stokkunum þegar Dalrún hóf að taka viðtöl sín. Eftir því sem viðtalsvinnunni vatt fram kom sífellt betur í ljós hvað sú bylting hafði afgerandi áhrif á tjáningu kvennanna um kynbundið ofbeldi.

„Ég gerði mér fljótlega grein fyrir því," segir Dalrún „hversu mikilvægt það er að taka viðtöl við eldri konur í tengslum við ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir í lífinu. Viðtalið er tjáningarrými sem þær þekkja og gefur þeim færi á að miðla #MeToo-sögum sínum munnlega, líkt og í samtali. Eldri konur eru ekki eins líklegar til að opna sig um þessi mál á veraldarvefnum.

Þarna er um að ræða stóran hóp eldri kvenna, þolenda kynbundins ofbeldis sem þarfnast áheyrnar og ég tel viðtalsformið kjörið tól til að skrá reynslusögur þeirra kvenna. #Me-Too-sögur eldri kvenna á Íslandi mega ekki tapast svo lærdómurinn sem draga má af þeim sögum skili sér – það er beinlínis þjóðþrifamál."

Dalrún bendir á að #MeToo-byltingin í grunninn snúist um að konur geti unnið störf sín án þess að verða fyrir kynbundnu ofbeldi. „Þess vegna er ráðskonusagan svo mikilvæg í #MeToo umræðunni í dag, því það er mun oftar brotið á réttindum kvenna sem starfa í heimahúsum en þeirra sem starfa á opinberum vettvangi, á alþjóðavísu.

Það var ekkert opinbert eftirlit með störfum ráðskvenna á sveitabæjum – sem gerði gerendum kleift að brjóta á starfstengdum réttindum þeirra og í verstu tilvikunum á konunum sjálfum líkamlega, andlega og/eða kynferðislega," segir Dalrún „það voru engin úrræði fyrir þessar konur." Hún tekur fram að ráðskonur, líkt og margar aðrar konur, hafi ekki getað tjáð sig frjálslega um ofbeldið sem þær urðu fyrir, vegna hættu á að verða útilokaðar af samfélaginu á einn eða annan máta.

Fórnarlömb ofbeldis útilokuð

„Sumir samtímamenn hafa miklar áhyggjur af því að verið sé að útiloka kynferðisofbeldismenn frá ýmsum áhrifastörfum en eitthvað hefur minna borið á áhyggjum þeirra manna gagnvart útilokun fórnarlamba kynferðisofbeldis.

Útilokun fórnarlamba kynferðisofbeldis í stað gerendanna sjálfra hefur tíðkast í íslensku samfélagi alla tíð – svona er feðraveldið," segir Dalrún. „Ráðskonur í sveit voru því miður óvarinn hópur hvað kynbundið ofbeldi varðar.

En einnig má taka fram að sumar kvennanna sem gerðust ráðskonur voru að flýja heimilisofbeldi í þéttbýlinu og í þeim tilfellum gat ráðskonuvist á sveitabæ verið lífsbjörg, bæði fyrir þær og börn þeirra.

„Það er fátt betra en að ræða við þrælskemmtilegar og fróðar konur sem hafa lifað tímana tvenna. Leit mín að ráðskonusögu Íslands var ógleymanlegt ferðalag um fortíðina í fylgd þessara sögulegu kvenna – ég er þeim ævarandi þakklát," segir doktor Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir að lokum.







LÍF & STARF

Vatnsdalur:

Ungir bændur taka við keflinu á Brúsastöðum



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Lisa Inga Hälterlein og Skafti Vignisson tóku nýlega við búi á Brúsastöðum. Þar er rekið kúabú með tæplega 60 mjólkandi kúm og 97 hekturum af ræktarlandi. Þau eru ekkert tengd fyrri ábúendum og spurðu að fyrra bragði hvort jörðin væri til sölu. Mynd / ÁL

Skafti Vignisson og Lisa Inga Hälterlein tóku um síðustu áramót við búinu á Brúsastöðum í Vatnsdal. Tóku þau við af þeim Sigurði Ólafssyni og Gróu Margréti Lárusdóttur sem höfðu stundað þar búskap frá árinu 1994. Á Brúsastöðum er rekið bú með nálægt 60 mjólkurkúm sem hefur oft ratað í fréttirnar vegna árangurs.

Skafti er 33 ára, uppalinn á Höfnum á Skaga, og Lisa er 34 ára, uppalin í Slésvík-Holtsetalandi í Norður-Þýskalandi. Þau hafa búið á Blönduósi undanfarin ár þar sem Lisa starfar sem sjúkraþjálfari og Skafti var í vélavinnu.

Hugur þeirra leitaði alla tíð til landbúnaðarstarfa. Skafti útskrifaðist sem búfræðingur frá Hvanneyri árið 2014 og Lisa hefur stundað hestamennsku frá æskuárum.

Íslenski hesturinn heillaði

Lisa umgekkst íslenska hesta úti í Þýskalandi sem varð til þess að vekja hjá henni áhuga á Íslandi. Fyrstu kynni hennar af landinu voru þegar hún kom í hestaferð hingað 14 ára gömul og fann þá að til Íslands þyrfti hún að koma aftur.

Árið 2008 fékk hún vinnu á hestabúgarði í Vestur-Húnavatnssýslu og dvaldi á árinu í eitt ár. Árið 2013 kemur hún aftur með það fyrir augum að setjast hér að og starfaði á hrossaræktarbúi í Austur-Húnavatnssýslu. Skafti og Lisa kynnast árið 2015 og grínast hjónaleysin með að af þeim tveimur sé Skafti mun áhugasamari um búsetu í Þýskalandi.

Sveitin kallar

Fljótlega fluttu þau út á Hafnir og tóku þátt í búskapnum með fjölskyldu Skafta. Bæði voru þau búin að einsetja sér að fara í búskap, en foreldrar Skafta voru ekki tilbúin til að bregða búi og þurftu þau því að leita annað.

Heimaslóðir Lisu kallast sveit á þýskan mælikvarða og dreymdi hana alltaf um að eignast sinn eigin bæ þar sem hún gæti verið í tengslum við náttúruna og gæti ræktað sína hesta. Sjálfur segir Skafti að hann kunni best við sig við sveitastörf og hann vilji helst ekki starfa við neitt annað.

„Við höfum alltaf verið að tala um að fara út í sveit," segir Lisa. Samt sem áður höfðu þau ekki gert kauptilboð í neina jörð þar sem lítið sé um að bújarðir séu auglýstar til sölu á svæðinu.

Létu vaða

Árið 2020 ákvað Skafti að hringja í Sigurð, þáverandi bónda á Brúsastöðum, og athuga að fyrra bragði hvort hjónin hefðu íhugað að selja.

„Þetta kemur kannski svolítið flatt upp á fólk þegar maður spyr bara si svona hvort þetta væri til sölu," segir Skafti. Fljótlega eftir þetta fyrsta símtal ræddu þeir lengi saman án þess að það leiddi til nokkurs fyrst um sinn. Sumarið 2021 fór hins vegar að færast alvara yfir viðræðurnar.

Skafti og Lisa eru ekkert tengd Sigurði og Gróu. Þegar ábúendaskipti eru á bújörðum er algengast að ættingjar taki við eða einhver vandalaus kaupi eftir að jörðin hefur verið kynnt í gegnum fasteignasölu. Hins vegar er algjör undantekning að ótengdir aðilar kaupi bújörð í rekstri án þess að nokkuð hafi verið auglýst, eins og í tilfelli Brúsastaða.

„Ef maður er búinn að skoða hlutina vel og allt virðist ganga upp þá á maður bara að láta vaða," segir Lisa aðspurð um ráð til fólks sem vill fara sömu leið.



Brúsastaðir er kúabú með nútímalega aðstöðu, góðan kúastofn og metnaðarfulla jarðrækt. Fyrri ábúendur slógu met í afurðasemi mjólkurkúa á sínum tíma. Mynd / Aðsend

Með ábúendaskiptum á Brúsastöðum hefur samfélagið í Vatnsdalnum fengið til liðs við sig ungt fjölskyldufólk. Börn Skafta og Lisu eru þrjú, Ingimar Emil, 5 ára, Anton, Þór 4 ára og Eyrún Alma, 1 árs. Mynd / Aðsend

Fjármögnunin púsluspil

Þau þurftu sjálf að sjá hvort fjárfestingin gengi upp áður en þau púsluðu saman fjármögnuninni. Leituðu þau því til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) til að reikna rekstraráætlun og skoða búskapinn frá nokkrum hliðum.

Þeir útreikningar sýndu að dæmið gengi upp og voru þau komin með gögn í hendurnar til að sýna lánastofnunum.



Yngstu ábúendurnir hafa áhuga á bústörfum. Mynd / Aðsend

„Hjá okkur byrjaði þetta bara sem hugmynd. Þegar hugmyndin fór að verða að einhverri alvöru fórum við að leita að fjármagni úr öllum áttum – hjá fjölskyldu, í eignum, bönkum, Byggðastofnun og nýliðunarstyrk. Ég var ekki bjartsýn á að þetta gengi upp, en síðan náðum við með skipulagningu að finna út úr þessu," segir Lisa.

„Við áttum mikið í íbúðarhúsinu okkar á Blönduósi sem auðveldaði helling. Svo klórar maður saman einhverjum krónum og þetta sleppur fyrir horn," segir Skafti um það hvernig þeim gekk að fjármagna útborgunina.

Þau leituðu til allra banka og Byggðastofnunar til þess að fjármagna jarðarkaupin. Ferlið segja þau hafa verið flókið og krafist margra símtala. Þrátt fyrir að Byggðastofnun veiti sérstök lán til ungra bænda þá enduðu þau á að fjármagna í gegnum Landsbankann.

Endanleg ákvörðun um að þau skyldu taka við búinu um áramót kom þegar liðið var á nóvember. Því þurftu þau að hafa hraðar hendur og sex vikna biðtími eftir svari frá Byggðastofnun gekk ekki í þeirra tilfelli. „Við vorum búin að lenda í þessu hjá bankanum áður en við fengum svar frá Byggðastofnun," segir Lisa.

Þau segjast hafa verið heppin varðandi tímasetningu á kaupunum og telja ólíklegt að fjármögnun hefði fengist eins og ástandið er í dag. Öll aðföng, sem og vextir á lánum, hafa hækkað svo mikið að dæmið myndi ekki ganga upp.



Á Brúsastöðum er nýlegt lausagöngufjós með einum Lely mjaltaþjón. Mynd / ÁL



Gróa Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson höfðu byggt upp nútímalegt kúabú á Brúsastöðum undanfarna áratugi. Þar sem ættingjar vildu ekki taka við keflinu urðu þau fegin þegar Skafti og Lisa sýndu áhuga. Mynd / H.Kr.

Ákváðu að selja til að viðhalda búskap

Gróa Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson, fyrrum ábúendur á Brúsastöðum, vildu leggja sitt af mörkum til þess að jörðin héldist í byggð.

Fyrir meira en tuttugu árum ákváðu þau að þegar kæmi að sölu þá yrði jörðin seld í heilu lagi. Ljóst var að hvorki dóttir þeirra né neitt af þeirra frændfólki treysti sér í að taka við því kefli. Því tóku þau vel áhuga Skafta og Lisu.

Þrátt fyrir að hafa byggt upp nútímalegt kúabú með metafurðir og vera sjálf á besta aldri, fundu hjónin að nú væri réttur tími til að víkja. Þarna var komið ungt og öflugt fjölskyldufólk sem vildi viðhalda búskap á jörðinni og ekki víst að þau hefðu áhuga síðar.

„Hefðu þau ekki komið þá hefðum við haldið áfram að minnsta kosti næstu fimm til sjö ár í viðbót, eða fram að ellilaunum," segir Sigurður. Hann var þó feginn að geta selt á þessum tímapunkti þar sem læknir hafði nýlega úrskurðað bakið á Sigurði verulega slitið.

Ungt barnafólk í staðinn

Með þessu telja Sigurður og Gróa að þau hafi skilið vel við dalinn ef horft er á samfélagið. „Það fara tvær fullorðnar manneskjur og koma ung hjón með þrjú börn í staðinn. Þau eru 30 árum yngri en við og við höfðum búið í 30 ár."

Með þessu vonast þau til að jörðin haldist í búskap næstu áratugina og þá verður vonandi einhver annar klár til að taka við keflinu.

Gróa fjórði ættliður

Aðspurð hvort einhver eftirsjá sé að sölunni þá segja þau svo vera og þau hafi ekki búist við öðru. „Gróa er fædd og uppalin þarna og er fjórði ættliðurinn á bænum. Svo byggðum við upp jörðina frá A til Ö og er því erfitt að fara frá," segir Sigurður.

Þrátt fyrir verulega eftirsjá eftir jörðinni eru þau mjög ánægð með að Skafti og Lisa séu tekin við.

„Það þyrftu fleiri að selja jarðirnar ef ættingjarnir ætla ekki að taka við. Það er of algengt að fólk búi áfram á jörðunum sínum þó það sé hætt með búskap og selji allt af þeim. Samfélagslega séð er það ekki gott."

Umskiptin tóku nokkrar vikur

Skafti og Lisa tóku formlega við búinu 1. janúar síðastliðinn en umskiptin áttu sér stað yfir nokkrar vikur. Sigurður og Gróa héldu til í gestahúsi skammt frá bænum og þjálfuðu nýju bændurna þangað til þau fluttu yfir á Akureyri í febrúar. Fyrst um sinn héldu Skafti og Lisa til í húsnæðinu sínu á Blönduósi, en um miðjan janúar fluttu þau alfarið á Brúsastaði.

„Það var allt til alls til að búa," segir Skafti. Íbúðarhúsið var allt tekið í gegn fyrir nokkrum árum og öll aðstaðan í fjósinu mjög góð. Á jörðinni eru 97 hektarar af túnum sem fyrri ábúendur höfðu lagt mikla áherslu á að halda í góðri rækt.

Fyrstu mánuðir gengu vel

Þau segjast ekki hafa lent í neinum alvarlegum skakkaföllum þessa fyrstu mánuði eftir að þau tóku við búinu, þó auðvitað séu alltaf einhver óvænt verkefni sem þurfi að leysa. Úrlausnarefni eins og júgurbólga, súrdoði eða burðarvandamál komu upp öðru hverju, en það er eðlilegur hluti af kúabúskap.

Þau segja erfitt að segja til um hvernig gangi. „Mig langar bara til að komast í gegnum fyrsta árið og taka svo stöðuna," segir Lisa. Þau búast samt ekki við öðru en að reksturinn lukkist ef þau halda vel á spöðunum og fara ekki fram úr sér í fjárfestingum.

Þau eru ekki alveg sammála hvort þau finni fyrir einhverjum þrýstingi þar sem þau eru að taka við einu afurðahæsta búi landsins. Skafti lætur það lítið á sig fá, en Lisa segir að það sé alltaf ákveðin pressa að halda uppi jafn góðum búskaparháttum og voru hjá fyrri bændum.

Þau eiga erfitt með að sjá fyrir hvernig búskapurinn muni þróast á næstu árum. Það sé svo mikill óstöðugleiki í greininni um þessar mundir þegar aðföngin hækka gífurlega hratt. Sem betur fer séu allir þeir sem þau versla við liðlegir varðandi reikninga og greiðslur. „Það er bara að hringja áður en maður er kominn í vandræði," segir Skafti.

Fljót að læra á kýr

„Ég hafði aldrei komið nálægt kúm áður en við tókum við hérna," viðurkennir Lisa og segist hafa þurft að læra allt frá byrjun. Kýr séu samt sem áður afar áhugavert viðfangsefni sem hægt er að sökkva sér í.

Margar forvitnilegar hliðar séu á kúabúskap, hvort sem það er spenastig, júgurbólga eða kynbætur og gefandi sé að velta fyrir sér hvernig hægt er að ná betri árangri.

Samfélag gott

Gróskumikið samfélag er í Vatnsdalnum og segjast Skafti og Lisa vera mjög heppin með nágranna í allar áttir. Samvinnan er góð og stökkva allir til ef þörf er á aðstoð. Flestir bændurnir í sveitinni eru sauðfjárbændur, en á Brúsastöðum eru einungis nautgripir og nokkrir hestar. Þau búast við því að missa úr félagslega þættinum sem fylgir sauðfé, sérstaklega réttum og smalamennsku, en reyna að taka þátt og hjálpa eins og þau geta.

Í dalnum eru tvö önnur kúabú og hafa þau fengið stuðning og kennslu frá bændunum þar. „Í hvert skipti sem það er eitthvað óljóst hringi ég í Maríönnu," segir Lisa, en hún er kúabóndi á Hnjúki skammt frá Brúsastöðum.

Skafti og Lisa eiga þrjú börn – Ingimar Emil, 5 ára, Anton Þór, 4 ára og Eyrúnu Ölmu, 1 árs. Yngri börnin tvö eru á leikskóla á Húnavöllum og er elsti strákurinn kominn í grunnskóla á Blönduósi.

Auglýst eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar.

Matvælaráðuneytið auglýsir eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar samkvæmt reglugerð nr. 144/2022 um stuðning við sauðfjárrækt (III kafli).
Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Matvælaráðuneytisins á sérstökum eyðublöðum sem stofnunin lætur í té eigi síðar en tveimur vikum eftir birtingu auglýsingar.

Stuðningur til söfnunar ullar er háður því að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:
1. Aðili skal vera reiðubúinn að taka við allri vinnsluhæfri ull af öllum framleiðendum sem þess óska.
2. Aðili þarf að sækja ull heim til framleiðanda eða taka á móti ullinni á móttökustöð sem ekki er lengra frá hverjum einstökum framleiðanda ullar en 100 km.
3. Að minnsta kosti 30% allrar ullar sem aðili móttekur skal þvegin hér á landi og jafnframt unnið úr þessari sömu ull band, lopi eða samsvarandi vara hérlendis.

Umsóknarfrestur er til 7. október næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Matvælaráðuneytið.

Netfang postur@mar.is



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

LÍF & STARF

Hvítársíða:

Land Rover með leikaraferil



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



P. Stefánsson hf. fór með umboðið fyrir Land Rover á þessum árum. Auglýsing sem birtist í Tímanum 27.3.1975. Mynd / Timarit.is

Land Rover árgerð 1976 sem var notaður sem landbúnaðartæki og farartæki. Hann settist ekki í helgan stein fyrr en sexhjól var keypt á bæinn árið 2021. Mynd / ÁL

Á Hvammi í Hvítársíðu er Land Rover jeppi sem hefur öðlast frægð á síðustu árum eftir að hafa leikið hlutverk í Hross í oss.

Árið 1976 keypti Guðlaugur Torfason, þáverandi bóndi í Hvammi, bílinn nýjan og hefur hann verið í notkun þar æ síðan. Á þessum árum fór P. Stefánsson hf. með umboðið fyrir Land Rover og aðra bíla frá Leyland í Bretlandi. Bíllinn í Hvammi var keyptur þaðan og er að mestu leyti upprunalegur.

Núverandi eigandi bílsins er Torfi Guðlaugsson, sonur áðurnefnds Guðlaugs og núverandi bóndi í Hvammi. Hann man vel eftir því þegar bíllinn var keyptur á sínum tíma, en þetta var fjórði og síðasti Land Roverinn sem pabbi hans keypti.

Lenti í veltu

Guðlaugur og Steinunn, kona hans, voru með bílinn á skrá fram á miðjan tíunda áratuginn þó aðrir bílar hafi verið í meiri notkun seinni árin. Fyrstu árin var hann helsta farartækið í daglegan akstur til og frá Varmalandi þar sem Guðlaugur var kennari. Einn vetrardag þegar bíllinn var tiltölulega nýr lenti hann í hálku og velti. Guðlaugur slasaðist ekki, en jeppinn var talsvert tjónaður eftir á. Land Roverinn var sendur í viðgerð á verkstæði á Bæ í Bæjarsveit þar sem hann náði fyrri styrk og útliti.

Hann var þó ekki einungis notaður sem farartæki þar sem hann var líka hugsaður sem landbúnaðartæki. Sumir Land Roverar komu til landsins útbúnir aflúrtaki sem var hægt að tengja við ýmis tæki, en það átti ekki við um þennan.

Öflugur dráttarklár

Lengi vel voru hjólamúgavélar tengdar aftur í hann – tvær saman í halarófu; stundum þrjár – og notaðar til að raka saman heyið. Hann var notaður til að dreifa áburði með gamaldags áburðardreifara sem var ekki drifskaftsknúinn. Einnig var til skítadreifari sem hægt var að draga með Land Rovernum og hentaði jeppinn vel í að slóðadraga.

Þar sem jeppinn var lengi eina fjórhjóladrifna landbúnaðartækið á bænum var hann nýttur í að draga heysátur að hlöðunni. „Mamma var alltaf í því að draga sáturnar á meðan við krakkarnir vorum í því að setja böndin utan um. Land Roverinn dró þær eftir jörðinni upp fyrir hlöðu þar sem þær fóru í heyblásarann. Engin önnur vél á bænum réði jafn vel við þetta," segir Torfi.

Þægilegasta landbúnaðar-tækið til 1999

Samkvæmt Torfa var Land Roverinn þægilegasta landbúnaðartækið á bænum þangað til að keyptur var nýr Valmet traktor árið 1999. „Svo gat maður haft með sér farþega og kjaftað í leiðinni," segir Torfi, en Land Roverinn var í notkun við heyskap fram á síðustu ár.



Með því að hella smurolíu á vélina var hægt að láta líta út fyrir að bíllinn hefði brætt úr sér. Mynd / Skjáskot Benedikt Erlingsson og Bergsteinn Björgúlfsson.

Á seinni árum hefur bíllinn verið notaður sem fjórhjól, eins og Torfi orðar það. „Svo fengum við okkur sexhjól í fyrra og þá má segja að hann hafi sest í helgan stein. Hann er þó reglulega ræstur og keyrður."

Hvað varðar notkun á þjóðvegum segir Torfi að þessir Land Roverar séu barn síns tíma. „Þeir dönsuðu á veginum og voru frekar hastir.

Enda voru þeir bara með blaðfjaðrir, enga gorma."

Benedikt Erlingsson óskaði eftir láni

Við undirbúning að myndinni Hross í oss kom Benedikt Erlingsson, leikstjóri, að máli við Torfa og óskaði eftir bílnum að láni. Myndin var tekin upp að miklu leyti á bæjunum í kring og voru nokkrar senur skotnar á hlaðinu á Hvammi. Það hentaði því ágætlega að fá afnot af þessum jeppa þó Benedikt hafi upphaflega viljað bíl í öðrum lit.

Lék mikilvægt hlutverk

„Við notuðum þennan bíl í Hraunsási í Hálsasveit þegar Halldóra Geirharðsdóttir og Steinn Ármann Magnússon fylgjast með sveitinni," segir Sindri Páll Kjartansson, sem var fenginn í framleiðslu myndarinnar Hross í oss. Þar á hann við senu í upphafi myndarinnar þar sem þau sitja á húddi bílsins með kíki og njósna um nágranna sína.

Síðar í myndinni er atriði sem var tekið upp við Kolkuós í Skagafirði. Fyrir þá senu var bíllinn fluttur norður á vagni. Þar er Steinn Ármann látinn keyra bílinn á fullri ferð þar sem hann ætlar að verða sér úti um brennivín í skipi sem siglir frá landi.

Smurolía bjó til reykinn

Látið var líta út sem bíllinn hefði brætt úr sér á leiðinni sem varð til þess að karakter Steins Ármanns brá á það ráð að sundríða út í skipið. Aðspurður segir Sindri Páll aðferðina við að láta líta út fyrir að sjóði á bíl vera afar einfalda. „Það er bara að hella smá smurolíu á vélina og þá kemur reykur."

Keyrði ekki mikið við tökur

Steinn Ármann Magnússon leikari hafði kynnst Land Roverum sem þessum áður en hann lék í myndinni Hross í oss. „Svo þurfti ég að þrælast á þessum í myndinni," segir hann en viðurkennir að hafa ekki fengið að keyra bílinn mikið.

„Það voru tekin nokkur skot til þess að ég sæist keyra bílinn, annars voru einhverjir „propsarar" látnir um að keyra hann." Oft þegar teknar eru upp bílasenur fyrir kvikmyndir eru bílarnir dregnir þannig að leikararnir þykjast keyra. Það er gert til að dragi ekki sundur eða saman á milli bíls og myndavélar og svo leikararnir nái að einbeita sér að leiknum. Steinn Ármann segir að sú aðferð hafi verið nýtt í þessari mynd.

Aðspurður hvort kynnin af Land Rovernum við töku myndarinnar hafi vakið hjá honum nostalgíu segir Steinn Ármann svo ekki vera. „Ég er ekki mikill bílakarl, en það var mjög gaman að taka þátt í þessari mynd."



Steinunn Anna Guðmundsdóttir, fyrrum húsfreyja í Hvammi, situr undir stýri við heyskap með tvær Bamford múgavélar í eftirdragi. Mynd tekin upp úr árinu 2000. Mynd / Aðsend

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

UTAN ÚR HEIMI

Dýraheilbrigði:

Svínaflensa í Rússlandi

Afríska svínaflensan greindist á stóru rússnesku svínabúi í lok sumars. Nærri 6.000 svínum var fargað í kjölfarið.

Nærri 80 tilfelli hafa greinst af afrísku svínaflensunni í Rússlandi það sem af er ári. Flest tilfellin voru í villtum gripum og hjá smábændum. Í lok sumars greindist svínaflensa á svínabúinu Shuvalovo í Kostroma héraði í Rússlandi. Það er fyrsta tilfellið sem greinist á svínabúi á iðnaðarskala og hafa minnst þrjú bú þurft að skera niður af þeim sökum. Pig Progress greinir frá.

Þrátt fyrir að verksmiðjubú sem þessi séu betur varin en smábú og villtir gripir, þá er svínaflensan sérstaklega skæð í lok sumars og byrjun hausts og erfitt að verjast henni. Shuvalovo svínabúið er það stærsta í héraðinu með 75.000 sláturgripi á ári hverju.

Þrátt fyrir að framleiðsla og vinnsla hafi verið stöðvuð á búinu verða áhrifin á rússneska svínakjötsmarkaðinn óveruleg vegna viðvarandi offramboðs.



Ólga er meðal rússneskra svínabænda vegna pestarinnar.
Mynd / Kimberly Lake

Yuri Kovalev, formaður Sambands rússneskra svínakjötsframleiðenda, segir ólgu innan sinna raða vegna ágangs afrískrar svínaflensu, en tekur jafnframt fram að þeir séu með stjórn á ástandinu sem stendur. */ÁL*



Nú þegar hefur stór hluti af áburði næsta árs verið seldur. Þrátt fyrir miklar verðhækkanir gerir Yara ekki ráð fyrir mikilli söluminnkun.
Mynd / Yara International ASA

Noregur:

Áburðarsala í fullum gangi þrátt fyrir hátt verð

Norskir bændur eru byrjaðir að versla inn tilbúinn áburð fyrir næsta ár. Salan byrjaði þegar í júní og segja fulltrúar Yara söluna vera svipaða og undanfarin ár. Bondabladet greinir frá.

Anders Trømborg, markaðsstjóri hjá Yara, gerir ráð fyrir að salan verði 30-40 þúsund tonnum undir meðalárinu.

Þróunin virðist stefna í þá átt að bændur kaupi frekar áburð með háu köfnunarefnisinnihaldi og leggi meira upp úr betri nýtingu húsdýraáburðar. Samkvæmt Trømborg eru það sérstaklega kúabændur sem hafa breytt sínum aðferðum til að þurfa ekki að reiða sig eins mikið á tilbúinn áburð.

Í kringum síðustu mánaðamót er líklegt að 35-40 prósent af sölunni á þrígildum áburði og 25-30 prósent af sölunni á tvígildum áburði hafi þegar verið staðfest, og því má segja að sölutímabilið sé í fullum gangi.

Þrátt fyrir miklar verðhækkanir á áburðarefnum og brostnar aðfangakeðjur gerir Yara ekki ráð fyrir að lenda í vandræðum með afhendingu á norska markaðinn næsta vor. Trømborg viðurkennir þó að hátt gasverð í Evrópu og skert aðgengi að flutningaskipum hafi flækt málin. */ÁL*



HECHT Rafmagnsfjórhjól
Götuskráð, verð 695.000 kr.



HECHT Barna rafmagnsfjórhjól Verð 128.000 kr.

HECHT JEEP WRANGLER RUBICON
Rafmagnsbíll fyrir börn 3-8 ára, verð 61.000 kr.



RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

AUSA

SKOTBÓMULYFTARI AUSA T235H
EIGUM TIL Á LAGER

Lyftigeta: 2.300 kg | Lyftihæð: 5 metrar
Fjórhjóladrif og fjórhjólastýri

Einstaklega gott útsýni
Euro festingar með hraðtengi að framan



Hafðu samband við sölumenn
í síma **590 5100** eða á **sala@klettur.is**

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR




Smurefni fyrir vélvæddan landbúnað

Nútíma landbúnaður krefst mikils vélakosts. Gæðasmurefni skipta öllu máli fyrir virkni og endingu véla. Olís veitir ráðgjöf um olíu- og smurefnanotkun fyrir allar landbúnaðarvélar.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís

LÍF & STARF



Rétt í septemberlok – Landnám Ingólfs Arnarsonar

Selvogsrétt í Selvogi, Árn.	sunnudaginn 25. sept. kl. 09:00

Vesturland

Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 24. sept.
Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr.	sunnudaginn 25. sept. kl. 10:00
Brekkurétt í Saurbæ, Dal.	sunnudaginn 2. okt. kl. 13:00
Fellsendarétt í Miðdölum, Dal.	sunnudaginn 25. sept. kl. 14:00, þriðju réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 14
Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal.	laugardaginn 1. okt.
Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal.	sunnudagur 2. okt. 16:00
Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf.	laugardaginn 24. sept.
Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr.	þriðjudaginn 27. sept. kl. 14:00, þriðju réttir mánudaginn 3. okt.
Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr.	sunnudaginn 25. sept. kl. 16:00
Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð	laugardaginn 2. okt. kl. 10:00
Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal.	laugardaginn 1. okt.
Mýrdalsrétt í Hnappadal	sunnudaginn 9. okt. kl. 16:00
Núparétt í Melasveit, Borg.	seinni réttir laugardaginn 24. september
Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg.	seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 10:00
Ósrétt á Skógarströnd, Dal.	föstudaginn 30. sept. kl. 10
Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal.	seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 14:00
Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal.	seinni réttir sunnudaginn 2. okt. kl. 13:00
Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg.	seinni réttir sunnudaginn 2. okt.
Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr.	seinni réttir mánud. 26. sept. kl. 10, þriðju réttir mánud. 3. okt.
Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal.	seinni réttir sunnudaginn 9. okt. kl. 13:00
Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr.	þriðju réttir sunnudaginn 25. sept. kl. 16:00
Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 24. sept.

Vestfirðir

Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði	sunnudaginn 25. sept.
Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V-Barð.	sunnudagurinn 25. sept. kl. 14:00
Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand.	seinni réttir sunnudaginn 2. okt.
Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði	laugardaginn 24. sept.
Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand.	laugardaginn 24. sept. kl. 13:00
Miðhús í Kollafirði, Strand.	seinni réttir sunnud. 2. okt. kl. 17:00
Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand.	laugardaginn 24. sept. kl. 14:00
Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand.	seinni réttir 24. sept.
Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand.	seinni réttir sunnudaginn 2. okt.
Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði	laugardaginn 24. sept.

Norðvesturland

Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.	seinni réttir mánudaginn 26. sept. kl. 13:00
Sveinsstaðarétt, A.-Hún.	seinni réttir mánudaginn 26. sept. kl. 09:00
Árhólarétt (Undadalsrétt) við Hofsós, Skagafirði	seinni réttir föstudaginn 23. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði	seinni réttir föstudaginn 23. sept.
Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði	seinni réttir sunnudaginn 2. okt.
Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði	seinni réttir laugardaginn 8. okt. og sunnudaginn 9. okt.
Reykjarétt í Ólafsfirði	föstudaginn 30. sept.
Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði	seinni réttir sunnudaginn 25. sept.
Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði	seinni réttir mánudaginn 24. okt. og þriðjudaginn 25. okt.

Mið-Norðurland

Árhólarétt (Undadalsrétt) við Hofsós, Skagafirði	seinni réttir föstudaginn 23. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði	seinni réttir föstudaginn 23. sept.
Hlíðarrétt í Vesturdal, Skagafirði	sunnudaginn 18. sept., seinni réttir sunnudaginn 2. okt.
Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði	laugardaginn 17. sept.
Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði	seinni réttir laugardaginn 8. okt. og sunnudaginn 9. okt.
Reykjarétt í Ólafsfirði	föstudaginn 30. sept.
Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði	seinni réttir sunnudaginn 25. sept.

Austurland

Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði	sunnudaginn 25. sept. kl. 13

Suðurland

Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang.	sunnudaginn 25. sept. kl. 14:00
Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg	laugardaginn 1. okt. kl. 13:00
Landréttir við Áfangagil, Rang.	fimmtudaginn 22. sept. kl. 12:00
Selvogsrétt í Selvogi, Árn.	sunnudaginn 25. sept. kl. 09:00



Blómlegar kindur í Haukadalsrétt. Mynd / ehg



Guðrún Bjarnadóttir frá Hespuhúsinu sagði frá bláa litnum, sem á víkingaöld var eingöngu fyrir þá ríkustu, auk þess hún var með sýnikennslu í því hvernig litað er með indigo. Myndir / Helga Jóhannesdóttir

Ullarmessa:

Íslensk ull á prjónahátíð í Kaupmannahöfn

Á Norðurbryggju, menningarhúsi Íslands, Færeyja og Grænlands í hjarta Kaupmannahafnar, er árlega haldin stór hátíð sem heiðrar prjónaiðnaðinn. Í ár var prjónahátíðin haldin 9.-11. september og lögðu um 2.500 manns leið sína í gamla pakkhúsið.

Skipuleggjendur hátíðarinnar fyrir hönd Norðurbryggju eru prjónahönnuður og forstöðumaður Jónshúss, Halla Benediktsdóttir, og Ásta Stefánsdóttir, verkefnastjóri á Norðurbryggju. Áhugasömum gafst gestum kostur á að skoða fjölda sölubása þar sem hægt var að kaupa garn og prjónauppskriftir frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, ásamt því að hitta aðra prjónara og fá alls kyns innblástur. Meðal annarra var að finna íslensku merkin Móakot, Einrúm, Forystusetur, Thelmu Steimann, Kvíkví, ásamt íslensku garnbúðinni Garnkiosken, sem staðsett er á Amager í Kaupmannahöfn

Prjónaganga í gegnum Nýhöfn

Hátíðin hófst á föstudegi kl. 17 með prjónagöngu frá Nyhavn, í miðborg Kaupmannahafnar, að Norðurbryggju á Kristjánshöfn, en í gönguna mættu um 100 konur sem gengu með prjónana á lofti eftir götum borgarinnar, borgarbúum til mikillar gleði.

Blá ull

Á laugardeginum gafst gestum möguleiki á að hitta Guðrúnu Bjarnadóttur frá Hespuhúsinu. Guðrún er líffræðingur og plöntulitunar-fræðingur, en þennan dag mátti heyra hana segja frá bláa litnum, sem á víkingaöld var eingöngu fyrir þá ríkustu, en einnig gaf Guðrún gestum sýnikennslu í því hvernig maður litar með indigo.

Seinna sama dag mátti heyra um hvers vegna sauðnautsull er svona einstaklega mjúk og hvernig henni er safnað, þegar Mia Chemnitz frá grænlenska framleiðslufyrirtækinu Qiviut sagði frá. Færeyjar höfðu líka sitt til málanna að leggja, en Sissal



Ullarpeysur af öllum gerðum.

Kristiansen frá Shisa Brand sagði frá færeysku ullinni, sem oftar en ekki er brennd í stað þess að gera úr henni band. Sissal kallar sig „ullar-aktivista“ og leggur sitt af mörkum til að reyna að snúa þessari þróun í átt að betri nýtingu á ullinni.

Forystusauðir og framúrskarandi peysur

Á sunnudeginum var hægt að fræðast um ull forystusauðsins, þess einstaka stofns sem eingöngu er til á Íslandi. Daníel Hansen, forstöðumaður Forystuseturs, hélt fyrirlestur fyrir fullum sal, en hann fræddi gesti um sérstaka eiginleika forystufjár, einstaka mýkt og gæði ullarinnar, og framtíðaráform Forystuseturs hvað varðar útbreiðslu þekkingar fólks á forystufé.

Þennan dag komu fleiri Íslendingar við sögu, en Helga Jóna Þórunnardóttir, sem starfar sem kennari hjá SKALS, einum virtasta hannyrðaskóla Dana, kom fram með nöfnu sinni, Helgu Isager, en þær hafa nýverið gefið út fallega bók um vettlingaprjón.

Að lokum gafst gestum tækifæri á að upplifa hinn óviðjafnanlega íslenska hönnuð og listamann Ýr Jóhannsdóttur (betur þekkt sem Ýrúrarí), en hún hélt skemmtilegan fyrirlestur og námskeið um það hvernig færa má gamlar peysur í nýtt horf á afar einfaldan og húmoríska máta. Endurnýttar peysur hennar hafa slegið í gegn um allan heim og hafa verið keyptar af söfnum í Ameríku, Hollandi og Skotlandi.

/MÞÞ



Frægð íslenskrar ullar nær út fyrir landsteinana. Mynd / Aðsend

Innflutt af
Scanice
www.scanice.is +354-8985469





Scanice er komið í samstarf við fyrirtækið Lark, einn stærsta framleiðanda á stöðuhýsum og öðru tilheyrandi. Við bjóðum upp á ýmsar útgáfur húsa til dæmis sérstakra húsa sem hönnuð eru með ferðaþjónustu í huga. Möguleikarnir eru margir og flestar óskir hægt að uppfylla.

Heyrið í okkur!

Vallargata 1, 580 Siglufjörður • s. 898 5469 • info@scaniceexport.com • www.scanice.is



Lífrænt hreinsivirki!
NÚTÍMA ROTÞRÓ
Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar
HVAMMSHÓLAR
SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

HUGUM AÐ HAUGNUM
HAUGTÆKI TILBÚIN TIL AFHENDINGAR!



SA-R 3000
- 3000 gallon (13.780L)
- Dekkjastærð 850/50-R30,5
- 14.000L Jurop dæla
- Sjónrör
- LED vinnu- og blikkljós
- 8" slönguberar
- 8" sjálffyllibúnaður
- Gleiðhornadrifskaft
- Fjaðrandi beisli
- Niðurtekinn tankur
- Vökvaskiptir á dælu
- Vökvabremsur

5.935.000 + vsk.



SA-S 2000
- 2000 gallon (9.547L)
- Dekkjastærð 560/60-22,5
- 11.000L Jurop dæla
- Vökvaskiptir á dælu
- Dráttarauga með snúningi
- Sjónrör
- LED vinnu- og blikkljós
- Gleiðhornadrifskaft
- 6" barki

2.990.000 + vsk.



Dælur: 1.390.000 + vsk.
Hrærur: Verð frá 659.000 + vsk.

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum www.landstolpi.is
480 5600 480 5610 landstolpi@landstolpi.is

LESENDARÝNI



Kolefnisspor kindakjöt er jákvætt.

Mynd / Myndasafn Bbl

Um kolefnisspor dilkakjöts á Íslandi

Á undanförnum árum hefur farið fram umræða um kolefnisspor matvæla og þátt matvælaframleiðslu í magni koltvísýrings í andrúmslofti. Fyrir tveimur árum birtust tvær greinar eftir okkur Eyjólf Kristin Örnólfsson í Bændablaðinu um kolefnisspor kindakjöts, dilkakjöts. Greinarnar voru skrifaðar vegna útreiknings á kolefnisspori, sem fyrirtækið Environice stóðu að.



Sveinn Hallgrímsson.

Sú úttekt hefur verið notuð sem dómur um kolefnisspor íslensks kindakjöts. Mér hefur alltaf þótt að þeir útreikningar byggi ekki á þekkingu og var t. d. bent á að ekki var reiknað með aukaafurðum sauðkindarinnar, eða þær látnar bera hluta kolefnissporsins, eins og eðlilegt væri. Síðan greinarnar 2020 birtust hef ég aflað mér frekari gagna um kolefnissporið.

Ákvað að setja á blað nokkur meginrök, hugmyndir, að baki þeim hugleiðingum sem ég hef unnið með að undanförnu um útreikninga á kolefnisspori kindakjöts, það er að taka beitilandið sem bóndinn notar og er oftast í eigu hans, sem hluta af kolefnisspori kindakjöts.

Hef fært á blað rökin fyrir því að nota bindingu beitilandsins sem hluta af ,,framleiðsluferli“ kindakjöts. Það sé hluti af framleiðsluferli sauðfjárræktarinnar. Það sem hér er sett á blað er ekki tæmandi.

1. Ítala hefur alltaf verið framkvæmd í praktis á Íslandi. Sjaldan verið notuð opinberlega, þurfti ekki. Var í Grágás og lögum frá 1969 um afréttarmál, fjallskil og fl. Þeim var aftur breytt 1986.

Sjálf landhelgunin við upphaf landnáms virðist hafa verið í anda þess að fjölskylda gæti lifað af helguðu landi. Ítala var og er notuð í Færeyjum, samanber ,,Seyabrevet“. Í því eru nákvæm ,,fyrirmæli“ um hversu margar kindur, eða gripi á beit, hver jörð, bóndi, megi halda, hafa á landi sínu, án þess að gæði landsins rýrnuðu. Landið væri skynsamlega nýtt.

2. Fasteignamat jarða, eins og það var upphaflega, er byggt á burðargetu landsins, heyöflunarmöguleikum og svo hlunnindum, sumum langsóttum, að okkur nútímamönnum finnst, samanber skaflinn í landi Skjaldfannar. Jarðamatið var klárlega byggt á burðargetu landsins, að verulegu leyti. Húsakostur var að sjálfsögðu hluti af matinu.

3. Við, Íslendingar, kaupum trjáplöntur og gróðursetjum, kaupum okkur kolefnis-syndaaflausn með því. Sams konar hugsun eins og páfinn viðhafði með ,,syndaaflausn“, aflátsbréfum, hér fyrr á öldum. Fyrirtækið Kolviður er í hlutverki páfans. Fyrirtækið Kolviður kaupir hugsaða bindingu hvers trés, enda þótt raunveruleg binding raungerist ekki að fullu fyrr en tréð er ,,uppskorið“, eftir 40 ár eða svo. Og raunar ekki fyrr en búið er að planta næstu kynslóð, gróðursetja aftur. Annars rýrnar verðmæti ,,landsins“. Syndaaflausn páfans gaf ekkert til baka. Því ekki alveg sambærileg.

4. Þetta leiðir okkur yfir á næsta stig; Grasið er verðmæti ef, og þegar, það er nýtt, annars ekki eins verðmætt. Hófleg nýting eykur verðmæti landsins: Eykur uppskeru landsins, samanber þegar tún er slegið tvisvar. Uppskeran eykst.

5. Sláttur (og beit) styrkir grassvörðinn, samanber fótboltavelli. Beit viðheldur plöntum í beitilandinu, sem þola beit. Annars fer beitilandið í órækt, virði landsins, sem beitiland, minnkar.

6. Þegar við kaupum ,,jarðnæði“, eða leigjum, erum við að kaupa, eða leigja réttinn til að nýta grasið, kolefnisbindingu landsins. Grasið á jörðinni er hið raunverulega verðmæti fyrir sauðfjárbóndann. Það er stofninn sem bóndinn byggir á.

7. Hver hektari meðalúthaga framleiðir um 8- 15 (og hærra) hkg (hestburðir) (Ingvi Þorsteinsson 1980; Borgþór Magnússon og Sturla Friðriksson 1989), segjum að meðaltali 10 hkg af heyi (85 % þurrefni) á hektara (ha). Þetta þýðir að hver ha af grónu landi, bindur sem svarar til 1000x0,85 (þurrefni) x0,43 (% kolefni, C í þurrefni) = 365,5 kg af kolefni á hektara/ ári. Þetta þýðir að hver hektari bindur 365,5x3,67= 1341,4 kg af CO2, koltvísýringi, á ha á hverju ári! Í skýrslu Environice, sem áður er nefnd, er talið að landgræðsla gefi 2,1 tonn CO2 bindingu á ha á ári. Hér er reiknað með að hektari af grónu landi gefi 60,7 % af þeirri tölu.

8. Hvert kg af kindakjöti hefur kolefnissporið 14,92 kg CO2 á kg kjöts (Sveinn Hallgrímsson og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, 2020). Til hægðarauka reiknum við með 15,0 kg CO2 /kg kjöts. Sé framleiðsla á kind 22 kg af kindakjöti, og við látum úthagann binda kolefni fyrir alla framleiðsluna, þarf fjárbóndinn að kolefnisjafna sem svarar 22x15,0 = 330 kg koltvísýrings á kind á ári með landinu sínu. Þetta þýðir að hver ha kolefnisjafnar framleiðslu 4,06 kinda á ári. Þetta þýðir að 1000 kinda fjárbú þarf: 1000/4,06 = 246,3 ha af grónu landi til að kolefnisjafna framleiðsluna!! Allt framyfir það er fjárbúið að leggja inní þjóðarbúið. Kolviður mun væntanlega kaupa það af sauðfjárbændum og selja hugsanlegum kaupendum til kolefnisjöfnunar.

> ,,Við, Íslendingar, kaupum trjáplöntur og gróðursetjum, kaupum okkur kolefnis-syndaaflausn með því. Sams konar hugsun eins og páfinn viðhafði með ,,syndaaflausn“, aflátsbréfum, hér fyrr á öldum“

9. Hér má bæta við að ræktað land bindur einnig kolefni. Norðmenn (Svíar) reikna með að ræktað land bindi 1150 til 1500 kg af koltvísýringi á ha á ári (Smart landbruk.no)

Við þetta má svo bæta að þessir útreikningar eru ekki tæmandi.

- Eitthvað af gróðrinum rotnar, geymist ekki áfram í jarðveginum.
- Hluti gróðursins á landi bóndans fer í að framleiða lömbin og til viðhalds ánna og lambanna. Hluti af því fer í afurðirnar. Sumt binst í varanlegt form. Hér er ekki reiknað með því!
- Hluti beitarinnar fer út í andrúmsloftið aftur sem gös. Þó skal hér bent á að með aukinni framleiðslu á kind, framleiðni, minnka þessir neikvæðu þættir verulega og hafa lækkað um nær 30 % á síðustu 30 árum, samanber auknar afurðir eftir kind.
- Það verður einnig aukning á lífmassa neðanjarðar, í rótarkerfinu. Hluti af honum binst varanlega, varðveitist í jarðveginum.

Ekki hefur verið reiknað út hversu mikið hér um ræðir. Þetta ætti að vera hægt að mæla.

Samkvæmt þeirri hugsun sem ég hef sett á blað hér að ofan, eykur framleiðsla kindakjöts bindingu kolefnis og: Kolefnisspor kindakjöt er jákvætt.

Tilvitnanir.

1. Borgþór Magnússon og Sturla Friðriksson 1989. Framræsla Mýra. Ráðunautafundur 1989: 141 -159. Uppskera 9 hkg/ha á óframræstri mýri, en 30 hkg í framræstri mýri.

2. Ingvi Þorsteinsson 1980. Gróðurskilyrði, gróðurfar, uppskera og plöntuval búfjár. ,Íslenskar landbúnaðarrannsóknir 12,2: 85- 99.

3. Sveinn Hallgrímsson og Eyjólfur K. Örnólfsson 2020. Íslensk sauðfjárrækt og kolefnisspor hennar. Bændablaðið 26: (16) bls. 43.

4. Sveinn Hallgrímsson og Eyjólfur K. Örnólfsson 2020. Bændablaðið 26 (10.9.) bls. 41.

5. Sigrún Birna Halldórsdóttir og Stefán Gíslason 2017. Umhverfisráðgjöf Íslands. Sauðfjárrækt og loftslagsmál, Fjölrit 24 bls.

6. Smart Landbruk.no. Bedre karbonlagring i varig eng. Binding kolefnis í jarðvegi á ræktuðu landi.

7. Friðrik Pálmason 2013. Plöntunæringar- og áburðarfræði. LbhÍ Tafla bls. 227: Heildar C og N og C/N hlutfall í plöntusýnum.

Sveinn Hallgrímsson,
höfundur er fyrrverandi ráðunautur í kynbótum sauðfjár og skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri.

LÍF & STARF



Fyrsti lífræni dagurinn var haldinn sunnudaginn 18. september á Neðra-Hálsi í Kjós en þær Anna María Björnsdóttir og Jóhanna Vilhjálmsdóttir stóðu fyrir deginum í samstarfi við VOR, félag lífrænna bænda og framleiðenda. *Mynd/ehg*

Lífræni dagurinn:

Íslensk matarveisla úr lífrænum hráefnum

Fyrsti lífræni dagurinn var haldinn sunnudaginn 18. september á Neðra-Hálsi í Kjós.

Dagurinn var skipulagður af neytendum og sjálfboðaliðum í samráði við VOR (Verndun og ræktun), sem er félag lífrænna bænda og framleiðenda, og Lífrænt Ísland, lifraentisland.is. Haldin var íslensk matarveisla, eingöngu úr lífrænum íslenskum hráefnum, og var vel sótt af gestum.

Markmiðið með deginum var að vekja athygli á lífrænni ræktun á Íslandi og þeim vörum sem verið er að rækta lífrænt á Íslandi. Ísland er langt á eftir mörgum Evrópuþjóðum þegar kemur að lífrænni ræktun en aðeins um 1,0% ræktaðs lands á Íslandi er ræktað með lífrænum aðferðum. Lífrænu bændurnir eru aðeins um 30 af 3.000. Sú tala hefur nánast staðið í stað í áratugi og ekki fylgt þeirri aukningu sem er að eiga sér stað í nágrannalöndum.



Kræsingar á boðstólum.



Anna María Björnsdóttir og Jóhanna Vilhjálmsdóttir.

„Anna María Björnsdóttir fékk þessa hugmynd en við höfum unnið saman að gerð heimildarmyndar um lífræna ræktun á Íslandi sem kemur út á næsta ári. Síðan höldum við daginn í samstarfi við VOR til að vekja athygli á þessu frábæra starfi hjá íslenskum bændum í lífrænni ræktun. Markmiðið er síðan að dagurinn verði árlegur, þriðji sunnudagurinn í september, og að draga alla að borðinu sem tengjast þessum málaflokki. Þetta var dásamlegur dagur í alla staði og eitt skref af mörgum til að vekja fólk til vitundar um hvað lífræn ræktun er. Síðan var ánægjulegt að matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, mætti á viðburðinn og enn meira tilefni til að koma saman og fagna nýlegu útspili hennar, að láta gera aðgerðaráætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu hérlendis," segir Jóhanna Vilhjálmsdóttir, rithöfundur og fyrirlesari. */ehg*

KAUPUM ÆÐARDÚN
BORGUM ALLTAF HÆSTA VERÐIÐ FYRIR ÆÐARDÚN
Allar upplýsingar í síma 821 0394
eða á arni@icelandiceider.com
www.icelandiceider.com
ICELANDIC EIDER

Fjölbreyttar lausnir
fyrir hús & nýbyggingar
Einingahús CLT krosslímt tré
Gluggar & hurðir
Límtré
Yleiningar
Við erum alltaf klár í spjallið
Hafðu samband við okkur
Strúktúr er með lausnina fyrir húsið
Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin
Z Strúktúrhús
Utanhússklæðningar
Stálgrindarhús
Dúkar & þéttiborðar
STRÚKTÚR
Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Bæjaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640

SNOWEX
VETRARBÚNAÐUR
Salt- og sanddreifarar.
Amerísk gæðatæki sem endast.
MHG VERSLUN
Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

Um sýni úr heyjum, jarðvegi og búfjáráburði

Að gera góða áburðaráætlun getur verið kúnst og reynist stundum talsvert vandaverk. Þó gerð hennar sé sannarlega ekki forgangsverk bænda þessa dagana er þó rétt að huga að gagnaöflun og undirbúningi hennar. Skráning á ræktunarsögu, upplýsingum um uppskeru, áburðarnotkun, bæði á tilbúnum áburði og búfjáráburði og fleiri þáttum gefa gagnlegar upplýsingar sem nýtast við áætlanagerðina.




Eiríkur Loftsson og Sigurður Max Jónsson.

Efnagreiningar á heyi, jarðvegi og búfjáráburði gefa líka mikilvægar og gagnlegar upplýsingar við gerð áburðaráætlana. Heyefnagreiningar segja m.a. til um hvernig tekist hefur til með áburðargjöf og hvort innihald næringarefna er í hæfilegu magni og hlutföll þeirra eðlileg í uppskeru. Lág gildi einstakra næringarefna í heyjum geta valdið minni sprettu og há gildi gefa til kynna að um ofgnótt sé að ræða og mögulega útskolun viðkomandi næringarefnis og þannig tapi úr næringarhringrás búsins. Þar fyrir utan eru niðurstöður heyefnagreininga mikilvægar fyrir skipulag fóðrunar og gerð fóðuráætlana.

Efnagreiningar á jarðvegi gefa upplýsingar um sýrustig jarðvegs og innihald hans af helstu næringarefnum.


Jarðvegssýnaniðurstöður sýna forða helstu plöntunæringarefna í jarðvegi. Samantektir hafa sýnt að tiltekin tún geta auðveldlega verið með mikinn forða af einhverju einu plöntunæringarefni og lítinn sem engan forða af öðru næringarefni. Slíkar upplýsingar hjálpa til við val á áburði sem hentar á móti næringarefnainnihaldi ræktunarjarðvegs okkar.

Sýrustig í landbúnaðarlandi á Íslandi er breytilegur. Hann er bæði breytilegur á milli landshluta og einnig innan hvers landshluta. Hægt er að líta á sýrustig í jarðvegi sem mælikvarða til að meta eiginleika jarðvegs til þess að geyma plöntunæringarefni og einnig er sýrustig ráðandi þáttur í lifun sáðgresis (smára, bygg og annað). Öll sáðgresi hafa sitt kjörsýrustig og það er mismunandi á milli tegunda. Mælt er með að taka jarðvegssýni á 5-7 ára fresti úr ræktunarlandi til að fylgjast með þróun sýrustigs og innihaldi næringarefna í jarðvegi.

Efnagreiningar á búfjáráburði hafa sýnt að mikill breytileiki getur verið á innihaldi hans milli búa. Frávik frá töflugildum geta verið talsverð ýmist fyrir eitt næringarefni eða fleiri. Þegar notast er við töflugildin getur verið mikill munur á því sem áætlað er að borið sé á af einstökum næringarefnum og raunverulega er gert, sé frávik í innihaldi búfjáráburðarins á viðkomandi búi mikið. Í þannig tilvikum má búast við að með tímanum verði skortur á viðkomandi næringarefni sé lítið af því en ofgnótt sé gildið hátt m.v. töflugildi. Sem dæmi má ætla að séu gildi fyrir kalí í búfjáráburði lág verði það lágt í heyjum og á sama hátt ef kalí er lágt í heyjum í lengri tíma lækki það með tímanum í búfjáráburðinum.

Þurrefnisinnihald mykju er mikilvægt að vita því það er ólíkt milli búa og milli dreifinga á sama búi m.a. vegna mismikillar vatnsblöndunar og hefur það mikið að segja um magn næringarefna sem á er borið.

Á heimasíðu RML er hnappur til að panta hey- og jarðvegssýnatöku. Þar er einnig (undir ráðgjöf/áburður) að finna leiðbeiningar um töku á sýnum úr búfjáráburði. Einnig má að sjálfsögðu hafa samband og panta sýnatöku í síma 5165000.



Myndin byggir á 2189 sýnum sem voru tekin á árunum 2014–2021.

Geymsla heyfengs í turnum

Heyturnar eru ekki nýjung fyrir Íslendinga en segja má að blómatíð þeirra hafi verið um miðja 20. öldina, en á fyrri hluta níunda áratugarins voru einnig settir upp þó nokkuð margir slíkir. Aðeins örfáir eru í notkun í dag.



Sigtryggur V. Herbertsson.

Til eru nokkrar útgáfur af turnum en þær sem á þeim tíma urðu ofan á voru tvær útfærslur, annars vegar með botnlosun og hins vegar topplosun. Báðar gerðir treystu á heyblásara til að blása heyinu efst inn í þá. Báðar aðferðirnar höfðu sína kosti og galla, topplosun var hægvirk og vegna breytileika í heyfeng þá fór það fyrst út sem fór síðast inn, sem hentaði sjaldan. Botnlosun virkaði vel meðan ekki myndaðist stífla í kerfinu.

Mikil þróun hefur orðið í losunarbúnaði erlendis og t.d. í Kanada þar sem mikið er um turna eru nýjustu turnarnir þannig útbúnir að blásið er út um lúgur á hlið sem gefur aukin afköst við losun og mikið meira öryggi (sjá mynd 1). Í Kanada eru turnarnir hafðir með lúgum alla leið neðan frá jörð og upp úr til að losa heyið úr þeim. Þessi göt eru með 1,2 m millibili og þarf bóndinn að fara upp í turninn þegar yfirborð heysins lækkar og færa losunartúðuna neðar. Þessi hönnun gerir turnana öruggari því hættan á að það myndist súrefnisskortur neðst í turninum er nánast engin en það var eitt af vandamálunum við eldri turna. Annað sem þessi hönnun gerir er að ekki þarf öfluga blásara til að blása heyinu upp við losun, afkastagetan ákvarðast af gjafabúnaði þar sem slíkur losunarbúnaður getur losað allt að 400 kg/mínútu (mynd 2).

Plastnotkun við þessa aðferð er nánast engin. Stofnkostnaðurinn er hins vegar mikill og nauðsynlegt er að horfa á svona fjárfestingu til langs tíma. Aðalókosturinn við turnana er að ekki er þjappað í þá og takmarkast fyllingarhraðinn af stærð turnanna, þ.e.a.s. að við hirðingu í turnana þarf að gefa heyinu tíma til að síga milli áfyllinga. Því þarf að samstilla slátt við fyllingarhraða. Hins vegar þarf minni mannskap við fyllingu heyturna en við heyverkun í stæðu og flatgryfju.

Með aukinni tæknivæðingu búa, þá eru turnar í raun eina geymsluaðferðin fyrir heyfeng sem býður upp á alsjálfvirkar gjafir. Mjólkurframleiðendur eru flestir komnir með eða stefna á að taka upp mjaltatækni sem léttir þeim vinnuna og kjarnfóðurbás er gjafatækni sem er alsjálfvirk, en það er einmitt turn sem geymir kjarnfóðrið og skammtar inn í fjós eftir þörfum.

Með turnum og gjafabúnaði við þá er þannig er hægt að fjölga gjafatímum og stýra gjöfum mun betur. Bæta má við steinefnum og kjarnfóðri sem leiðir til mikils vinnusparnaðar og vinnuléttis. Þegar þessi grein er skrifuð er stórhríð fyrir utan gluggann og eru sjálfsagt margir sem þurfa jafnvel að moka upp rúllur í stórhríð og taka af þeim plastið spenntir fyrir því að geta frekar gefið í gegnum app í símanum í staðinn, e.t.v. gera aðeins betur við gripina fyrst veðrið er svona vont með þumalfingri. Ekki er nóg með að vinnan verði þægilegri, einnig er hægt að reikna með einhverri nytaukningu ef gjafir eru tíðari og nákvæmari og umferð um mjaltaþjónafjós ætti að batna.

Við verkun í turna reynist tap næringarefna lítið, sérstaklega ef hægt er að taka úr þeim hið minnsta 6 cm á dag og það má setja heyið í turn við 45—55% þurrefni sem er svipað þurrkstig og á heyi sem er í hefðbundnum rúllum hérlendis í dag. Bygging turna er frábrugðin hefðbundnum byggingum að því leyti að stuðst er við skriðmót sjá mynd 3. Byggingarhraði stýrist að miklu leyti af tækjabúnaði og reynslu þeirra sem að verkinu koma. Ætla má að með réttum búnaði og mannskap að afköst við byggingu séu um 5 metrar á dag miðað við tíu tíma vinnudag hjá þremur mönnum. Hægt væri að styðjast við sömu teikningu alls staðar á landinu fyrir utan að á svæðum með aukinni jarðvirkni þarf öflugri sökkla.

Turnarnir eru byggðir ofan á öflugum sökkli, neðst í þá er sett möl sem drenar í burtu umframvökva frá heyinu, ofan á mölina eru settir nokkrir cm af hálmi til þess að bóndinn viti þegar búið er úr turninum áður en losunarbúnaðurinn nær til malarinnar í botninum. Veggirnir eru 15 cm þykkir og báraðir að utan til að misfellur sjáist síður. Helstu þættir sem taka þarf tillit til í upphafi: Stærð turna þ.e. breidd og hæð taki mið af gjafahraða, og fjöldi turna, en þegar verið var að reikna kostnað við heyöflun í turna þá ákváðu höfundar líkansins í fyrrnefndri skýrslu að reikna með 3 turnum á búinu. Ástæða þess er sú að horft var til þess að til væri fóður allt sumarið í einum turni þar til hægt væri að byrja gjafir úr þeim næsta ca. tveimur mánuðum eftir fyllingu. Bændum sem eru áhugasamir um byggingu turna eða vilja fræðast meira er bent á að hafa samband við RML.

Efnið í þessari grein er unnið upp úr skýrslu RML: Plast í íslenskum landbúnaði – leiðir og kostnaður við að draga úr notkun heyrúlluplasts.



Búnaði er slakað ofan á heyið og heyfeng blásið út um heyop, reyndar er maís í þessum turni.



Turnar í smíðum með skriðmótum. Myndir / Sigtryggur V. Herbertsson.



Turn í byggingu, mannop t.h. og heyop t.v., yfir þetta kemur svo plastskel sem myndar tvo aðskilda ganga, annar sem stýrir heyi niður og hinn ver viðhaldsmenn fyrir vindi og veðrum.

Sigtryggur Veigar Herbertsson,
fagstjóri, búfjárræktar- og þjónustusvið RML



Í mörgum verkefnum hefur verið leitað í reynsluheim bænda með það að markmiði að greina þá þætti sem bændur telja að skipti mestu máli.

Mynd / Myndasafn BBL

Starfsemi RML

– Fimmti hluti

Í síðustu Bændablöðum hef ég skrifað greinar um starfsemi RML. Viðfangsefnið að þessu sinni er þróunar- og verkefnastofa RML.



Karvel Karvelsson.

Við stofnun RML var sett upp skipurit sem byggði á þremur fagsviðum og ábyrgðarmenn voru yfir einstaka málaflokkum. Árið 2019 var þessu skipuriti breytt með það að markmiði að auðvelda vinnu, og samtal starfsfólks sem starfar við ólík viðfangsefni innan fyrirtækisins. Fagsviðum var fækkað í tvö og ábyrgðamannakerfið var tekið út. Með breytingunni var verið að byggja undir það að fyrirtækið gæti tekið að sér stærri verkefni sem þjónaði landbúnaðinum öllum. Ráðgjöfin væri rekin meira sem ein heild, hvort sem það var milli ólíkra málaflokka eða á milli landshluta. Þarna var horft til þess meginhlutverks að RML sinnti ráðgjafarþjónustu á öllu landinu óháð búsetu og búgrein.

Þróunar- og verkefnastofa hefur það hutverk samkvæmt núgildandi stjórnskipulagi RML að vera vettvangur umræðu um tvö meginmál. Annars vegar verkefnastjórnun, þ.e. yfirsýn verkefnasafns, gangur einstakra verkefna, þörf og mönnun verkefna, árangur o.s.frv. Hins vegar fer fram umræða um þróun og nýsköpun. Þróunar- og verkefnastofa er ekki svið heldur samstarfsvettvangur allra starfsmanna en einn starfsmaður heldur utan um starfið.

Verkefnastjórnun er fyrirtæki eins og RML gríðarlega mikilvæg. Starfsólk vinnur í sínum daglegu verkefnum að ráðgjöf og þjónustu til bænda eða annarra viðskiptavina, á sama tíma er verið að sinna stærri og minni verkefnum þar sem fleirri starfsmenn koma að. Þessi verkefni eru annaðhvort árleg föst verkefni, styrkt þróunarverkefni eða tímabundin stærri ráðgjafarverkefni. Það þarf því að halda vel utan um tíma og fjármagn og skapa yfirsýn yfir þau verkefni sem eru í gangi en þau geta skipt tugum hverju sinni.

Þróunarhlutinn byggir á samtali starfsfólks og stjórnenda sem leiða í einhverjum tilfellum til nýrra verkefna, þessi verkefni eru mikilvæg sem hluti endurmenntunar starfsfólks og þróun á ráðgjöf þar sem ekki er gert ráð fyrir slíku í framlögum til RML. Í mörgum tilfellum verða verkefni einnig til í gegnum samtöl við bændur og/eða eru unnin í samvinnu við bændur. Dæmi um slík verkefni sem unnin hafa verið eru til dæmis verkefni í tengslum við sæðingar á holdakúm, mygluspá fyrir kartöfluræktendur, fóðrun og frjósemi sauðfjár, möguleika á auknum afurðum sauðfjár með fleiri burðum á ári eða nýtingu sauðamjólkur, verkefni um vinnubrögð og hönnun við verkun í flatgryfjur og svo mætt lengi telja. Í mörgum verkefnum hefur verið leitað í reynsluheim bænda bæði með það að markmiði að greina þá þætti sem bændur telja að skipti mestu máli og til þess að miðla af reynslu annarra. Sem dæmi um slíkt eru kálfadauðaverkefnið og þættir sem hafa áhrif á lifun lamba á sauðburði. Í báðum tilfellum voru bændur beðnir um að miðla af reynslu sinni í gegnum vefkannanir og upplýsingar úr þeim síðan nýttar í frekari vinnu. Svona verkefni eru mikilvæg til að stuðla að þróun í ráðgjöf RML sem er í takt við þarfir bænda.

Umhverfi landbúnaðarins breytist eins og annað og frá því að RML var stofnað fyrir rétt tæpum tíu árum hafa umhverfis- og loftslagmál orðið mun mikilvægari liður í starfseminni. Snemma var lögð áhersla á að ná í þekkingu og verkefni tengd þessum málaflokki því ljóst var að þar voru mörg göt sem fylla þyrfti upp í þekkingarlega séð. Ráðið var inn starfsfólk sem gat sinnt þessum málaflokki og loftslagsgleraugu almennt sett á þá ráðgjöf og leiðbeiningar sem RML er að veita. Enn vantar mikið upp á í þekkingu og mælingum hér á landi. Með þessum málaflokki komu inn stór verkefni og má gera ráð fyrir að svo verði áfram sem ýtir enn undir mikilvægi þróunar/nýsköpunar og góðrar verkefnastjórnunar.

Þróunar og verkefnastofa kemur að mörgum verkefnum og fleiri en hér verður upptalið en frá 2019 hafa hátt í 80 verkefni af ýmsum stærðum farið af stað innan RML. Upplýsingar um þjónustu og ráðgjöf má sjá á heimasíðu okkar WWW.rml.is ásamt því að starfsfólk RML er ávallt til viðtals, hvort sem um er að ræða í gegnum síma 5165000 eða á starfsstöðvum RML.

Karvel Karvelsson,
framkvæmdastjóri RML.





Foreldrar - Hvetjum stráka og stelpur til að lesa í sumarleyfinu

Hekla er lítil, létt, forvitin og athugul. Hennar heimur er lífið og fólkið hennar á Egilsstöðum og nágrenni.

Pabbi Heklu, þarf að ferðast mikið vegna vinnunnar. Hans áhugi er að segja sögur, mæla allt og skrá. Hekla elskar ekkert meira en að ferðast með honum og skoða nýja staði. Enda forvitin mjög.

Allt virðist vera eins og það á að vera í lífi sjö ára stelpu. En fljótt skipast veður í lofti og saga Heklu tekur óvænta stefnu sem engann getur órað fyrir (þegar hún fýkur til Grænlands).

Líka til á dönsku – Framhald í vinnslu

BÓKABÚÐ FORLAGIÐ · Eymundsson · SALKA



Floods Trähus





Hentug hús um land allt - Aðeins til sölu á Íslandi!

Húsið er með gluggum frá gólfi upp í loft auk mikillar lofthæðar í eldhúsi og stofu. Einnig sést vel út í garð og á pallinn. Stórt leikherberg, þrjú svefnherberg, þar af eitt stórt hjónaherbergi með stóru fataherbergi og stóru baðherbergi. Breytingar á herbergjaskipan hússins eru kaupendum að kostnaðslausu.

(athugið að vefsíðan er einnig á íslensku)

AAA

Frekari upplýsingar gefur sölustjóri á Íslandi - Hinrik Gunnarsson
Veffang: hinrik@floodstra.com • Sími: 0046 705741099 • Vefsíða: www.floodstra.com/

UC

GRÓÐUR & GARÐAR



Pálmahúsið hýsir plöntur sem upprunnar eru í hitabeltinu. Húsið, sem er í Viktoríustíl, var reist á árunum milli 1844 og 1848. Myndir VH

Grænni framtíð með Kew



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Grasagarðurinn í Kew var formlega settur á stofn árið 1840 en þar hafði verið einkagarður fyrir með miklu plöntusafni. Í dag er Kew einn af fallegustu og virtustu grasagörðum í heimi.

Auk garðsins sjálfs, sem er opinn almenningi, er unnið í tengslum við hann gríðarlegt vísindastarf sem felst meðal annars í greiningu og varðveislu erfðaefnis plantna í útrýmingarhættu og nytjaplantna.

Markmið Kew er að auka skilning manna á gróðri og sveppum og á sama tíma að vernda líffræðilega fjölbreytni í náttúrunni og vera safn og sýningarsvæði fyrir plöntur.

Garðurinn, sem heitir fullu nafni Royal Botanic Gardens, Kew, er 120 hektarar að stærð og staðsettur í Richmond upon Thames í suðvesturhluta London. Í honum er að finna yfir fimmtíu þúsund mismunandi tegundir plantna auk fjölda ólíkra yrkja og afbrigða. Garðurinn er eitt stærsta og fjölbreyttasta safn lifandi gróðurs í heiminum.

Til að skilja umfang starfsemi garðsins í Kew þá starfa við hann rúmlega 500 manns og þar af 150 garðyrkjufræðingar og 350 sérfræðingar sem sinna rannsóknum og flokkun. Vísindasvið garðsins heldur úti meistara- og doktorsnámi í grasafræði og þar er einnig garðyrkjuskóli. Auk stjórnunar-, skrifstofu- og starfsfólks í þjónustu við veitingasölu og verslun garðsins og ekki má gleyma ógrynni af sjálfboðaliðum við leiðsögn og umhirðu blómabeða. Árlega heimsækja garðinn meira en 1,4 milljónir gesta.

Wakehurst í Sussex

Grasagarðurinn við Wakehurst í Sussex er rekinn undir stjórn Konunglega grasagarðsins í Kew. Fyrstu kæligeymslurnar þar fyrir fræ voru byggðar árið 1978. Þar er varðveitt fræsafn Kew, Milleninum Seed Bank, sem hýsir fræ um 75.000 tegunda sem er nærri 25% allra þekktra plantna í heiminum.

Garður á gömlum grunni

Fyrtu heimildir um búsetu háaðalsins í Richmond upon Thames eru frá 1299 þegar Edvarð I flutti hirð sína í sveitasetur sem hann byggði þar. Hinrik VII bætti um betur og létt byggja þar höll 1501 og gerða að fastabústað sínum og þar bjó Mary Tudor eða Blóð-María Bretlandsdrottning um tíma. Umhverfis höllina voru lendur Kew.

Upphaf ræktunar á landinu þar sem Kew er í dag er rakið aftur til Henry Capell baróns sem var uppi á sautjándu öld. Capell, sem átti þar 132 hektara, var mikill plöntusafnari líkt og margir aðalsmenn á þeim tíma og ræktuðu garðyrkjumenn hans sjaldgæfar plöntur undir berum himni og í gróðurhúsum úr gleri.

Árið 1731 keyptu Frederick Louis og Ágústa af Saxe-Gotha, prinsinn og prinssessan af Wales, landið og héldu ræktunarstarfinu áfram. Frederick lést skyndilega 1751 en ekkjan hélt sínu striki og árið 1759 opnaði hún átta hektara grasa- og skemmtigarð fyrir gestum af aðals- og hefðarstétt.

Frá þeim tíma hafa margir merkismenn komið að uppbyggingu garðsins. Árið 1762 hannaði William Chambers lávarður, og lét byggja, pagóðu í garðinum sem gjöf til Ágústu prinsessu. Pagóðan stendur enn og var á sínum tíma einn besti úrsýnisstaðurinn í London.

Joseph Banks, sem ferðaðist um Ísland 1772, sendi fyrstur manna fræ frá fjarlægum löndum til Kew árið 1768 þegar hann var náttúrufræðingur um borð þegar Cook sigldi Endeavor fyrir Hornhöfða Suður-Ameríku og þaðan til Ástralíu og Nýja-Sjálands og fyrir suðurodda Afríku heim til Bretlands. Eftir heimkomuna var Banks útnefndur fyrsti forstöðumaður garðsins og sérstakur ráðgjafi Georgs III Bretakonungs við Kew. Banks var ekki bara duglegur að safna plöntum sjálfur fyrir garðinn því hann sendi áhugasama grasafræðinga út um allan heim til að safna plöntum. Sagan segir að fyrir hans tilstuðlan hafi borist í garðinn um 30 þúsund plöntur sem flestar voru óþekktar í Evrópu á þeim tíma. Banks er sagður eiga mesta heiðurinn af því að byggja grunninn að gróðurfjölbreytni Kew og því vísindastarfi sem þar fer fram í dag.

Skoski grasafræðingurinn Francis Masson, sem dvaldi í Suður-Afríku við gróðurrannsóknir frá 1773 til 1775, sendi hátt í þúsund sýni af fræjum, lifandi og þurrkuðum plöntum til Kew. Masson sendi árið 1175 til Bretlands kögurpálma, *Encephalartos altensteinii*.

Árið 1848 var planta flutt í pálmahús Kew og er plantan enn og telst vera elsta pottaplanta í heimi.





***Wollemia nobilis* er ein af sjaldgæfustu trjátegundum í heimi. Tegundin er í gjörgæslu og fjölgað í Kew. Sama tré 2011 og 2022 og það hefur þrefaldast í hæð.**

Kew formlega grasagarður

William Hooker, lávarður og Íslandsferðalangur, tók við af Banks sem forstöðumaður Kew 1840. Sama ár er grasagarðurinn í Kew formlega settur á laggirnar og garðurinn opnaður fyrir almenningi.

Ári seinna færði sonur hans og Joseph Hooker garðinum að gjöf plöntur frá Falklandseyjum sem voru fluttar yfir hafið í Wardian-kassa. Einfaldri uppfinningu sem breytti sögu grasafræðinnar.

Næstu áratugina var mikil uppbygging í garðinum. Hitabeltis-eða pálmahúsið og gróðurhús fyrir plöntur frá tempruðu beltunum eru reistar og reist er sérstök bygging til að hýsa þurrkaðar plöntur.

Þegar Hooker eldri lést árið 1865 tók Joseph sonur hans við sem forstöðumaður en steig til hliðar í því starfi 1885. Í hans tíð var stofnsett við garðinn Jodrell rannsóknamiðstöðin sem á þeim tíma lagði áherslu á rannsóknir á plöntusjúkdómum og frumum



Nafneintak úr plöntusafni Kew grasagarðsins. Charles Darwin þurrkaði og setti plöntuna upp í ferð sinni til Galapagoseyja árið 1835.



Köngulpálmategundin, *Encephalartos altensteinii*, í Pálmahúsinu er elsta planta í heimi sem vitað er um að sé ræktuð í potti.



Japanskt pagóðutré, *Styphnolobium japonicum,* gróðursett í Kew 1762. Öldungur sem þarf stuðning.




Gróðurhúsið sem Karl III gaf Kew þegar hann var enn krúnuerfingi. Í húsinu er hægt að ganga á milli tíu veðrabelta og skoða einkennisgróður hvers beltis fyrir sig.



Jón Benjamín Einarsson rósaáhugamaður ásamt 'Dame Judi Dench'.



Leiðin til Kew.



Í Kew er gróðurhús sem var byggt 1852 eingöngu til að rækta risavatnaliljur.

plantna sem framleiða gúmmí. Árið 1894 var kona í fyrsta sinn ráðin til starfa við garðinn.

Tuttugasta öldin í Kew

Heimsstyrjaldirnar tvær drógu mikinn þrótt úr starfsemi grasagarðsins. Árið 1930 voru rannsóknir á sveppum settar undir vísindasvið Kew. Garðurinn var leiðandi í Dig for Victory! verkefninu með kennslu á og ræktun matjurta og lækningaplantna sem sett var á laggirnar 1939 sem viðleitni Breta til sjálfbærni í seinni heimsstyrjöldinni.

Íbúar Bresku Kolumbíu í Kanada færði Kew rétt tæplega 69 metra háa flaggstöng árið 1952. Flaggstöngin var einn bolur af stranddegli, *Pseudotsuga menziesii*, og stóð í garðinum til 2007 en þá hafði veður og spætur gengið svo nærri henni að hún var fjarlægð í öryggisskyni.

Árið 1987 gekk gríðarlegt óveður yfir Bretlandseyjar og í því veðri féllu mörg gömul tré í garðinum með þeim afleiðingum að það varð að fjarlægja þau.

Kew var sett á Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, sem sameiginleg menningararfleifð alls mannkyns árið 2003.

Á síðari hluta síðustu aldar var aðstaða til erfðafræðirannsókna efld við garðinn auk þess sem lögð hefur verið aukin áhersla á fræðslu til almennings í garðinum sjálfum.

Öldungarnir fimm

Í trjásafni Kew eru yfir 14 þúsund tré sem setja sterkan svip á garðinn. Trén eru af tvö þúsund ólíkum tegundum og þar er að finna fjölda gamalla yrkja og afbrigða sem ekki finnast annars staðar. Hæsta tréð er er ríflega 40 metra hár strandrauðaviður, *Sequoia sempervirens*, auk þess sem þar má skoða spænskættaða eik, *Quercus* x *hispanica* 'Lucombeana', sem er 30 metrar að hæð og með bol sem er 30 metrar að ummáli.

Vitað er að fimm tré í Kew hafa verið þar frá 1762 og kallast þau ljónin fimm. Þetta eru ginkgotré, *Ginkgo biloba*, pagóðatré *Styphnolobium japonicum*, austurlenskur platnaviður, *Platanus orientalis*, falskt akasíutré, *Robinia pseudoacacia*, og kákasuselmi *Zelkova carpinifolia*.

Vetur, sumar, vor og haust

Fyrir áhugafólk um gróður og reyndar alla aðra er alveg sama á hvaða árstíma garðurinn er heimsóttur. Gróðurinn og garðurinn er síbreytilegur og þar er alltaf hægt að finna eitthvað áhugavert að skoða.

Á vorin blómstra hundruð þúsunda litríkra vorblóma eins og krókusar, vetrargosar og hátíðarliljur í beðum og um allan garðinn eru kirsuberjatrén og magnolíurnar í fullum blóma. Þegar líður að og inn í sumarið er garðurinn í fullum skrúða og rósagarðurinn upp á sitt besta og ilmurinn yndislegur. Lauf trjánna marglaga, marglit og mikilfengleg. Þegar haustar taka laufblöð ólíkra trjáa á sig rauða og gula haustliti og ólíkar og marglaga fræhirslur blómanna verða sýnilegri. Þá er líka uppskerutími í matjurtagarðinum og gaman að skoða úrvalið. Sígrænar plöntur setja mikinn svip á garðinn á veturna og þá er forvitnilegt að skoða fjölbreytilegan börk ólíkra trjátegunda. Veturinn er líka upplagður tími til að skoða gróðurinn í gróðurhúsunum.

Höll úr gleri

Fljótlega eftir að Pálmahúsið, frægasta gróðurhúsið og helsta kennileiti Kew, var reist var farið að kalla það glerhöllina. Húsið, sem er í Viktoríustíl, reist á árunum milli 1844 og 1848, var glæsilegasta gróðurhús í heimi þegar það var byggt.

Tilgangurinn með húsinu var að hýsa sívaxandi safn garðsins af plöntum úr hitabeltinu sem það gerir enn.

Bygging hússins var mikið afrek á sínum tíma. Grindin er gerð úr pottjárni og húsið 110 metra langt, 30 metrar að breidd og 19 metrar þar sem það er hæst og glerjað með 16 þúsund rúðum. Talsverðar endurbætur voru gerðar á húsinu og það styrkt á árunum 1984 til 1988 og tóku þær jafnlangan tíma og bygging hússins hundrað árum fyrr. Innandyra er heitt og rakt eins og í regnskógunum og gróðurinn einkennist af pálmum, gúmmítrjám og kögurpálmum og margs konar klifurplöntum. Þar má skoða kakótré, piparplöntur, risabambus, kaffitré og sykurreyr svo fátt eitt sé nefnt.



Háfjallagróðurhúsið er nýjasta og jafnframt minnsta gróðurhúsið í Kew. Húsið er hannað með þarfir kuldaþolins háfjallagróðurs í huga.

Tempraða gróðurhúsið

Gróðurinn í tempraða gróðurhúsinu einkennist af plöntum frá heittempruðum svæðum í Afríku, Ástralíu, Asíu og Ameríku eins og próterum, terunna, djúprauðum



Kaktusasafnið í Kew.

GRÓÐUR & GARÐAR



Koparbeyki, *Fagus sylvatica* 'Purpurea'. Tréð var gróðursett í Kew um miðja átjándu öld sem hluti af trjásafninu sem fyrstu forstöðumaður garðsins var að byggja upp.



Mark Nesbitt, forstöðumaður Economic botany safnsins í Kew. Safnið geymir muni sem búnir eru til úr plöntum. Á myndinni má sjá vatnsskjóðu sem búin er til og jafnframt elsti þekkti manngerði gripurinn úr náttúrulegu gúmmíi eða latexi.



Ásætur og brönugrös í gróðurhúsinu sem Karl III Bretakonungur gaf Kew meðan hann var prinsinn af Wales og krúnuerfingi.

Cliantus maximus og pálmum. Samkvæmt plöntulista hússins eru þar um 1500 ólíkar tegundir.

Bygging hússins hófst 1860 en vegna fjárskort tók 38 ár að klára það. Tempraða húsið var tekið í notkun í áföngum og ekki fullbúið fyrr en 1898. Húsið var allt gert upp á síðasta áratug og meðan á þeim framkvæmdum stóð voru allar plönturnar í því fluttar annað til geymslu. Heildarkostnaður við uppgerð gróðurhússins var 41 milljón pund, 6,6 milljarðar íslenskra króna á núverandi gengi, og það var aftur opnað almenningi 2018.

Gróðurhús prinsins af Wales

Eins og góðum konungi sæmir færði Karl III garðinum fullkomin gróðurhús að gjöf árið 1987 á meðan hann var prinsinn af Wales og krúnuerfingi. Húsið er þannig hannað að í því er hægt að ganga á milli tíu veðrabelta og skoða einkennisgróður hvers beltis fyrir sig. Hvort sem það eru kaktusar eða þykkblöðungar eyðimarkanna eða ásætur úr regnskógunum.

Eitt af fjölmörgum plöntuundrum í gróðurhúsinu er hræblómið, *Amorphophallus titanum*, sem blómstraði fyrst í gróðurhúsi í garðinum árið 1889. Helsta sérkenni plöntunnar, sem er upprunnin á eyjunni Súmötru, er að hún blómstrar gríðarlega stóru blómi og lyktar eins og vel rotnað hræ af stórgrip og laðar þannig að sér frjóbera.

Vísindastarfið í Kew

Auk þess að vera fallegur garður með ótrúlega fjölbreyttu úrvali plantna frá öllum heimshornum er Kew ein virtasta miðstöð plöntuvísinda í heiminum. Kew er með á sínum snærum sérfræðinga á flestum sviðum grasafræðinnar. Hvort sem það er plöntulíffræði eða erfðafræði, flóra ákveðinna heimsálfa, plöntutegunda, greining plantna, varðveisla þurrkaðra planta, sveppa og garðyrkju, og á góðum degi er í Kew töluð meiri latína en í Vatíkaninu.

Sérfræðingar Kew eru í samstarfi við hátt á fimmta hundrað vísindastofnanir í yfir hundrað löndum og hafa ákveðin landsvæði og jafnvel lönd undir smásjá, þar sem lögð er áhersla á að skrá og safna sýnishornum af plöntum sem eru í útrýningarhættu vegna eyðingu búsvæða þeirra.

Sem dæmi er í gangi verkefni í Kenía sem fest í því að vernda villt afbrigði af bönunum og annað í Eþíópíu sem vinnur rannsókn á villtum kaffiafbrigðum. Í Ástralíu, Alpafjöllum Evrópu og í ríkjum Kákasusfjalla Georgíu, Armeníu og Aserbaídsjan er safnað fræjum af villtum plöntum sem einungis finnast á þeim svæðum og í Indónesíu og Papúa Nýju-Geníu er unnið að verndun gróðursvæða sem þykja einkennandi eða sérstæð. Auk þess sem 40 manns starfa á Madagaskar við gróðurrannsóknir á vegum Kew.

Þurrkaða plöntu- og sveppasafnið

Í Kew er varðveitt eitt stærsta vísindasafn í heimi af þurrkuðum plöntum og sveppum. Plöntusýnishornin í safninu eru um átta milljón og koma frá öllum heimshornum og um 20 þúsund eintök bætast við á hverju ári. Í sveppasafninu eru varðveitt hátt í 500 þúsund sýni.

Gríðarleg vinna liggur að baki góðu vísindalegu sveppa- og plöntusafni, söfnun, greining, þurrkun og uppsetning, auk þess sem geymsla á stórum söfnum er plássfrek og þarfnast sérstaks húsnæðis ef vel á að vera.

Safnið er einnig með í sinni vörslu ríflega 175.000 þúsund myndir, teikningar og málverk af plöntum.

Elsti hluti plöntusafnsins er í húsi sem byggt var sérstaklega undir það árið 1852, síðan hafa geymslur safnsins verið stækkaðar fimm sinnum og nýjar geymslur aðlagaðar kröfum samtímans.

Elstu plönturnar í safninu eru frá 1696 og komnar frá lækninum og grasafræðingnum Samuel Brow sem starfaði á Indlandi.

Meðal annarra dýrgripa í safninu eru plöntur sem Charles Darwin þurrkaði og setti upp í ferð sinni með Beagle til Suður-Ameríku og Galapagoseyja árið 1835.

Bókasafn Kew, stærsta plöntubókasafn í heimi, er í samliggjandi húsi við plöntusafnið og geymir rúmlega 500 þúsund bækur, skjöl, handrit, tímarit og kort sem tengjast grasafræði.

Munir úr plöntum

Í Economic botany safninu í Kew eru varðveittir yfir eitt hundrað þúsund munir úr plöntum og um 500 úr sveppum sem tengjast efnahag, verslun og viðskipum og einnig talsvert af listmunum.

Þar er að finna einn af fáum upprunalegum Wardian-kössunum sem til eru, klæðnað, byggingarefni, kanóna, eitur í flöskum, sýnishorn af margs konar tei, mínatúr með íslensku brennivíni, leikföng, skartgripi og ótal margt fleira.

Þreyttir fætur

Eftir langan dag og mikla göngu í garðinum er gott að geta sest niður á öðru af tveimur veitingahúsunum í Kew og fá sér kaffi eða bjór og létta máltíð.

Annað kaffihúsið er í gamla appelsínuhúsinu eða Oranseríinu en samhliða Pavilion greiðasölunni er gjafavöruverslun og ágætis bókabúð sem sérhæfir sig í plöntum og ræktun auk bóka sem Kew gefur út.



Elsti hluti safnsins í Kew sem geymir þurrkaðar plöntur.



Wardian-kassi í vörslu Economic botany safnsins. Einföld uppfinning sem breytti sögu grasafræðinnar.

Kæru smáauglýsendur athugið

Frá og með **23. september nk.** taka þær breytingar gildi að skrá þarf allar smáauglýsingar inni á vefnum www.bbl.is/smaauglysingar fyrir kl. 15.00 mánudag þá viku sem blaðið kemur út.

Einnig þarf hér eftir að greiða auglýsingarnar með greiðslukorti eða með millifærslu.

Ekki verður í boði lengur að fá sendan greiðsluseðil í heimabanka.

Bændablaðið

Kær kveðja, Auglýsingadeild Bændablaðsins.



Evrópusamtök bænda Copa Cogeca fara fram á brýnar aðgerðir og að baráttan gegn skógareyðingu eigi ekki að stofna samkeppnishæfni landbúnaðar- og skógargeirans í Evrópusambandinu í hættu. Mynd / moderndiplomacy.eu

Skógareyðing:

Vaxandi flækjustig og truflun í aðfangakeðjunni

Evrópuþingið samþykkti á dögunum tillögur í skýrslu um skógareyðingu sem sendir sterk skilaboð til landbúnaðar- og skógræktargeirans sem hefur miklar áhyggjur af vaxandi flækjustigi og truflun í aðfangakeðjunni.

Evrópusamtök bænda Copa Cogeca fara fram á brýnar aðgerðir og að baráttan gegn skógareyðingu eigi ekki að stofna samkeppnishæfni landbúnaðar- og skógargeirans í Evrópusambandinu í hættu.

Matvælaverð og fæðuöryggi

Evrópusamtökin Copa Cogeca leggja áherslu á að þessar nýju tillögur trufli ekki vöruframboð né hafi áhrif á matvælaverð og fæðuöryggi. Samtökin hafa mótmælt því að maís verði sett á lista yfir viðkomandi vörur innan ramma reglugerðarinnar. Í yfirlýsingu frá samtökunum segir:

„Á tímum þegar við stöndum frammi fyrir bráðri kreppu á landbúnaðarmatvælamörkuðum á vettvangi ESB og á heimsvísu, þar sem korn- og búfjárframleiðendur eru undir miklu álagi, er Evrópuþingið að ákveða að bæta enn meiri fjárhagslegum og stjórnunarlegum byrðum á þá.

Framkvæmdastjórnin lýsti því skýrt í áhrifamati sínu, að ef maís yrði tekinn undir gildissvið reglugerðarinnar, þurfi það mjög mikið átak og umtalsverða fjárhagslega og stjórnsýslulega byrði, með takmarkaðri arðsemi hvað varðar að stemma stigu við eyðingu skóga sem knúin er áfram af neyslu Evrópusambandsins. Á hinn bóginn hörmum við skort á reyrsykri í tillögum Evrópuþingsins þegar kemur að vörum. Reyrsykur er meðal tíu söluhæstu landbúnaðarvara í heiminum.“

Fjölbreytileiki alþjóðlegra skóga

Evrópuþingið setti margar tillögur inn í skýrsluna án þess að fram hafi farið almennilegt mat á áhrifum á framkvæmd þeirra á vettvangi. Ein slík er skilgreining á niðurbroti skóga sem ætti að vera framkvæmanleg og í samræmi við tilmæli Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og þannig aðlöguð að fjölbreytileika skóga um allan heim. Skilgreiningar og skilningur á fjölbreytileika alþjóðlegra skóga og staðbundnum aðstæðum telja Evrópusamtökin afar mikilvægt að hafa í huga.

Copa Cogeca er reiðubúið að leggja sitt af mörkum til að gera skógareyðingartillöguna í samræmi við markmiðin sem framkvæmdastjórnin setur og tryggja þannig að allar viðbótarreglur sem lagðar séu fram tryggi jöfn samkeppnisskilyrði fyrir bændur í Evrópusambandinu, skógareigendur og samvinnufélög þeirra taki tillit til margbreytileika alþjóðlegra aðfangakeðja. */ ehg*



Sykurreyr.



Skógarvinnsla í Evrópu. Mynd /wilderness-society.org

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða sviðstjóra skógarþjónustu stofnunarinnar. Skógarþjónustan sinnir meðal annars verkefnum tengdum skógrækt á lögbýlum og áætlangerð. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við umfangsmikil verkefni í krefjandi og breytilegu umhverfi. Sviðstjóri skógarþjónustu heyrir beint undir skógræktarstjóra og er hluti af framkvæmdaráði stofnunarinnar.



Sviðstjóri skógarþjónustu

Hlutverk og markmið:

- Ábyrgð á skógarþjónustu og veitingu framlaga til skógræktar á lögbýlum
- Dagleg stjórnun skógarþjónustu
- Gerð rekstrar- og starfsáætlunar sviðsins
- Yfirumsjón með framlögum til skógræktar á lögbýlum
- Yfirumsjón með fræmálum, plöntuframleiðslumálum og plöntudreifingu
- Að viðhalda góðu samstarfi við skógareigendur
- Yfirumsjón með áætlanagerð einstakra svæða og úttektum þeirra
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Skógfræðimenntun og reynsla af opinberri stjórnsýslu, meistaragráða er æskileg
- Þekking og reynsla af skógrækt á lögbýlum
- Reynsla af stjórnun og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar
- Færni í að koma upplýsingum frá sér í rituðu og töluðu máli
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. desember nk.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996.

Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk.

Skógræktin hefur starfstöðvar um allt land og starfstöð sviðstjóra skógarþjónustu er samkomulagsatriði.

- Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, skogur.is/atvinna. Skannaðu kóðann hér til hægri til að komast á síðuna.
- Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Þá sé starfsmönnum búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmætasköpun innan Skógræktarinnar og skógræktargeirans alls.
- Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér umhverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

Skannaðu kóðann

skogur.is

skógræktin



Sölufulltrúi á Akureyri

Hefur þú brennandi áhuga á vélum og/eða með gott nef fyrir sölumennsku og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi?

Vélfang ehf. leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjölbreytt og spennandi starf með aðsetur á starfstöð fyrirtækisins á Akureyri.

Um er að ræða sölu á landbúnaðartækjum og vinnuvélum til bænda og verktaka en Vélfang ehf er umboðsaðili fyrir leiðandi fyrirtæki á sínu sviði s.s. CLAAS, JCB, Fendt, Kuhn, Schäffer og Kverneland.

Helstu Verkefni og ábyrgð

- Samskipti við núverandi og væntanlega viðskiptavini.
- Þarfagreining viðskiptavina.
- Tilboðsgerð og framsetning markaðsefnis.
- Sölufundir / Sölusímtöl.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Áreiðanleiki, dugnaður og heiðarleiki.
- Reynsla af notkun samfélagsmiðla við miðlun.
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi er kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820 • Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is
Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2022.

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland KUHN Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

KORNHORN



Bygg frá bændum í Laxárdal njóta góðs af skjólbeltum á Rangárvöllum.
Mynd / Þóroddur Sveinsson

Skjólbelti og korn

Samson Bjarnar Harðarson.

Hrannar Smári Hilmarsson.

Kornrækt á Íslandi er ekki bara möguleg heldur æskileg og nauðsynleg. En það er gömul saga og ný að með skjólbeltum eykst uppskera korns, gæði þess og öryggi í ræktun. Þetta hafa erlendar jafnt og innlendar rannsóknir sýnt. Skjólbelti geta að sama skapi minnkað ágang álfta og gæsa.

Bent hefur verið á að einn af neikvæðum áhrifum skjólbelta sé snjósöfnun en vel skipulögð skjólbeltakerfi ættu að jafna snjóalög og geta með þeim hætti bætt verulega vatnsbúskap ræktunarlandsins og minnkað snjósöfnun þar sem hún er óæskileg, t.d. á vegum eða við byggingar.

Skjólbelti eru gjarnan lögð út í frjósamt ræktarland sem er verðmæt auðlind og eðlilegt að sjá eftir landinu. En líklegt er að skjólbeltin bæti upp tapið af landinu með aukinni uppskeru í akrinum. Þannig eykst hagkvæmni reksturins ef uppskerumagn getur fengist af minna landi.

Skjólbeltarækt hefur verið stunduð víða um heim með skipulögðum hætti vel á aðra öld og er nærtækast að benda á skjólbeltavæðingu Dana á jósku heiðunum og í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna á ofanverðri síðustu öld. Íslendingar hafa stundað skjólbeltarækt að einhverju marki í nokkra áratugi, gjarnan í tengslum við skógrækt á bújörðum og með stuðningi úr ríkissjóði. Árangurinn hefur verið misjafn, sumstaðar sárgrætilega lítill en annarstaðar framúrskarandi.

Vert er að hafa í huga nokkur atriði til að árangurinn verði sem bestur við skipulagningu og ræktun skjólbelta. Mikilvægt er að huga að þéttleika og að beltin standi þvert á ríkjandi vindátt. Viss endurskoðun á tegundavali plantna og samsetningu þeirra í skjólbeltum gæti leitt til þess að auka vinsældir, endingu og skilvirkni skjólbelta.

Takmarkað framboð hjá plöntuframleiðendum á plöntutegundum til skjólbeltaræktunar getur vissulega verið hamlandi í skjólvæðingu landsins, en með vaxandi ræktun skjólbelta og þar með aukinni eftirspurn ætti framboð að aukast.

Skjólbelti þurfa umhirðu, ekki er nóg að leggja þau út þó að ítrustu leiðbeiningum sé fylgt við plöntuval, gróðursetningu og jarðvinnslu. Skjólbelti eru gjarnan lögð út í frjósömu landi þar sem gras getur kæft ungar trjáplöntur og því er mikilvægt að hirða um þær meðan þær vaxa úr grasi. Til þess að uppvaxin skjólbelti þjóni hlutverki sínu getur þurft að klippa þau til svo þau vaxi ekki úr sér. Skjólbelti eru ekki byggð, þau eru ræktuð og ræktun er starf sem þarf að sinna af alúð.

Mikilvægt er að skjólbelti virki sem best og hámarka má virkni þeirra með því að skipuleggja skjólbeltakerfi um sveitir landsins sem skilvirkari skjólaðgerð en ef skjólbelti standa stök.

Skjólbeltavæðing sveitanna fyrir landbúmað hefur ekki verið tekin nógu föstum tökum hérlendis. Slíkt kallar þó eftir sameiginlegu átaki bænda og ríkisins.

Ekki er ástæða til þess að ætla að jákvæð áhrif skjólbelta séu önnur hér á landi en annarsstaðar og því ekki brýn þörf á rannsóknum á áhrifum þeirra svo fremi að þéttleiki innan beltanna og milli þeirra séu í samræmi við skjólbeltafræðin. Frekar ætti að kanna tegundaval og samsetningu sem skila fljótsprottnum en ekki síður endingargóðum skjólbeltum með lágmarksviðhaldi.

Mikilvægast af öllu er þó framkvæmdin, þ.e. að landið sé unnið á réttan hátt, að útplöntun sé á réttum tíma ársins (fyrir 15. júní eða eftir 15. ágúst) og að umhirðu sé rétt sinnt. Í Danmörku er þetta unnið af sérstökum verktökum sem skila verkinu af sér að þremur árum liðnum þegar beltin eru komin á legg.

Skjólbeltarækt eru órjúfanlegur hluti stóraukinnar kornræktar til þess að styrkja fæðuöryggi hér á landi.

Hugsanlega eru tækifæri í að breyta lítt grónu undirlendi sem annars skilar engu í afurðasama kornaakra með öflugu skjólbeltakerfi.

Samson Bjarnar Harðarson og Hrannar Smári Hilmarsson.

Bændablaðið
Skráðu smáauglýsinguna þína á bbl.is

Á FAGLEGUM NÓTUM



Landbúnaðarsýningin í suður-belgíska sveitarfélaginu er afar vinsæl og vel sótt. Myndir / Snorri Sigurðsson.

Landbúnaðar-sýningin Libramont



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Seinnipartinn í júlí á hverju ári, ef frá eru talin heimsfaraldursár, er haldin einkar skemmtileg landbúnaðarsýning í Belgíu, nánar tiltekið í Libramont-Chevigny í Suður-Belgíu.

Þessi sýning stendur í fjóra daga og er ávallt mjög vel sótt og að þessu sinni var gestafjöldinn tæplega 200 þúsund manns, þar á meðal hópur útskriftarnemenda bændadeildar LbhÍ en dvöl á sýningunni var hluti af ferðalagi þeirra um Evrópu, sem greint var frá í síðustu tveimur tölublöðum af Bændablaðinu.

Eins og við er að búast á sýningu sem þessari er margt áhugavert að skoða og hér á eftir má sjá smá myndasýnishorn af því sem vakti áhuga greinarhöfundar þetta árið.



Á sýningunni voru um 800 sýnendur á svæðinu með allt frá litlum handverkfærum og upp í stærðarinnar vélar og tæki og því margt áhugavert að sjá og skoða. Þá er Libramont sýningin einkar áhugaverð vegna þess hve víða að tækin og vélarnar koma, eins og t.d. þessi GEHL vél hér, sem er frá samnefnda bandaríska framleiðandanum.



Útlitsdómar kynbótagripa skipta gríðarlega miklu máli fyrir ræktendur og ef útlitsmatið verður hátt, getur verðmæti gripanna hækkað um hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir! Það er því vel skiljanlegt að eigendurnir leggi mikið á sig til að gripirnir líti vel út, og eins og hér er verið að tryggja, að ekki sjáist svo mikið sem einn skítugur blettur á gripnum.



Þeir sem ekki höfðu mikinn áhuga á nútímatækni gátu líka fengið eitthvað fyrir sinn snúð og m.a. fengið að „taka í“ ýmis hestaverkfæri!



Á sýningunni voru til sýnis bæði sauðfé, nautgripir og hross af ólíkum kynjum, en hátt í 3.500 kynbótagripir voru leiddir inn í sýningarhringi Libramont-sýningarinnar þessa daga. Hér má sjá þrjár kýr af hinu heimsfræga Belgian Blue holdakyni. Kýrin lengst til vinstri á myndinni, sem var tæplega 9 ára gömul, vó 1.051 kg!



Sauðfjárdómar fara fram með svipuðum hætti og á Íslandi, bæði samanburðarmat og hefðbundin stigun á bak- og lærisvöðvum.



Gripasýningin er alltaf sérlega glæsileg á Libramont, hér má sjá einkar fallegar kýr af Holstein mjólkurkúakyninu í kynbótadómi.



Útiganga varphænsna hefur verið í stöðugum vexti í Evrópu undanfarin ár enda vilja fleiri og fleiri neytendur borga heldur hærra verð fyrir slík egg en frá hænum sem alltaf eru innandyra. Vandamálið við slíka framleiðslu er þó sú að eigi að gera þetta að stórbúskap, og vera með hundruð eða þúsundir af hænum, þá tæta þær upp landið sem þær eru á mjög hratt. Til að leysa málið hefur þýska fyrirtækið Huehnermobil komið með þessa áhugaverðu lausn. Hænsnakofi á hjólum sem má þá færa til eftir því sem hænurnar slíta upp landið. Eina sem þarf að bæta við er færanleg há girðing! Á myndinni sést minnsta gerðin, sem tekur 350 hænur, en stærsti færanlegi hænsnakofinn frá fyrirtækinu hefur aftur á móti pláss fyrir 1.200 hænur!



Öllum nýjungum í vélum og tækjum er auðvitað ekki hægt að gera skil hér en þessi vél frá Hyler var nokkuð mögnuð enda sérhönnuð vinnsluvél fyrir hamprætkendur! Gæti átt erindi við íslenska bændur. Það sem gerir þessa vél sérstaka, og raunar einstaka að sögn söluaðilanna, er að vélin er sérhönnuð til þess að snúa sláttuskára hampsins án þess að skerða lengd trefjanna í stofni plantnanna. Fyrir vikið fæst rúmlega helmingi hærra verð fyrir hampinn!



Sala beint frá býli er í örum vexti bæði hér á landi og víða erlendis og hér sést ein áhugaverð lausn við sölu á vörum. Sjálfsali sem tekur allt frá stórum lærum og niður í örsmáar einingar! Svona tækjum er einfaldlega komið fyrir við heimreiðar bæjanna og þar geta svo viðskiptavinirnir sjálfir keypt hvenær sólarhringsins sem er!

Taktu daginn frá!

Þann 15. Október er járningamannadagurinn haldin að Völlum í Ölfusi (Eldhestum)

Opin verklegur dagur.
Opinn fyrir járningamenn, dýrlækna, kynbótadómara og áhugamenn, svo allir eru velkomnir!
Fyrripart dagsins verða ákveðin vandamál, fyrirfram valdra hesta skoðuð.
Þátttakendum verður skipt niður í blandaða hópa, af dýralæknum, járningamönnum, kynbótadómurum og áhugamönnum og hverjum hóp er falið að greina einn hest.


Eftir hádegi verður haldin hin árlega járningamannakeppni ásamt því verður kynning frá Mustad á nýju skeifuna "LiBero Ice".
Einnig mun Geert Íslandsmeistari 2021 sýna göngugreiningu "Werkman black" hesta á staðnum.

Dagskrá byrjar kl 9:00 og stendur yfir allan daginn til klukkan 17:00
Járningamannakeppnin er frá 15:00 - 17:00

Skráning í keppni er opin öllum.
Hún er opin til 3. Október og þarf að berast á jarningamenn@gmail.com

Járningarmannadagurinn í ár er samstarfsverkefni Járningamanna og Dýralækna.

Með kveðju Stjórnin



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

LÍF & STARF

Vallanes á Fljótsdalshéraði:

Allur húsakostur hitaður upp með afurð úr eigin skógi

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is



Þessa dagana eru merk tímamót í orkuskiptum hjá bændum að eiga sér stað í Vallanesi á Fljótsdalshéraði hjá Eymundi Magnússyni og Eygló Björk Ólafsdóttur.

Eftir að hafa tekið nýjan brennsluofn í notkun fyrir viðarkurl og -perlur verður allur húsakostur á bænum hitaður upp ásamt korn úr ræktuninni þurrkað með trjám úr eigin skógi á jörðinni. Hjónin Eymundur og Eygló Björk hafa verið í orkuskiptaáætlun í nokkurn tíma og eftir að þau fengu úthlutað styrk úr Orkusjóði og komust í samstarf við Tandrabretti á Reyðarfirði fóru hjólin að snúast og segja má að nú loki þau hringrásinni með því að hita allan húsakost, þurrka eigið bygg og annað korn ásamt því að spara töluverðan rafmagnskostnað með afurðum úr eigin skógi.

„Við höfum plantað um einni milljón trjáa og erum nú með samning við Skógræktina sem grisjar skóginn og það sem fellur til verður efniviður fyrir Tandrabretti á Reyðarfirði sem framleiða viðarperlur úr hráefninu.

Það er algjör forsenda að skógurinn haldi áfram að vaxa og binda kolefni og viðhalda skóginum. Verkefnið í heild sinni á svo vel við á Austurlandi sem er vagga skógræktar hérlendis og kalt svæði þar að auki," útskýrir Eymundur.



Bændurnir Eygló Björk Ólafsdóttir og Eymundur Magnússon í Vallanesi á Fljótsdalshéraði eru svo sannarlega að stíga hringrásarhagkerfissporið til fulls á bænum með því að taka í notkun nýjan brennsluofn fyrir viðarperlur og -kurl sem mun hita allan húsakost á bænum. Myndir / ehg

Kornþurrkun með eigin orku

Hjónin segja að nú séu skógar á Austurlandi komnir í fyrstu grisjun en þau hafa um tíma gert eigið kurl sem þau hafa meðal annars notað í göngustíga á jörðinni.

„Þetta er auðvitað eina vitið á svona köldum svæðum þar sem hitaveita stendur ekki til boða. Húshitun fer í gang á næstu dögum og næsta vor bætast svo ylræktarhúsin við og þar munum við vinna með tegundir sem þurfa jafnt og gott hitastig. Þetta er nýtt ræktunarform fyrir okkur en hingað til höfum við fyrst og fremst verið í útiræktun svo við erum mjög spennt fyrir þessari viðbót," segir Eygló Björk og Eymundur bætir við, „við erum með eina hreyfanlega stöð í hlöðunni til að þurrka kornið.

Nú hefjum við kornþurrkun í haust í fyrsta sinn með eigin orku svo það er mjög spennandi að sjá hvernig það gengur í stað þess að nota dísilolíu til verksins. Síðan munum við nota hitann sem kemur frá frystunum og kælunum sem við erum með í varmaskipti. Það er vatnskerfi í íbúðarhúsunum okkar og á veitingastaðnum en það verður ekki á sama kerfi og hin húsin.

Við getum einnig forhitað neysluvatnið inn í túpuna með varmaskiptum en rafmagnstúpan sem er inni hjá okkur núna þarf minna eftir þetta og því erum við í leiðinni að spara rafmagn. Núna fáum við inn þessa nýju tækni sem felast í ofnunum sem brenna perlur. Þetta er mun öruggara flæði og kerfi en hefur áður verið notað og það kemur nánast reyklaus eldur úr þessu og sáralítil aska. Þetta er mikil bylting og mjög spennandi verkefni í alla staði."



Vonandi verður skref bændanna í Vallanesi hvatning fyrir aðra bændur, sérstaklega þeirra sem búa á köldum svæðum, í að nýta afurðir úr eigin skógi til orkuskipta.

Þarf breytingar á styrkjakerfinu

Eygló Björk er formaður VOR – Verndun og ræktun, sem er félag lífrænna ræktenda á Íslandi, en hún segir félagið hafa lagt fram tillögur um breytingar á styrkjakerfinu til að gera þessa grein landbúnaðar samkeppnishæfari og til að nýliðun geti átt sér stað í meira mæli en nú.

„Við þurfum að sjá breytingar á styrkjakerfinu, sem er mjög mikilvægt, en við í VOR höfum rýnt í kerfið og höfum mótaðar hugmyndir um hvernig megi koma hlutum á hreyfingu og við treystum því að ráðherra og ríkisstjórnin standi við það sem áður hefur verið fyrirhugað, að gera aðgerðaráætlun um lífrænan landbúnað. Stjórnvöld þurfa að gefa tóninn um að koma hlutum á meiri hreyfingu," útskýrir Eygló Björk.

„Til langs tíma þarf að veita meiri stuðning þannig að lífrænn landbúnaður geti blómstrað eins og þessi atvinnugrein á skilið. Það er oft meiri handavinna og jarðvinnsla í lífrænum landbúnaði sem felur í sér meiri vinnu og kostnað sem oft er bættur upp með álagi á stuðningsgreiðslur. Þessu höfum við mælt með, einnig er t.d. húsakostur í búfjárrækt rýmri og bæta þarf geymslu og nýtingu á lífrænum áburði. Í lífrænni ræktun erlendis, s.s. í garðyrkju og akuryrkju, er notast við nýjustu tækni og vélar sem hannaðar eru til jarðvinnslu án eiturefna.

Við höfum lagt mikla áherslu á vel skilgreindan tækjastuðning til þess að slíkar lausnir séu gerðar aðgengilegri hér á landi. Þar erum við eftirbátar miðað við nágrannalöndin sem þarf að laga. Þetta er nútímaleg grein þar sem búið er að þróa alls kyns tæki til að stunda nútíma jarðrækt. Annað eru vottunargjöldin sem þarf að borga fyrir fullu gjaldi en víða annars staðar er það ríkisstyrkt sem dæmi.

Þetta getur verið einn þáttur í að hafa það meira aðlaðandi fyrir bændur að koma nýir inn en einnig fyrir þá sem fyrir eru að þröskuldurinn sé ekki alveg í byrjun."

Vottuð sláturhús í hvern landsfjórðung

„Ef menn ætla virkilega að fást við áskoranir í dag þá þarf að koma bændum frá tilbúnum áburði yfir í aðrar lausnir eða framleiðslu hérlendis sem vinnur að hringrásarkerfi. Þá þarf að nýta tækifærið núna og ekki verra að auka verðmætasköpun í leiðinni með fleiri vottuðum afurðum. Heildin hlýtur að standa betur eftir á og þó þetta væri ekki nema til að ná lífrænni ræktun upp í 5 prósent ræktarlands til að geta verið væn sneið og sterkari í samkeppni við innflutta vöru. En til þess að sjá breytingar þarf fyrst samtalið og beina fjármagni inn á þessar brautir með breytingum á stuðningskerfinu," segir Eygló Björk og bætir við:

„Við finnum fyrir miklum meðbyr með lífrænum vörum hérlendis og neytendur eru mjög jákvæðir. Það varð sýnileg aukning í heimsfaraldrinum og framleiðsluvörum hefur fjölgað jafnt og þétt. Það hefur verið örlítil endurnýjun í sauðfjárrækt en hún er hægfara og ræðst það sennilega að hluta til af skorti á vottuðum sláturhúsum hérlendis. Það er þó markmið okkar í félaginu að koma upp vottuðum sláturhúsum í hverjum landsfjórðungi. Einnig hefur verið aukning í lífrænni garðyrkju og lífrænum eggjum hefur verið vel tekið. Þar að auki er komið lífrænt nautakjöt á markað svo flóran er alltaf að aukast."

> „Við finnum fyrir miklum meðbyr með lífrænum vörum hérlendis og neytendur eru mjög jákvæðir. Það varð sýnileg aukning í heimsfaraldrinum og framleiðsluvörum hefur fjölgað jafnt og þétt."

Nýtt til undirburðar og kyndingar

„Ilmur er vörumerki Tandrabretta ehf. á Eskifirði en framleiðsla á viðarperlum úr afgangsvið og grisjunarvið úr skógum á Héraði hefur verið að þróast og aukast á undanförum árum hjá fyrirtækinu. Varan hefur verið notuð sem undirburður og nú nýlega til kyndingar og settir hafa verið upp nokkrir sérhæfðir katlar á Austurlandi.

Þetta minnkar kolefnisspor og styður við hringrásarhagkerfið ásamt nýtingu skóga. Nýting þessa hráefnis er athyglisvert innlegg í kyndingu á köldum svæðum á Íslandi og hefur hlotið stuðning frá Orkusjóði sem er mjög jákvætt," segir Magnús Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Tandrabrettis.

Viðarperlur (wood pellets) eru mikið nýttar í Evrópu til kyndingar og henta mjög vel til þess. Þar að auki eru þær kolefnishlutlausar þar sem skógurinn batt kolefnið í vexti og notkun þeirra stuðlar að nýtingu á afgangsviði.



AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

900 milljónir greiddar út til bænda

Fyrstu sprettgreiðslurnar til bænda voru greiddar út síðastliðinn föstudag, tæpar 900 milljónir króna.


Svandís Svavarsdóttir.

Um var að ræða álag á gæðastýringar-greiðslur, álag á nautakjöt fyrir framleiðslu fyrri hluta árs og stuðning við geitfjárrækt.

Á mánudaginn í þessari viku var svo greitt út álag á gripagreiðslur á mjólkur- og holdakýr. Í næsta mánuði verður svo greitt út álag á jarðræktar-, útirækt og landgreiðslur. Síðari hluti greiðslna vegna nautakjöts, stuðningur til alifugla- og svína kjötsframleiðenda verður greiddur í lok árs og upphafi næsta árs.

Ég stend með bændum

Samtals er þessi stuðningur rúmir 2,5 milljarðar króna. Síðastliðið vor blasti við að grípa þurfti til aðgerða til þess að viðhalda framleiðsluvilja og fæðuöryggi. Ég skipaði þriggja manna spretthóp til að vinna hratt og skila mér útfærðum tillögum á viku. Það gekk eftir og tillögurnar hlutu víðtækan pólitískan stuðning, bæði á vettvangi stjórnmálanna og í samfélaginu. Það var mér mikilvægt að finna að vilji var til þess á stjórnarheimilinu að fara að tillögu minni að standa með bændum. Aðfangakeðja landbúnaðar er þó áfram með hnútum og löskuðum hlekkjum. Enn þá geisar stríð í Úkraínu, kornforðabúri Evrópu. Enn þá er mikil óvissa um áburðarframleiðslu næsta árs og viðbúið að verð á helstu aðföngum til landbúnaðar verði hátt um nokkra hríð. Þó að afurðaverð í t.d. sauðfjárrækt hafi hækkað myndarlega í sumar veit ég að mörg þeirra sem stunda landbúnað mega ekki við miklum áföllum til þess að heimilisbókhaldið fari forgörðum.

Þá hafa stýrivaxtahækkanir haft áhrif á vaxtagreiðslur hjá mörgum í landbúnaði og líklegt að svo verði þangað til að verðbólgudraugurinn verður særður burt á nýjan leik. Vegna þessa þurfa fleiri en stjórnvöld að koma að borðinu. Öll þau sem koma að virðiskeðju matvæla þurfa að axla sameiginlega ábyrgð á því að tryggja skilyrði fyrir innlenda landbúnaðarframleiðslu og þar með fæðuöryggi. Fæðuöryggi verður eingöngu tryggt með kraftmiklum landbúnaði.

Eitt af þeim málum sem eru á minni þingmálaskrá fyrir þetta löggjafarþing er frumvarp um hagræðingu í afurðastöðvageiranum. En ein af tillögum fyrrnefnds spretthóps var að skapa umgjörð utan um hagræðingu við slátrun og kjötvinnslu. Unnið er að útfærslu þeirra tillagna og verða þær kynntar í samráðsgátt stjórnvalda þegar líða tekur á haustið. Ætla má að þær tillögur muni hljóta nokkra umræðu í samfélaginu þegar þær verða birtar og verður í kjölfarið unnið úr þeim athugasemdum sem berast áður en málið er lagt fyrir Alþingi.

Ef við gerum sömu hlutina, fáum við sömu niðurstöður

Ég hef rætt við marga bændur síðan ég tók við embætti matvælaráðherra og ég finn metnaðinn og kraftinn sem býr í þeim. Það eru mikil tækifæri í íslenskum landbúnaði og ég held að á næstu árum muni landbúnaðurinn sýna hvað í honum býr. Við þurfum metnaðarfullan og framsækinn landbúnað hér á landi, til þess að tryggja fæðuöryggi og til þess að ná árangri í loftslagsmálum.

Okkur hættir til þess að gleyma því að landbúnaðurinn er sífellt að breytast og verður að vera sífellt að breytast til að mæta áskorunum hvers tíma. Þannig þurfa verkfæri hins opinbera til stuðnings við landbúnað að breytast í takt við verkefnin. En þar held ég að við eigum mikið verk eftir óunnið við endurskoðun búvörusamninga. Bændur og ríki þurfa að spyrja sig, hvað hefur gengið vel og hvað hefur gengið illa. Því það er ljóst í mínum huga að ef við gerum það sama áfram, þá munum við fá sömu niðurstöðu. Og þá niðurstöðu felli ég mig ekki við – því að landbúnaðurinn er of mikilvægur til þess að vera í vörn. Ábyrgðin er ekki eingöngu gagnvart íslenskum skattgreiðendum og þeirra sem eru bændur núna og í næstu viku. Heldur er hún gagnvart landbúnaði og innlendri matvælaframleiðslu til langrar framtíðar á Íslandi.

Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra.



Söluráðgjafi vélasviðs á Akureyri

Þór hf. leitar að hressum og drífandi einstaklingi með áhuga á vélum og landbúnaði til starfa í útibúi okkar á Akureyri.
Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði í starfi og þarf að vera tilbúinn í söluferðir og heimsóknir til bænda. Um framtíðarstarf er að ræða.

Starfssvið:
- Sala á landbúnaðarvélum og vinnuvélum.
- Starfið felur í sér ferðalög og heimsóknir til viðskiptavina, aðallega á norðurlandi.
- Viðkomandi starfsmaður verður með starfsstöð í verslun okkar á Baldursnesi á Akureyri.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sölumennsku.
- Góð þekking á vélum og vélbúnaði
- Tölvukunnátta
- Góð kunnátta í ensku
- Þjónustulund og góð framkoma
- Reynsla og þekking á landbúnaði æskileg, ekki nauðsyn.

Þór hf. er umboðsaðili fyrir sterk og vönduð vörumerki eins og Kubota, Deutz-Fahr, Amazone, Joskin, Grimme ofl.

Sótt er um starfið á www.alfred.is - Nánari upplýsingar veitir Einar í síma 568-1513 eða með tölvupósti á starf@thor.is - Umsóknarfrestur er til og með 2. október 2022

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16 | Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8 | Sími 568-1555
www.thor. is | thor@thor.is

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA


Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is


Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better
VK vörukaup



EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta


Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

SKÓGRÆKTIN



Birkifræ. Myndir / Skógræktin

Söfnun og sáning á birkifræi

Verkefnið *Söfnun og sáning* á birkifræi er samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og hófst árið 2020. Að baki verkefninu stendur öflugur samstarfshópur fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka ásamt stofnununum tveimur.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst áratuginn 2021-2030 áratug endurheimtar vistkerfa.

Talið er að við landnám hafi þekja birkiskóga verið um 25% af heildarflatarmáli landsins. Við lok nítjándu aldar má heita að stefnt hafi í gjöreyðingu birkiskóga hér á landi. Með lögum um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands hófst skipulagt starf við að vernda leifar birkiskóga og efla útbreiðslu þeirra. Það starf hefur skilað þeim árangri að nú er þekja birkiskóga um 1,5%.

Bonn-áskorunin

Nú hafa stjórnvöld sett sér það markmið að við lok ársins 2030 hafi heildarútbreiðsla birkis náð 5% af flatarmáli landsins. Þar er átt við bæði gamla og uppvaxandi skóga. Þetta er liður í alþjóðlegu átaki, svokallaðri Bonn-áskorun, um aukna útbreiðslu skóga í þágu náttúrunnar og samfélaga fólks. Auk þess er endurheimt birkiskóga snar þáttur í áætlunum stjórnvalda um aðgerðir til að auka kolefnisbindingu, draga úr kolefnislosun og stuðla að jarðvegsvernd.

Verkefnið Söfnun og sáning á birkifræi er liður í þessu átaki. Með verkefninu er í raun verið að nýta getu birkisins til að dreifa sér með sjálfgræðslu. Útbreiðsluaukning birkiskóga frá byrjun síðustu aldar er að mjög miklu leyti að þakka sjálfgræðslu birkis með fræi.



Guðmundur Halldórsson

Má í því sambandi nefna góðan árangur við endurheimt birkiskóga á Þórsmörk og svæðum þar í kring. Þegar friðun þess svæðis hófst var ekki annað eftir af hinum fornu skógum en nokkrar torfur. Nú er svæðið þakið skógi.

Einnig má benda á birkiskóginn sem nú er að vaxa upp á Skeiðarársandi. Það svæði var skóglaust eftir Skeiðarárhlaupið árið 1996 en nú er þar að vaxa upp einn af stærstu birkiskógum landsins, eingöngu með sjálfgræðslu.

Markmið að efla útbreiðslu birkis

Verkefnið Söfnun og sáning á birkifræi hefur ekki eingöngu það markmið að efla útbreiðslu birkis. Reynslan hefur sýnt að þátttaka almennings og skilningur á mikilvægi landbótaaðgerða er lykillinn að árangri. Verkefnið gefur almenningi færi á að leggja sitt af mörkum til landbótastarfs og stuðlar þannig að auknum skilningi á mikilvægi landbótastarfs í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Tökum þátt í að safna birkifræi í haust og annaðhvort sáum því sjálf í valin svæði eða skilum því í sérstaka merkta kassa í Bónus-verslunum eða Olísstöðvum um allt land. Deilum myndum og frásögnum á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #birkifræ og notum @birkifræ til að tengja innleggin samfélagsmiðlum fræsöfnunarinnar.

Guðmundur Halldórsson



Ilmbjörk.

LÍF & STARF



Veðurguðirnir léku gesti Landsmót grátt, en þó var mæting góð og notalegt að líta inn í tjöldin og kynna sér allt það sem í boði var á básunum. Mynd / ghp

Hitt og þetta frá Landsmóti:

Forsvarsmenn kynningarbása teknir tali

Á Landsmóti hestamanna á dögunum voru þónokkrir er kynntu vörur sínar og verkefni og leit blaðamaður við í nokkrum básum.

Áhugavert er að spjalla við frumkvöðla jafnt sem þá er lengra eru komnir og eitt er víst – þarna er fólk með ástríðu fyrir sínu og gæti glatt okkur mörg eða gert okkur hægara fyrir. Blaðamaður lærði m.a. að hægfóðrun búfénaðar getur komið í veg fyrir magasár, hægt er að fá mjólk á sjálfsala í Krónunni Kópavogi og þá sem dreymt hefur um að skreyta hesta sína semelíusteinum geta óhikað haft samband við hana Siggu Pje er staðsett er á Eyrarbakka.

HeyNet

Af vefsíðu fyrirtækisins HeyNet kemur fram að í grunninn er hrossum eðlilegt að hafa frjálst aðgengi að fóðri í náttúrunni, borða í 16-18 klst. daglega. Elva Dís Adolfsdóttir, eigandi fyrirtækisins HeyNet, hannar og selur lausnir með vellíðan búfénaðar að markmiði og vinnur náið með ræktunarbúinu Stekkholtshestum í Biskupstungum. Hægfóðrun dýra er Elvu mikið hjartans mál, en henni fannst fátt um fína drætti í þeim efnum og fór svo að hún sjálf hóf að hanna vörur fyrir sig og aðra.

„Ég nota nálar og prjóna við saumana og nýti meðal annars afskurð frá hinum og þessum sem annars hefði verið hent enda horfum við mikið í að endurnýta og nýta," segir hún aðspurð. „Við hjá fyrirtækinu þróum ýmsar hugmyndir, en svo er einnig hægt að koma til okkar og finna það sem hentar hverjum og einum. Þetta eru svokölluð hægfóðursnet, sem kindur, geitur og nautgripir jafnt sem hestarnir njóta góðs af en við rannsókn kom í ljós að hægfóðrun bæði bætir heilsu dýranna (í þessu tilviki hrossa), minnkar úrgang frá þeim og lækkar árlega neyslu fyrir utan það hversu auðvelt er að fóðra dýrin."



Elva Dís Adolfsdóttir eigandi Heynets – hér má sjá plastkúlur sem ætlaðar eru til að hægja á áthraða hesta. Að auki er úrval varnings úr neti, til dæmis þessi glæsilegi guli kjóll!

„Auk dýranna hafa bæjarfélögin sýnt áhuga á þéttriðnum pokum," heldur Elva áfram, „þá helst í sambandi við garðavinnu unglinganna í stað plastpoka. Plastkúlurnar læt ég gera fyrir okkur en þær eru einnig ætlaðar til að hægja á áthraða fyrir hross eða dýr.

Hestar framleiða stanslaust magasýrur og því hættari við magasári ef hesturinn fær ekki nógu oft fóður yfir daginn. Kúlurnar eru semsé ætlaðar aðallega fyrir þá, ásamt þéttari netunum frá okkur.

Hægfóðrun mataræðis er því bæði upplögð og nauðsynleg aðferð til gjafa fyrir meltingarheilbrigði þeirra. Ýtir undir þá munnvatnsframleiðslu sem þarf til þess að mynda hlutlausa sýru í maga dýrsins – þá á móti þeim sem geta ollið magasári," segir Elva að lokum, en greinilegt að þetta mættu margir taka til umhugsunar í sínum búskap.



Þær stöllur Ólöf María Stefánsdóttir og Ingibjörg Bára Pálsdóttir stóðu vaktina og kynntu fyrirtækið Hreppamjólk.

Hreppamjólk

Hreppamjólk var kynnt á Landsmóti hestamanna á dögunum og þær Ólöf María Stefánsdóttir og Ingibjörg Bára Pálsdóttir stóðu vaktina. Þær glöddu gesti og gangandi með afurðum fjölskyldubúsins Gunnbjarnarholti, undir merkjum hreppamjólkur.

„Þetta er fjölskyldufyrirtæki," segja stelpurnar, „sem er að selja ófitusprengda mjólk, gerilsneydda á flöskum. Flöskuna má svo nýta aftur, meðal annars við áfyllingu


LÍF & STARF

Hreppamjólkur, en hana er hægt að fá í sjálfsala í Krónunni Lindum. Þar getur fólk mætt með hreina flösku og fyllt á að vild," segja þær brosandi og bæta því við að þrífa þurfi flöskuna vel og sótthreinsa. Upplýsingar um þrif á flöskum má finna á vefsíðunni, en stefnan er auðvitað sú að sjálfsala verði að finna víða um land í framtíðinni. Greiðslukerfi má svo finna framan á sjálfsalanum þannig að ýtt er á start og stopp og greitt eftir því.

Fyrirtækið Hreppamjólk býður upp á, auk mjólkurinnar, Hreppó, afar vinsælan bragðbættan mjólkurdrykk. Er hann fáanlegur í þremur bragðtegundum: súkkulaði, jarðarberja og biskotti.

Einnig má fá Hrepparjóma, bakaða Hreppajógúrt, ís og undanrennu.

Á Landsmótinu buðu þær stöllur gestum og gangandi að kaupa sér heitt kakó sem má segja að hafi runnið ljúflega ofan í viðstadda enda, eins og allar vörur Hreppamjólkur, var það hreint fyrirtak.





Listakonurnar Brigitte og Sigga Pje handgera semelíuskreytta fylgihluti ætlaða hestum sem eru afar vinsælir.

Litla hestabúðin

Sigga Pje var viðmælandi minn er kom að bás Litlu hestabúðarinnar á Sólvangi við Eyrarbakka. Í þeirri verslun má meðal annars finna talsvert úrval af gjafavöru og listmunum tengdum íslenska hestinum og hestavörum frá dönsku fyrirtækjunum Birgittes BlingBling svo eitthvað sé nefnt. „Jú, segir Sigga hressilega, „ég kynntist henni Birgitte þegar við vorum að dæma hesta á hestamannamóti í Danmörku og náðum svo vel saman að við höfum samstarf. Birgitte handgerir semelíuskreyttar ennisólar og annað, þannig ég fór að kaupa af henni og selja fyrir hana."

Sérpantanir í boði

„Markaðurinn fyrir slíkt skraut hefur þó vaxið á ógnarhraða enda leið ekki á löngu þar til ég var farin að gera allar ennisólarnar sem seldar eru á Íslandi. Ég dúlla mér í þessu á kvöldin og geri eina tvær … svipað og fólk róar sig við CandyCrush eða prjónar, þá sit ég og skreyti ennisólar með hágæða kristalsteinum," segir hún glottandi. „Í rauninni eyði ég mestum tíma í að hugsa samsetningarnar á steinunum, enda er engin hönnun eins. Svo er ég að halda námskeið, gerði það fyrir jólin í fyrra t.d., þar sem fólk mætir og getur gert sína eigin ennisól. Að auki geri ég alls kyns sérpantanir – enda ekki bara ennisólar sem fólk óskar eftir heldur eru beisli skreytt, taumar og annað."

Bás Siggu er listilega uppsettur og vel hannaðir og skrautlegir fylgihlutir hesta blasa við í hvívetna. Tvímælalaust eitthvað sem þarf að líta tvisvar á. /SP




SÖNGUR VIÐ ÚTFARIR
Jón Svavar Jósefsson
Barítón
Reynsla, virðing, fagmennska
Veiti einnig ráðgjöf vegna tónlistar og útvega sönghópa
jonsvavar.is s: 864 2407
jonljon@gmail.com
facebook/jarðarfarasöngvarinn


Vandaðar Alzaga kerrur frá Spáni
39 ára reynsla
Innifalið í verði er nefhjól, varadekk, öryggiskeðja.
Stærð kassi 2300x1400x440. 750 kg.
Verð kerra frá 210.000 kr.
Verð kerra með festingum fyrir hjól frá 250.000 kr.
Upplýsingar í síma 6660632.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is


EININGAR EHF
TIMBUR EININGAHÚS
Sími: 893 3022 einingar@einingar.is
www.einingar.is

Lífræn hreinsistöð

• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar
WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

TVÆR JARÐVARMADÆLUR TIL SÖLU
Varmadælur fyrir stærri notendur sem vilja mikinn sparnað
Hentar vel fyrir stórt húsnæði og sundlaugar
Getur notað jörð, vatn, loft o.fl. til orkuöflunar
Stærð: 60kW
Gerð: NIBE F1345

Vinsamlega hringið í síma 839-1503 fyrir frekari upplýsingar

LÍF & STARF



Hópmynd af þátttakendum í TreProx sem haldið var í Smálöndum Svíþjóðar fyrr í sumar.

Myndir / Hlynur Gauti Sigurðsson

Viðarnytjar í Svíþjóð:

Séð og heyrt um við

Hlynur Gauti Sigurðsson
hlynur@bondi.is

Þátttakendur í námskeiði á mati viðargæða (TroProX) frá Íslandi, Danmörku og Svíþjóð viðuðu að sér þekkingu Svía fyrr í sumar.

Nytjar íslensks viðar hafa færst í vöxt undanfarin ár. Skógarauðlindin dafnar sem aldrei fyrr enda vaxa okkar tré með sama hraða og á sömu breiddargráðu í Skandinavíu. En það er ekki nóg með það. Viðargæði íslensks viðar eru hreinasta afbragð.

TreProX er heiti á evrópsku samstarfsverkefni þriggja norrænna háskóla og er styrkt af Erasmus+. Verkefnið felur í sér að nemendur frá vinaþjóðunum Íslandi, Danmörku og Svíþjóð, hittast í þrígang og læra mat og meðferð viðar.

TreProX er frábært tækifæri fyrir skógarbændur, starfsfólk Skógræktarinnar og skógræktarfélaga um land allt, tækifæri til að fara utan og kynnast á eigin skinni hvernig alvöru viðarvinnsla í víðum skilningi fer fram og um leið að kynnast kollegum og rækta vinskap.

Fjörutíu þátttakendur frá Íslandi

Í fyrrahaust hittist hópur rúmlega fjörutíu þátttakenda í fyrsta skiptið á Íslandi og var gert út frá Hvanneyri og Reykjum við Hveragerði. Um mánaðamótin maí-júní í ár hittist hópurinn aftur í vikutíma í Smálöndum Svíþjóðar. Farið var gaumgæfilega yfir viðarvinnslu á flestum stigum.

„Skógrækt“ er orð sem felur í sér að gefa skóginum athygli frá fyrsta degi til þess síðasta. Markmið ræktunarinnar geta verið misjöfn en oftar en ekki getur ein og sama ræktunin haft mörg markmið. Það er til dæmis afar göfugt að rækta skóg þar sem tré binda kolefni, eru aðgengileg til útivistar, eru skjól fyrir beitardýr og eru um leið að framleiða nytjavið. En þegar markmiðið er nytjaviður þarf að huga að vali á trjátegundum og kvæmum við upphaf ræktunarinnar, snyrta trén á uppvaxtarárum þeirra, gæta þess að þau fái viðeigandi vaxtarrými með grisjun, taka neðstu greinarnar af trjánum þegar það á við og svo fram eftir götunum. Þetta er liður í að rækta nytjaskóg.

Á árum áður þótti ágætt að rjóðurfella skóga á þeim aldri þegar bolir trjánna voru hentugir fyrir sögunarmyllur. Sú aðferð tíðkast víða en er á undanhaldi. Nú er síþekjuskógrækt mjög vinsæl, ef svo má segja. Þá er inngrip í skóginn örar en færri tré felld í senn. Skógurinn er ekki felldur í einu lagi heldur einungis valin tré úr skóginum á um það bil fimm ára fresti. Þetta þykir flóknara en þegar hvert einasta tré er fellt eins og í rjóðurfellingu. Þetta þýðir að skógarvörðurinn, sá sem annast skóginn, verður að hafa gott auga fyrir viðargæðum og stöðunni á markaðnum um leið. Eftirspurn á viði getur verið misjöfn á milli ára.

Grisjun


Að ýmsu er að hyggja. Við grisjun verður að gæta að aðbúnaði starfsmanna og ekki síður vistkerfisþætti skóganna þó svo að megintilgangurinn sé að



Dan Johansson, skógarbóndi og ráðgjafi, deildi úr viskubrunni sínum þegar kom að sögun trjáa til að ná fram mestum verðmætum út úr bolnum.



Sænskir skógar eru nýttir til beitar. Það er gott fyrir dýrin, trén og vistkerfið í heild.



Við Linné háskólann í Vexjö er eitt tæknilegasta mælitæki veraldar í burðarþoli að finna. Um þessar mundir er krosslímt timbur (CLT) mikið notað í byggingar. Þetta mælitæki er notað til að betrumbæta þá tækni enn meira. Á myndinni eru prófessor Harald Sall og Andreas Alrutz sem er yfirhönnuður græjunnar.



Skógarbóndinn Frederik Gustavsson rekur litla sögunarmyllu heima á sínum bæ. Þarna er að finna stórviðarsög, heimagerðan þurrkklefa, tréverkstæði, ýmsar gerðir skógarhöggsvéla og nokkuð mikið af viðarstæðum.



„Að meta tré getur verið flókið, en eins og með flest annað skiptir miklu máli að flækja ekki málin of mikið.“ Þetta sagði Andreas Arvindssson, sérfræðingur hjá Biomeria. Á lyftaranum situr Jonas Nillsson, prófessor við Linné-háskóla.

fella tré. Þegar tré eru felld þarf að huga að gæðum trjánna og að trjábolirnir séu sagaðir í lengdir eftir nýtingamöguleikum. Tré geta auðveldlega verið 30 metra há og er óskastaðan sú að neðsti hluti bolsins fari í fyrsta flokk, næsti í annan flokk og loks fer efsti hlutinn (toppurinn) í pappamassa eða til kyndingar. Þetta er þó ekki svona einfalt þegar kemur að því að velja tré til að fella.

Þegar búið er að koma bolunum úr skóginum alla leið í sögunarmylluna þarf að meta hvern einasta bol nánar út frá gæðum. Bolirnir eru flokkaðir eftir 5 stigum. Mat við hvern bol getur verið af ýmsu tagi svo sem: hvernig liggja kvistir í bolnum, af hvaða gerð eru kvistirnir, eru árhringirnir jafnir, eru sjáanlegir skaðar og svo framvegis. Eftir að bolurinn er metinn þarf að ákveða sögunaraðferð við bolinn til að ná fram mestu og verðmætustu viðarnýtingunni. Það væri t.d. hægt að ná planka, stöku fjölum og nokkrum lektum út úr einum bol. Allur viður er nýttur. Við sögunarferlið í viðarvinnslum, stórum sem smáum, fellur til ofboðslegt magn af afsagi og sagi. Það er kurlað og nýtt til hitunar eða í pappírsframleiðslu.

Aðallega vatn

Tré er að miklu leyti vatn. Þegar timbur þornar tekur það yfirleitt á sig nýja mynd. Það er mikil kúnst að þurrka við. Í viðarvinnslum eru þurrkklefarnir risastór gímöld; byggingar á stærð við stærstu íþróttahús. Hér verður ekki farið nánar í þurrkun viðar því þau fræði ein og sér eru mikil og nokkuð sérhæfð.

Eftirspurn hverju sinni getur haft mikið að gera með val meðferðar. Sem dæmi um við með sérstaka eiginleika er gluggaviður. Þar þarf sérstaklega að vanda til verks. Viður er enn í dag eitt eftirsóttasta byggingarefni fyrir glugga þrátt fyrir alla þá málma og plastefni sem eru í boði. Góður viður í glugga þarf að hafa jafna, þétta og beina áhringi og vera kvistlaus.

Stór stétt

Að mörgu er að hyggja við viðarframleiðslu. Viður er það hráefni sem stöðugt þarf að vera framboð á. Timburgeirinn er stór og fjölmenn stétt um allan heim. Skógrækt ein og sér er fjölmenn en afleidd störf út frá vinnslu í skógum og á við eru óteljandi. Með stækkaðri skógarauðlind Íslendinga verða til enn fleiri spennandi atvinnutækifæri. Með síbreytilegu loftslagi og óútreiknanlegum ákvörðunum áhrifaríkra stjórnvalda er erfitt að fullyrða um framtíðina. Með aukinni skógrækt verðum við vonandi einn daginn sjálfum okkur næg um timbur. Það er veigamikill liður í að gera Ísland sjálfbært.

Frekari upplýsingar, svo sem myndbönd, um viðargæði og námskeiðið TreProX, er hægt að nálgast á treprox.eu og víðar.



Úrval af þægilegum og endingagóðum sokkum.
40 sölustaðir, hafðu samband til að fá upplýsingar um sölustað í nágrenni við þig.

Sokka Kompaníð ehf. 230 Reykjanesbær - info@socks2go.eu - gsm: 831 8400 - www.socks2go.is

Flugnanet - Lúsmýnet

Þar sem sumarið er stutt skulum við nota haustið og vorið til að koma neti í glugga og hurðir.

Lúsmýið er komið til að vera - sjá myndir www.ölfus.is.

Verum tilbúin þegar lúsmý mætir sumarið 2023

Upplýsingar

flugnanet@gmail.com www.ölfus.is sími 8959801



SVFR leitar að veiðisvæðum, sér í lagi fjölskylduvænum svæðum þar sem kynslóðirnar geta veitt saman.

Við horfum til ár- og vatnasvæða með góðri veiðivon, sérstaklega svæða þar sem bæði börn og fullorðnir geta notið sín. Ef þörf er á aðstöðu, t.a.m. veiðihúsi, er félagið reiðubúið í samtal um að koma að þeirri uppbyggingu.

Allar hugmyndir eru vel þegnar, þær skal senda á framkvæmdastjóra SVFR, Sigurþór Gunnlaugsson, í tölvupósti á sigurthor@svfr.is. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 568 6050.

SVFR var stofnað 1939 og er traustur samstarfsaðili. Tilgangur félagsins er m.a. að styrkja stöðu stangaveiði sem almennings- og fjölskylduíþróttar. Lykilþáttur í þeim tilgangi er að efla áhuga barna og unglinga á stangaveiði með fræðslu og góðu aðgengi að ár- og vatnasvæðum.

AJ Power

ALLAR STÆRÐIR AF
AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

FESTU ÞÉR ÖRUGGAN SKÁP
FYRIR 4-15 BYSSUR



4 BYSSUR	8 BYSSUR	12 BYSSUR	15 BYSSUR
H 150 cm	H 150 cm	H 150 cm	H 150 cm
B 25 cm	B 36 cm	B 52 cm	B 45 cm
D 25 cm	D 36 cm	D 36 cm	D 60 cm
Verð: 49.900.-	Verð: 69.900.-	Verð: 95.900.-	Verð: 115.900.-

Gjáhella 17 - 221 Hfj.
S: 888 9980
www.hbb.is
HBB

VÉLABÁSINN

Ein mest selda dráttarvél landsins – Prufuakstur á Claas Arion 470

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Claas Arion 470 sem Vélfang selur er millistór traktor á íslenskan mælikvarða. Sambærilegar vélar hvað varðar stærð eru Massey Ferguson 5700S, Valtra N og New Holland T6 þó erfitt sé að gera beinan samanburð.

155 hestöfl ásamt aflúrtaki að framan og aftan ætti að duga þessari vél í flest verk. Ámoksturstæki auka notagildi og fjaðrandi framhásing gerir akstur þægilegan.

Þegar horft er á vélina utan frá sést strax að metnaður hefur verið settur í að láta vélina líta smekklega út. Eitt helsta einkenni vélarinnar er ljósgræni liturinn og rauðu felgurnar sem hafa verið einkennislitir Claas landbúnaðartækja í áratugi. Annað sterkt einkenni eru sex hringlaga ljós fremst á húddinu. Þrátt fyrir að ljósin minni helst á augun á könguló þá er útfærslan á þeim vel heppnuð.

Að öðru leyti er Claas Arion eins og hver önnur dráttarvél: Með stór dekk að aftan, aðeins minni dekk að framan og ökumannshúsi aftast. Uppskrift sem er praktísk, enda er þetta vinnuvél.

Ökumannshús

Þegar klifrað er upp í ökumannshúsið heldur jákvæð upplifunin áfram. Sætið er stillanlegt á fjölmarga vegu og fjaðrar bæði upp og niður; og fram og til baka.

Flest sem ökumaðurinn snertir með höndunum er vel formað og úr góðum efnum. Stýrið er leðurklætt eins og í betri bifreiðum.

Fjölnota stýripinni og sjálfvirkur gírkassi

Næstum allri vinnu vélarinnar er stjórnað með stýripinna sem er þægilega staðsettur fremst á armpúðanum hægra megin. Ámoksturstækin eru það helsta sem er stjórnað með pinnanum, en með fjórum forritanlegum hnöppum er hægt að láta pinnann stjórna hverjum þeim aukahlut sem stýrt er með vökvaþrýstingi.

Auðvelt er að forrita hnappana eftir þörfum hverju sinni og getur sami takkinn stýrt þriðja sviðinu á ámoksturstækjunum eða verið til að hífa og slaka sláttuvél. Þessi pinni auðveldar verk sem krefjast mikillar endurtekningar og þarf notandinn ekki að teygja sig endurtekið í stjórnborðið við hliðina á sætinu.

Akstursupplifun vélarinnar minnir um margt á akstur sjálfskipts bíls, þökk sé Quadrishift 16/16 gírkassa. Í gólfinu er kúpling en hún er ekkert notuð við almenna vinnu þar sem nóg er að ýta á bremsuna til að stöðva vélina. Akstursstefnan er valin með vendigír sem er ýmist stjórnað með lítilli sveif vinstra megin við stýrið eða einfaldri skipun í stýripinnanum.

Annaðhvort er hægt að láta vélina skipta sjálf á milli gíra eða ökumaðurinn velur sjálfur milli þrepa með hnappi á pinnanum góða.

Hljóðlát og fjaðrar vel

Eitt af því sem ekki er til staðar í ökumannshúsinu er hávaði. Greinilegt er að hljóðeinangrunin er vönduð, því hávaðinn sem berst inn er engu meiri en í venjulegum fólksbíl. Peltor heyrnartólin er því hægt að skilja eftir heima.

